


skoðun 18




2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Hollur matur


HAGKAUPS FJÓRBLÖÐUNGUR
fylgir með fréttablaðinu í dag!






# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
3. febrúar 2011
28. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




## Ný kynslóð Stuðmanna

*Stuðmannabarnið Bryndís Jakobs ól son í Danmörku.*

fólk 50

## Til hvers er barist?

*Víkingur Heiðar Ólafsson hamrar á borgaryfirvöldum.*

skoðun 22



## Þrír í röð hjá Liverpool

*Luis Suarez skoraði í sínum fyrsta leik og Liverpool vann 2-0 sigur á Stoke.*

sport 46

## veðrið í dag




**HVASST Í DAG** Búast má við 10-18 m/s fram eftir degi, einkum S- og V-til. Snjókoma vestantil en austanlands verður skýjað með köflum og úrkomulítið.

VEÐUR 4

# Samningaleiðin skynsamleg

**Formaður Sjálfstæðisflokksins segir skynsamlegra að samþykkja samkomulag um Icesave en leita til dómstóla. Þingmenn flokksins sem gagnrýnt hafa samkomulagið eru tregir til að gefa upp afstöðu sína.**

**STJÓRNMÁL** Formaður Sjálfstæðisflokksins og fulltrúar flokksins í fjárlaganefnd vilja lögfesta samkomulag við Breta og Hollendinga í Icesave-deilunni. Ekki virðast allir þingmenn flokksins sannfærðir um að það sé rétta leiðin.

„Mín niðurstaða er sú að það sé skynsamlegra að ganga frá málinu en láta reyna á þann rétt [að fara með málið fyrir dómstóla],“ sagði Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, í umræðum á Alþingi í gær.

„Það er himinn og haf á milli þeirrar niðurstöðu sem við erum hér að ræða um og þeirrar sem stjórnarmeirihlutinn vildi lögleiða í lok árs 2009,“ sagði Bjarni. Hann sagði málið snúast um kalt hagsmunamat. Hvort betra sé að samþykkja samkomulagið eða leita til dómstóla. Vart komi til greina að reyna að ná enn betri samningi.

Bjarni sagði dómstólaleiðina áhættusama, færustu lögfræðingar séu ekki sammála um hvernig því kynni að ljúka. Þeir sem tali fyrir þeirri prinsippafstöðu að hafna kröfum Breta og Hollendinga séu gjarnan óviljugir til að ræða áhættuna sem í því felist.

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem hafa verið gagnrýnir á Icesave-samkomulagið voru tregir til að gefa upp afstöðu sína í gær.

„Að svo stöddu ætla ég ekki að tjá mig um niðurstöðu minna félaga í fjárlaganefnd um Icesave-málið. Mín afstaða til málsins mun koma fram við lokaatkvæðagreiðslu þess,“ sagði Sigurður Kári Kristjánsson.

### Fordæma afstöðu

Samband ungra sjálfstæðismanna og Heimdallur, félag ungra Sjálfstæðismanna í Reykjavík, lýsa þungum áhyggjum af þeirri afstöðu formanns flokksins að samþykkja Icesave-samkomulagið.

Samþykki formaður og þingmenn flokksins að greiða kröfur Breta og Hollendinga ætti að halda landsfund sem fyrst til að „kanna umboð formannsins“ segir í yfirlýsingu stjórnar Heimdallar.

Pétur H. Blöndal sagði samninginn sem nú lægi fyrir allt annars eðlis en þann samning sem áður hafði verið borinn undir þjóðina. Því fylgi áhætta hvort sem hann verði samþykktur eða honum hafnað. Hann vildi ekki gefa upp afstöðu sína til samningsins.

Unnur Brá Konráðsdóttir sagði ljóst að Íslendingum bæri ekki lagaleg skylda til að borga, en í þessu máli eins og öðru verði að vega og meta hagsmuni. Hún gaf ekki upp afstöðu sína til þess hvort samþykkja eigi Icesave-samninginn.

Fulltrúi Framsóknarflokksins í fjárlaganefnd vill setja fyrirvara við samninginn og lagði fram breytingatillögu á Alþingi í gær.

\- bj / sjá síðu 8



**LESIÐ SPJALDANNA Á MILLI** Daníel Þór Ingvarsson notar pappaspjald sem hann hannaði við lestur. Bróðir hans, Ragnar Freyr, hefur líka notað spjaldið og móðir hans, Vilborg Aldís Ragnarsdóttir, hefur aðstoðað við framleiðslu spjaldanna. FRÉTTABLAÐIÐ VALLI

Unglingur í Valhúsaskóla finnur leið til að vinna bug á lestrarörðugleikum:

# Spjöldin hjálpa til við lestur

**FÓLK** Daníel Þór Ingvarsson, 15 ára, notar pappaspjöld til þess að ná betri árangri í lestri. Daníel hannaði sjálfur spjöldin og segir þau afar gagnleg við lærdóminn.

Daníel, sem er nemi í Valhúsaskóla, hefur átt við lestrarörðugleika að stríða. Fyrir ári notaði hann reglustiku til þess að hjálpa sér við lestur og upp úr því spratt hugmyndin að spjöldunum. „Þetta hjálpaði honum mikið en spjöldin eru renningar með eins konar eyru sem eru fest við síðuna. Þannig undirstrikar spjaldið hverja línu í textanum,“ segir Vilborg Aldís Ragnarsdóttir, móðir Daníels.

Daníel og Vilborg fengu Odda til að skera út spjöld í tveimur stærðum. Þau ákváðu í framhaldinu að gera þarfagreiningu í Mýrarhúsa- og Valhúsaskóla. Það heppnaðist vel og í kjölfarið gáfu þau skólunum 70 spjöld. „Spjöldin voru fyrst um sinn notuð við sérkennslu og á bókasafninu. Nú eru nokkrir kennarar farnir að nota þau við kennslu,“ segir Vilborg.

Mæðginin ætla að halda áfram hönnun spjaldanna og jafnvel skipta um efnivið í þeim. Þau segja spjöldin geta hentað öllum sem eiga við lestrarörðugleika að stríða, jafnt ungum sem öldnum. - hms



**VERÐLAUNAHAFARNIR** Gerður Kristný og Helgi Hallgrímsson tóku við verðlaununum á Bessastöðum í gær.

Íslensku bókmenntaverðlaunin:

# Gerður og Helgi hrepptu hnossið

**MENNING** Blóðhófnir eftir Gerði Kristnýju og Sveppabókin eftir Helga Hallgrímsson hlutu Íslensku bókmenntaverðlaunin sem afhent voru á Bessastöðum í 22. sinn í gær.

Blóðhófnir hlaut verðlaunin í flokki fagurbókmennta. „Þetta er fyrst og fremst ánægjulegt fyrir ljóðið,“ segir Gerður Kristný.

Sveppabókin hlaut verðlaunin í flokki fræðirita. Helgi segir þau vera ánægjulegan lokapunkt á verki sem hefur verið áratugi í vinnslu. Hann vonar að verðlaunin verði til þess að hleypa auknu lífi í ritun bóka um náttúrufræði hér á landi.

\- bs / sjá síðu 34








LYFJA
– Lifið heil

Hjá okkur er opið alla daga
langt fram á kvöld

kl. 7-1 í Lágmúla kl. 8-24 á Smáratorgi

www.lyfja.is



## SPURNING DAGSINS



*Guðmundur, er þetta ekki bara hálfviti?*

„Vitinn sjálfur er enginn hálfviti, þótt hann sé ekki stór, og það eru margir með fullu viti að tjá sig um hann.“

Styr stendur um gamlan vita í Hafnarfirði, en áhugi vegfarenda á honum veldur nágranna óþægindum. Guðmundur Rúnar Árnason er bæjarstjóri í Hafnarfirði.

Geir H. Haarde telst ekki aðili að dómsmáli sem reis út af kröfu saksóknara Alþingis um aðgang að gögnum:

# Geir fær ekki að krefjast frávísunar í héraðsdómi

**DÓMSMÁL** Geir H. Haarde fær ekki að krefjast þess fyrir héraðsdómi að mál Alþingis á hendur honum vegna bankahrunsins verði fellt niður. Símon Sigvaldason héraðsdómari úrskurðaði um þetta í gær.

Sigríður Friðjónsdóttir, saksóknari Alþingis, hefur krafist þess að fá afhentar frá Þjóðskjalasafni ríflega 60 skýrslur sem rannsóknarnefnd Alþingis tók af fólki við vinnu sína. Safnið hafnaði því og skaut Sigríður málinu til héraðsdóms.

Geir fór fram á það, sem ákærður í málinu, að áður en héraðsdómur tæki afstöðu til kröfu Sigríðar skyldi dómurinn taka afstöðu til frávísunarkröfu hans, sem hann byggir á þeim rökum að saksóknari í málinu hafi verið skipaður of seint. Geir mat það svo að svara þyrfti þeirri spurningu þegar í stað svo hann gæti þá verið viðstaddur öll dómþing í tengslum við málið ef frávísunarkröfunni yrði hafnað. Þessu mótmælti Sigríður.

Niðurstaða dómara er sú að krafa Sigríðar um haldlagningu gagnanna frá Þjóðskjalasafni sé rannsóknaraðgerð og sakborningar eigi alla jafnan ekki aðild að slíkum málum. Ákæra hafi ekki enn verið gefin út og á þessu stigi geti Geir því ekki komið að kröfum í málinu.

Andri Árnason, verjandi Geirs, tók sér frest til að ákveða hvort hann myndi kæra úrskurðinn til landsdóms, en dómari tekur hins vegar fram að ekki sé augljóst hvort niðurstaðan sé yfirhöfuð kæranleg. Ef Andri ákveður samt að kæra yrði það landsdóms að skera úr um það. **- sh**



**GEIR H. HAARDE** Geir vildi annað hvort að máli hans yrði strax vísað frá eða þá að hann fengi að fylgjast með málinu um gagnabeiðnina. Honum verður ekki að ósk sinni.

Bæjarstjórar standa saman:

## Vilja sátt um sjávarauðlindina

**SJÁVARÚTVEGUR** Sautján stjórnendur bæjar- og sveitarfélaga lýsa yfir stuðningi við niðurstöðu starfshóps um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða.

Þeir hvetja stjórnvöld til þess í yfirlýsingu, sem lesa má í heild á Vísi, að nýta það tækifæri til sátta sem felst í niðurstöðu starfshópsins og grundvallast á aflamarkshlutdeild á forsendum samningaleiðar.

Samningaleiðin byggir á því að í stjórnarskrá verði sett ótvírætt ákvæði um eignarhald ríkisins á fiskveiðiauðlindinni, að samið verði um nýtingu aflahlutdeildar í tiltekinn tíma og að greitt verði fyrir nýtingarrétt. **- jab**

Sölu lokið á Hekluumboðinu:

## Eigendaskipti í næstu viku

**VIÐSKIPTI Arion banki hefur selt Friðberti Friðbertssyni og Franz Jezorski bílaumboðið Heklu.**

**Bílaumboðið var stofnað árið 1933 og var í eigu sömu fjölskyldu allt til ársins 2002. Kaupþing tók reksturinn yfir í kjölfar snarps samdráttar í bílasölu fyrir tveimur árum og auglýsti til sölu í september í fyrra.**

**Í tilkynningu frá Arion banka kemur fram að seint í desember í fyrra hafi bankinn ákveðið í samstarfi við Volkswagen í Þýskalandi að ganga til viðræðna við þá Friðbert og Franz. Gert er ráð fyrir að þeir taki við rekstrinum á miðvikudag í næstu viku.** **- jab**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Tveir slasaðir á sjúkrahús

Ökumenn tveggja bíla voru fluttir á sjúkrahús eftir harðan árekstur á Vesturlandsvegi við Blikdalsá um klukkan hálf sjö í gærkvöldi. Umferðarslysið er rakið til hálku á veginum, samkvæmt upplýsingum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.



**KOSTNAÐUR** Nýi grunnskólinn á Stokkseyri leysir ekki þann gamla af hólmi að öllu leyti, þar sem kennsla í matreiðslu og skólavistun fer enn fram í gamla skólanum. MYND/SUNNLENSKA FRÉTTABLAÐIÐ

# Grunnskólabygging langt fram úr áætlun

**Ný grunnskólabygging á Stokkseyri kostar ekki undir 800 milljónum króna. Upphafleg kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 477 milljónir og verkið er komið nærri 70 prósent fram úr þeirri áætlun. Um 100 nemendur eru í grunnskólanum.**

**ÁRBORG** Kostnaður við nýja byggingu fyrir grunnskólann á Stokkseyri er nú kominn í um 806 milljónir króna og hefur ekki allur kostnaður verið talinn. Upphafleg kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 477 milljónir króna.

Nýja grunnskólabyggingin var boðin út árið 2008. Byggingin er nær tilbúin og hefur þegar verið tekin í notkun, segir Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Árborgar. Skólinn þjónar um 100 nemendum í 1. til 6. bekk sameinaðs grunnskóla Stokkseyrar og Eyrarbakka, en í skólunum eru samtals um 160 nemendur.

Verkið er nú þegar komið um 69 prósent fram úr upphaflegri kostnaðaráætlun, sem hljóðaði upp á 477 milljónir, eins og bent hefur verið á í ítarlegri umfjöllun Sunnlenska fréttablaðsins um málið.

Þegar framúrkeyrslan er metin verður þó að taka tillit til þess að samið var um að greiðslur tækju mið af vísitölubreytingum, eins og algengt er með slíkar framkvæmdir.

**806** milljónir króna er kostnaðurinn við nýjan grunnskóla á Stokkseyri.

Við kostnaðaráætlunina hafa því bæst ríflega 108 milljónir króna í verðbætur og má segja að kostnaðaráætlun með verðbótum hljóði upp á 585 milljónir króna. Kostnaðurinn er kominn í 806 milljónir, sem er 38 prósentum yfir þessari uppreiknuðu kostnaðaráætlun.

Ásta segir að ýmsar skýringar séu á auknum kostnaði við bygginguna. Til dæmis hafi verktakinn sem reisti skólann farið í þrot og því hafi þurft að semja við annan verktaka um að ljúka vinnunni. Það hafi hækkað kostnaðinn talsvert, jafnvel þó að um 47 milljónir króna hafi fengist frá tryggingarfélagi verktakans sem hóf verkið.

Þrátt fyrir að byggingin hafi verið tekin í notkun hefur gamla skólabyggingin á Stokkseyri ekki verið tekin úr notkun. Þar er enn kennd heimilisfræði, auk þess sem skólavistun er þar til húsa.

Því til viðbótar fer smíðakennsla enn fram í öðru húsnæði og ekki stendur til að flytja hana í nýja húsnæðið eins og upphaflega var áformað, segir Ásta.

Endanlegur kostnaður við skólabygginguna er ekki kominn í ljós. Ásta segir að ljúka verði ákveðnum þáttum verksins þegar kennsla sé ekki í skólanum, annað hvort um páskana eða í sumar. Þegar því sé lokið verði hægt að reikna heildarkostnaðinn.

Verði kostnaður við skólabygginguna nærri 800 milljónum er það um fjórðungur af kostnaðinum við Hof, nýtt menningarhús Akureyringa. **brjann@frettabladid.is**

NASA finnur 1.000 plánetur:

## Auknar líkur á lífi utan Jarðar

**VÍSINDI, AP Vísindamenn Bandarísku geimvísindastofnunarinnar (NASA) hafa fundið yfir 1.000 plánetur utan okkar sólkerfis.**

**Stór hluti þeirra er meðalstórar og litlar plánetur, en talið er líklegra að líf þrífist á litlum plánetum en þeim risavöxnu plánetum sem fundist hafa hingað til.**

**Þessi mikli fjöldi bendir til þess að litlar plánetur séu fleiri en áður var talið, sem og sólkerfi með mörgum plánetum. Það þykir auka líkurnar á því að líf sé að finna utan jarðarinnar.** **- bj**



**FASTIR** Ökumenn hundraða bíla sátu fastir á þjóðvegum og biðu þess að snjónum yrði rutt í burtu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stórhríð lamar stórborgir:

## Hálfur metri féll í Chicago

**BANDARÍKIN, AP** Samgöngur eru meira og minna lamaðar víða í norðausturhluta Bandaríkjanna eftir að einhver versta stórhríð í manna minnum gekk yfir. Snjódýptin náði hálfum metra í Chicago og víðar.

Flugsamgöngur trufluðust víða á austurströndinni vegna fannfergis. Aflýsa þurfti á sjötta þúsund flugferða. Þá voru um 300 þúsund heimili og fyrirtæki án rafmagns eftir að rafmagnslínur gáfu sig undan snjóþunga.

Hundruð ökumanna sátu föst á þjóðvegunum og þurftu að gista í bílum sínum og skólar voru lokaðir vegna veðurs. **- bj**




Ólíklegt að látið verði reyna á hvort ákvörðun Hæstaréttar sé kæranleg:

# Una líklega niðurstöðu Hæstaréttar

**STJÓRNSÝSLA** Litlar líkur eru á að látið verði reyna á hvort ákvörðun Hæstaréttar um ógildingu kosningarinnar til stjórnlagaþings sé kæranleg til dómstóla.

Um það var meðal annars rætt meðal 25-menninganna sem kjörnir voru til setu á stjórnlagaþing.

Líkt og fram hefur komið var úrskurður réttarins ákvörðun en ekki hefðbundinn dómur. Í því ljósi eru þau sjónarmið til að rétturinn hafi verið stjórnvald en ekki dómsvald og þar af leiðandi sé hægt að vísa ákvörðun hans til meðferðar dómstóla. Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður hefur til dæmis viðrað slík sjónarmið.

Róbert Spanó, forseti lagadeildar Háskóla Íslands, er meðal þeirra sem telja þá leið ófæra. Að teknu tilliti til raka hans og annarra hafa viðmælendur Fréttablaðsins úr röðum 25-menninganna sagt nánast engar líkur á að nokkuð verði aðhafst í þessa veru.

Enn er óvíst hvort Alþingi, eða eftir atvikum ríkisstjórnin, mun bæta þeim er kjörnir voru til stjórnlagaþings tjón eða óhagræði sem þeir kunna að hafa orðið fyrir vegna ógildingar kjörbréfa þeirra.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**SKRAFAÐ** Frá fundi stjórnlagaþingmanna í desember.

Forystumenn stjórnmálaflokkanna hafa ákveðið að setja á fót starfshóp til að greina þá leið sem upp er komin og leggja mat á hvernig ljúka beri því verkefni að endurskoða stjórnarskrána. Þingflokkar voru í gær beðnir bréflega um að tilnefna fulltrúa í hópinn og taka við það verkefni tillit til jafnréttislaga. **- bþs**


Kringlan
ÚTSALA
Lokahelgin
Götumarkaður
og ótrúlegt verð!
Mán - mið 10-18:30, fim 10-21, fös 10-19, lau 10-18, sun 13-18 | Sími 517 9000

**GENGIÐ 02.02.2011**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,50 | 115,04 |
| Sterlingspund | 185,78 | 186,68 |
| Evra | 158,38 | 159,26 |
| Dönsk króna | 21,243 | 21,367 |
| Norsk króna | 20,019 | 20,137 |
| Sænsk króna | 17,853 | 17,957 |
| Japanskt jen | 1,4053 | 1,4135 |
| SDR | 180,12 | 181,20 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

213,986

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skipulagsstjóri tekur undir sjónarmið foreldra sem óttast um öryggi barna sinna:

# Orkuveitan fer úr Austurbæjarskóla

**SKIPULAGSMÁL** Stjórn Orkuveitunnar ætlar að selja aflagða spennistöð við Austurbæjarskóla og finna nýjan geymslustað, en þar hafa verið geymdir varahlutir.

Foreldrar barna í Austurbæjarskóla hafa kvartað undan þungaflutningum til og frá gömlu spennistöðinni sem er áföst skólanum að sunnanverðu. Foreldrarnir hafa lagt til að húsnæðið verði nýtt sem félagsmiðstöð.

Ólöf Örvarsdóttir skipulagsstjóri bendir á að aldrei hafi verið sótt um leyfi fyrir breyttri notkun spennistöðvarinnar. Ekki sé hægt að mæla með að samþykkt verði á skólalóðinni geymsluhúsnæði sem krefjist aksturs þungavinnutækja.

Skipulagsráð borgarinnar hefur að tillögu Ólafar beint því til Orkuveitunnar að hún finni sér nýja geymslu fyrir varahluti svo tryggja megi öryggi á skólalóðinni.

Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi Orkuveitunnar, segir að hafnir séu flutningar frá Austurbæjarskóla í bráðabirgðahúsnæði á Bæjarhálsi. Reykjavíkurborg fær forkaupsrétt að húsnæðinu. **- gar**



**GEYMSLA ORKUVEITUNNAR** Skipulagsstjóri segir Orkuveitunni að finna nýjan stað fyrir varahluti hið „snarasta“ svo öryggi nemenda í Austurbæjarskóla verði tryggt.

Lögum um dómara breytt:

# Forseti Hæstaréttar sitji í 5 ár

**ALÞINGI Allt bendir til að kjörtímabil forseta Hæstaréttar lengist úr tveimur árum í fimm.**

**Fyrir Alþingi liggur frumvarp innanríkisráðherra um tímabundna fjölgun dómara vegna mikils álags. Þar sem ekki er talið unnt að koma á millidómstigi lýsti Hæstiréttur sig í umsögn samþykkan fjölguninni. Lagði rétturinn til breytingar, meðal annars þá að forseti sitji í fimm ár. Á það féllst allsherjarnefnd sem hefur nú málið aftur til meðferðar eftir aðra umræðu. - bþs**



**Í SKJÓL** Tugir þúsunda leituðu í neyðarskýli áður en fellibylurinn gekk yfir strandbyggðir á austurströnd Ástralíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fellibylur í Ástralíu:

# Þök fuku og tré rifnuðu upp

**ÁSTRALÍA, AP** Öflugasti fellibylur sem gengið hefur yfir norðausturströnd Ástralíu í nærri heila öld olli miklum skemmdum þegar hann fór yfir strandbyggðir í gær. Engar fréttir höfðu í gær borist af manntjóni.

Þök rifnuðu af húsum, tré rifnuðu upp með rótum og rafmagnslínur slitnuðu í óveðrinu. Vindhviður fóru í allt að 83 metra á sekúndu þegar verst lét á meðan fellibylurinn, sem hlotið hefur nafnið Yasi, gekk yfir.

Fellibylurinn eykur enn á hörmungarnar hjá íbúum fylkisins Queensland sem hefur orðið afar illa úti í miklum flóðum síðustu mánuði. **- bj**

Sextugur maður fannst látinn:

# Hafði verið saknað í viku

**LÖGREGLA Karlmaðurinn sem lögregla og björgunarsveitamenn leituðu að fannst látinn í gær. Maðurinn hét Frank Dalgarno McGregor og var skoskur ríkisborgari, til heimilis í Sandgerði. Hans hafði verið saknað frá 26. janúar. Lögreglan á Suðurnesjum rannsakar málið. - jab**

# Átök milli mótmælenda og stuðningsmanna Mubaraks

**Að minnsta kosti einn lést og hundruð særðust í átökum milli mótmælenda og stuðningsmanna forseta Egyptalands í Kaíró í gær. Herinn hvetur mótmælendur til að halda heim og segir skilaboðin móttekin.**

**EGYPTALAND** Í það minnsta einn er látinn og hundruð eru sár eftir átök milli mótmælenda og stuðningsmanna Hosni Mubarak, forseta Egyptalands, í borgum landsins í gær.

Mubarak hefur lofað umbótum á stjórnarskrá en ætlar að sitja sem fastast sem forseti fram að kosningum í september. Hann ætlar ekki að bjóða sig fram í kosningunum. Þessi yfirlýsing forsetans hefur ekki slegið á öldu mótmæla sem gengið hefur yfir landið síðustu vikuna. Þúsundir mótmæltu á götum og torgum Kaíró og annarra borga landsins í gær og kröfðust tafarlausrar afsagnar Mubaraks.

Stuðningsmenn forsetans fjölmenntu einnig út á götur. Margir þeirra sögðu Mubarak eina manninn sem haldið geti stöðugleika í landinu fram að kosningum.

Mótmælendum og stuðningsmönnum forsetans laust saman í Kaíró í gær. Sjónarvottar segja hermenn ekkert hafa aðhafst þegar stuðningsmenn forsetans réðust til atlögu við mótmælendur á hestum og úlföldum.

Mótmælendur og stuðningsmenn Mubaraks börðust með steinum, bareflum, svipum og heimagerðum eldsprengjum fram eftir kvöldi í gær. Hermenn reyndu að grípa inn í þegar leið á daginn, og beittu táragasi þegar hópum laust saman. Herinn hvatti fólk til að halda heim og hætta mótmælum.

„Þið hafið komið ykkar skilaboðum áleiðis, ykkar kröfur eru kunnar,“ sagði meðal annars í yfirlýsingu frá hernum sem beint var til mótmælenda. „Þið eigið þess kost að koma á eðlilegu ástandi í Egyptalandi.“

Ríkisrekin sjónvarpsstöð í Egyptalandi sagði einn meðlim öryggissveita landsins hafa fallið í átökunum. Þá hafa hundruð manna slasast í bardögum í höfuðborginni. Sameinuðu þjóðirnar hafa sagt að í það minnsta 300 hafi látist í mótmælum í landinu síðustu níu daga.

**brjann@frettabladid.is**



**MÓTMÆLI** Stuðningsmenn Mubaraks og mótmælendur sem vilja að hann víki börðust á götum Kaíró í gær með grjóti, flöskum, bareflum og jafnvel heimagerðum eldsprengjum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Árásir á mótmælendur fordæmdar

Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, fordæmdi í gær átökin í Egyptalandi og hvatti til friðsamlegra stjórnarskipta þegar í stað. Hann sagði það ekki annarra ríkja að skipta sér af því hver stýrði landinu, það verði Egyptar að gera sjálfir.

„Ef það kemur í ljós að stjórnvöld [í Egyptalandi] hafa staðið fyrir eða látið ofbeldið viðgangast án þess að grípa inn í verður alls ekki við það unað,“ sagði David Cameron, forsætisráðherra Bretlands eftir fund með Ban Ki-moon, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna í gær.

„Árásir á friðsama mótmælendur er ekki hægt að sætta sig við og ég fordæmi þær heilshugar,“ sagði Ban eftir fundinn.


Aumir og stífir vöðvar?




Voltaren
NJÓTUM ÞESS AÐ HREYFA OKKUR

Verkjastillandi og bólgueyðandi við verkjum í mjóbaki, öxlum og vöðvum

*Fæst án lyfseðils*

Voltaren Gel® (Díklófenaktvíetýlamín 11,6 mg/g) er notað sem staðbundin útvortis meðferð við vöðva- og liðverkjum. Lyfið má ekki bera á skrámur, opin sár eða á exem, varist snertingu við augu og slímhúðir, notist eingöngu útvortis og má aldrei taka inn. Þegar lyfið er notað án ávísunar læknis skal hafa samband við lækni ef einkenni batna ekki eða versna innan viku. Á meðgöngu skal ávalt leita ráða læknis eða lyfjafræðings áður en lyfið er notað, þó skal það ekki notað á síðasta þriðjungi meðgöngu. Voltaren Gel® er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. Lítil hætta er á ofskömmtun vegna útvortis notkunar lyfsins. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.


## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**KÓLNAR** Í dag verður fremur hvasst á landinu þó dragi úr mesta vindinum strax með morgninum. Næstu daga kólnar heldur og á laugardaginn eru horfur á nokkuð miklu frosti, einkum inn til landsins. Vind lægir með kuldanum og vonandi verður nokkuð bjart líka!




**Á MORGUN**
5-13 m/s
Hvassast NA-til.

**LAUGARDAGUR**
Hæg vestlæg eða breytileg átt

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 15° |
| Basel | 10° |
| Berlín | 2° |
| Billund | 5° |
| Frankfurt | 2° |
| Friedrichshafen | 6° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Las Palmas | 18° |
| London | 8° |
| Mallorca | 13° |
| New York | -2° |
| Orlando | 20° |
| Ósló | 2° |
| París | 8° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 1° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

# Allt fyrir bílskúrinn á góðu verði

Gerið verðsamanburð á öllum vörum,
EKKI BARA TILBOÐUM!

MARC-LEO3
Leo hillueining 90x40x165cm. 4 hillur
**5.795**

MARC-Errex1
Errex hillueining.
100x40x185cm. 5 hillur
**14.495**

MARC-LEO1
Leo hillueining.
75x30x135cm.
4 hillur
**4.395**

RAN-15574
Topplyklasett 1/4" 33stk
**4.300**

JJT-6004
Verkfærasett 33 hlutir
**1.495**

TIA-JM-3340
Bílaþvottakústur
**1.795**

MARC-LEO5
Leo hillueining 100x30x185cm. 5 hillur
**5.995**

HAGMANS-39292
Gólfmálning 4 kg
**9.195**

COL-25004
Veggjamálning 4 L
**3.795**

COL-73003
Gólflakk 3 L
**3.795**

COL-06100
Hágæða sænsk veggmálning, 10L
**4.590**

NOR-341
Bílskúrsfl. úti og inni 30x30 cm
**1.290** pr. m²

ZHE-HKV-100GS-30
Ryksuga 30lítra
1000W
**25.900**

MJO-UL 40002305
Tjöruhreinsir 5L
**2.495**

MEIJ-2029
Verkfærakista
á hjólum 24"
**4.990**

NEW-JF-3054-D
Verkfærakista
með hjólum 20,5"
**1.998**

HAAS-6205
Skolvaskur
**9.900**

SHA-0207
Vinnuljóskastari 500W
tvöfaldur á fæti
**5.995**

SHA--SHI-218T
Vinnuljós m. tenglum
**7.900**

TES-339601
Snjóskófla
**990**

MEI-4533660
Stígvél
**1.395**

TRUP-19790
Verkfærakista 16"
**1.495**

SHA-2625
Vinnuljóskastari Rone
28W m. innst. blár
**5.995**

SHA-0203
Vinnuljóskastari 500W
m handf 1,8m snúra
**2.195**

SHA-V5228 IP65
Flúor lampi
2x28w 120cm
**4.900**

TES-343001
Vinnuhanskar
**145**

FIN-11110
Loftpressa 8 bör
**22.900**

ANN-12902
Black&Decker
háþrýstidæla 110 bar
**12.900**

TRUP-21689
Loftdæla
**2.995**

TRUP-16052 Slanga 20 metrar
**1.995**

TRUP-22972
Verkfærasett
**1.795**

TRUP-22090
Handryksuga
**3.295**

GAH-802028
Slönguhengi á vegg
**995**

RYC-NSB-200C
Rafmagnshitablásari 2Kw
**1.995**

RYC-IFH01-2
Rafmagnshitablásari
2Kw 1 fasa
**6.490**

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
– Afslátt eða gott verð?

***Reykjavík** Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16*
***Reykjanesbær** Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18*
***Akureyri** Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14*
***Húsavík - Flúðir - Vestmannaeyjar***

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*

KJÖRKASSINN



*Finnst þér mikilvægt að stjórnlagaþing fari fram?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 45,7% |
| NEI | 54,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér að seðlabankastjóri eigi að svara öllum spurningum um einkavæðingu Sjóvár?*

Segðu þína skoðun á visir.is VÍSIR

Tveir vel skipulagðir og grímuklæddir menn rændu Bónusvídeó í Breiðholti vopnaðir kúbeini og sveðju:

# Sjoppuræningjar mæta næsta dag og kaupa kók

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla leitaði í gær tveggja ungra manna sem frömdu vopnað rán í Bónusvídeói í Lóuhólum í fyrrakvöld.

Mennirnir réðust inn í verslunina þremur mínútum fyrir lokun, vopnaðir kúbeini og sveðju og með rauða tóbaksklúta fyrir andlitinu.

Sara Guðmundsdóttir, einn eigenda Bónusvídeós, segir að ránið beri þess öll merki að hafa verið vel skipulagt. Sá mannanna sem vopnaður var kúbeini króaði fjóra viðskiptavini af og ógnaði þeim svo þeir þorðu sig hvergi að hræra á meðan sá með sveðjuna bar hana upp að andliti afgreiðslumannsins, hótaði honum öllu illu og lét greipar sópa um peningakassann og sígarettuskápinn. Að svo búnu hurfu þeir út í myrkrið. Atlagan tók um mínútu.

Sara segir þá ekki hafa komist undan með mikið fé, enda hafi afgreiðslumaðurinn fyrir tilviljun verið byrjaður að gera kassann upp og færa peninga á annan stað.

Verslunin hefur verið starfrækt í tæp þrjú ár og á þeim tíma hefur verið brotist inn í hana um tíu sinnum og þrjú vopnuð rán framin.

„Sökudólgarnir nást sjaldnast en krakkarnir sem vinna þarna þekkja þetta lið," segir Sara. „Það er bara svo rosalega erfitt að sanna eitthvað á þá þegar þeir eru með grímu fyrir andlitinu þó svo við sjáum allt mjög vel og þekkjum jafnvel fötin þeirra. Svo eru þetta bara krakkar sem mæta daginn eftir í sjoppuna eins og ekkert hafi í skorist og kaupa sér kók. Ég býst við því að þetta sé svipað mál." - sh



**BÓNUSVÍDEÓ** Mennirnir hótuðu starfsmönnum öllu illu og tóku peninga og sígarettur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Málþing í Háskóla Íslands:

## Ræða stöðu stjórnlagaþings

**MÁLÞING** Rætt verður um ákvörðun Hæstaréttar um ógildingu stjórnlagaþings á málþingi á vegum Verkfræði- og náttúruvísindasviða Háskóla Íslands í dag.

Þorkell Helgason stærðfræðingur, sem náði kjöri á stjórnlagaþing, greinir kosningarnar og kerfið sem notað var. Jóhann P. Malmquist, prófessor í tölvunarfræði og ráðgjafi landskjörstjórnar við kosningarnar, fjallar um þá ályktun Hæstaréttar að rekja hafi mátt atkvæði til kjósenda. Reynir Axelsson stærðfræðingur gagnrýnir niðurstöðuna og Eggert Briem prófessor dregur málið saman og reifar stöðuna.

Málþingið er haldið í Þjóðminjasafninu frá klukkan 12 til 14.45. - sh

EGYPTALAND

### Ráðist á Anderson Cooper

Stuðningsmenn Hosni Mubarak, forseta Egyptalands, réðust á Anderson Cooper og teymi hans hjá CNN í gær. Cooper slasaðist ekki alvarlega þrátt fyrir að hafa verið sleginn tíu sinnum í höfuðið. Jafnframt var ráðist á blaðamenn AP-fréttastofunnar og starfsbræður þeirra frá fleiri löndum.

LÖGREGLUFRÉTTIR

### Fundu fíkniefni við húsleit

Fíkniefni fundust nýverið við húsleitir í Kópavogi. Um var að ræða talsvert magn af kókaíni, amfetamíni og marijúana en fíkniefnin fundust á tveimur stöðum í bænum. Á öðrum staðnum var jafnframt lagt hald á stera. Karl og kona, sem bæði eru á þrítugsaldri, voru handtekin í þágu rannsóknarinnar. Við aðgerðina naut lögreglan á höfuðborgarsvæðinu aðstoðar sérsveitar ríkislögreglustjóra.

# Ekki hægt að gefa sér frekari lækkanir

**Stýrivextir voru í gær lækkaðir um 0,25 prósentustig. Seðlabankastjóri segir þann tímapunkt kominn að óvissa geti verið um næstu vaxtaákvarðanir. Of snemmt að segja til um ástæður 4,5 prósenta veikingar krónu frá því í desember.**

**EFNAHAGSMÁL** Lækkunarferli stýrivaxta, sem staðið hefur frá ársbyrjun kann að vera lokið, að því er fram kom á kynningarfundi vegna vaxtaákvörðunar í Seðlabanka Íslands í gær.

Kynnt var ákvörðun peningastefnunefndar Seðlabankans um að lækka vexti bankans um 0,25 prósentustig, en það er nokkuð undir væntingum greinenda sem bjuggust við 0,25 til 0,75 prósentustiga lækkun. Vextir bankans eru nú 3,25 til 5,25 prósent.

„Þar sem horfur eru á að verðbólga verði áfram við verðbólgumarkmiðið og í ljósi þess að vextir eru í sögulegu lágmarki ríkir aukin óvissa um í hvaða átt næstu vaxtabreytingar verða. Áætlanir um afnám hafta á fjármagnshreyfingar skapa einnig óvissu til skemmri tíma," segir í yfirlýsingu peningastefnunefndar.

Krónan hefur veikst um 4,5 prósent frá síðustu vaxtaákvörðun, en Már Guðmundsson seðlabankastjóri sagði of snemmt að segja til um að hve miklu leyti mætti rekja veikingu hennar til tímabundinna þátta. Vaxtaákvörðunina nú yrði hins vegar bæði að skoða í ljósi stöðu krónunnar og í því samhengi að verðbólga, sem nú mælist 1,8 prósent, sé komin niður fyrir markmið bankans. „En vextirnir eru líka komnir inn á það svæði þar sem spurning vaknar um hvar jafnvægisraunvextir eru um þessar mundir," sagði Már, en áréttaði um leið að á tímum mikils slaka í hagkerfinu væri ekki óeðlilegt að fara niður fyrir þá.



**Í SEÐLABANKANUM** Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri, Már Guðmundsson seðlabankastjóri og Þórarinn G. Pétursson aðalhagfræðingur kynntu í gær stýrivaxtaákvörðun og efnahagsspá Seðlabanka Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Vextirnir eru líka komnir inn á það svæði þar sem spurning vaknar um hvar jafnvægisraunvextir eru um þessar mundir.
>
> **MÁR GUÐMUNDSSON**
> SEÐLABANKASTJÓRI

„Nú erum við komin á þann tímapunkt að óvissa getur ríkt um í hvaða átt næstu vaxtabreytingar fara," sagði Már og kvað horft til þátta á borð við þróun gengis krónunnar miðað við núverandi vaxtastig, samband vaxta og gengis þegar hafin verður aflétting gjaldeyrishafta og hvernig vextir þurfi að þróast til að verðbólga haldist innan marka.

Fram kom á fundinum í Seðlabankanum í gær að fyrir lok þessa mánaðar eigi að vera tilbúin til kynningar áætlun um afnám gjaldeyrishafta, en hún eigi að taka mið af því að ekki verði verulegur óstöðugleiki á gengi krónunnar meðan á því ferli stendur. „Markmiðið er að gengisbreyting sé um það bil samhverf, þannig að það verði nánast jafnmiklar líkur á að gengið styrkist við það að afnema höftin, eins og að það veikist," sagði Arnór Sighvatsson, aðstoðarseðlabankastjóri.

olikr@frettabladid.is


**Sanngirnisbætur**
**Innköllun**

Í samræmi við ákvæði laga nr. 47/2010 um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007 og tóku gildi hinn 28. maí 2010, hefur sýslumanninum á Siglufirði verið falið að gefa út innköllun, fara yfir kröfur og gera þeim sem eiga rétt á bótum skrifleg sáttaboð. Skal sýslumaður eftir því sem kostur er fjalla samtímis um allar kröfur er lúta að sama heimilinu.

Á grundvelli þessa er nú kallað eftir kröfum frá þeim sem dvöldu á:

**Vistheimilinu Kumbaravogi**
**Heyrnleysingjaskólanum**

Hér með er skorað á alla þá sem dvöldu á vistheimilinu Kumbaravogi einhvern tíma á árabilinu 1965-1984 eða í Heyrnleysingjaskólanum einhvern tíma á árabilinu 1947-1992 og urðu þar fyrir illri meðferð eða ofbeldi sem olli varanlegum skaða, að lýsa kröfu um skaðabætur fyrir undirritaði fyrir 20. maí 2011. Kröfu má lýsa á eyðublaði sem er að finna á vefnum www.sanngirnisbætur.is og hjá tengiliði vegna vistheimila.

Allar kröfur skulu sendar sýslumanninum á Siglufirði, Gránugötu 4-6, 580 Siglufirði.

**Verði kröfu ekki lýst fyrir 20. maí 2011 fellur hún niður.**

Bent er á að unnt er að leita aðstoðar tengiliðar vegna vistheimila við framsetningu og skil á bótakröfu. Aðstoð tengiliðar er að kostnaðarlausu. Skrifstofa tengiliðar er að Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík. Sími tengiliðar er 545 9045.

Siglufirði 3. febrúar 2011
Ásdís Ármannsdóttir sýslumaður



Auglýsingasími
512 50 50



Allt sem þú þarft...


Iðnskólinn leysir úr vanda nemenda í útstillingum með samningi við Ikea:

# Nemendur fá að ljúka námi

**MENNTAMÁL** Náðst hefur samkomulag um að hópur nemenda við Iðnskólann í Hafnarfirði fái að ljúka námi í útstillingum með samvinnu við verslunina Ikea.

Ákveðið var skömmu fyrir jól að leggja námsbrautina niður án fyrirvara, eins og fjallað hefur verið um í Fréttablaðinu. Fimm nemendur voru langt komnir í náminu og höfðu ætlað að útskrifast í vor.

Nú hefur náðst samkomulag um að nemendurnir ljúki sínu námi undir handleiðslu sérfræðinga Ikea í útstillingum, að því er fram kemur í tilkynningu frá Ikea.

Nemendanna bíða nú fjölbreytt verkefni þar sem til stendur að þeir taki fullan þátt í að gera miklar breytingar á skipulagi verslunar Ikea á vormánuðum.

Í tilkynningu frá Ikea er haft eftir Þórarni Ævarssyni, forstjóra verslunarinnar, að nokkrir starfsmenn útstillingadeildar fyrirtækisins hafi lokið námi í útstillingum frá Iðnskólanum í Hafnarfirði. Hjá Ikea sé bæði þekking og reynsla, en auk þess mikið af kennsluefni sem hafi nýst starfsfólki. Nú muni það einnig nýtast nemendunum fimm. - bj



**LÆRA** Nemendur munu ljúka námi í útstillingum með samvinnu við verslunina Ikea. MYND/IKEA

# ÚTSALA




# 50%

## VIÐBÓTARAFSLÁTTUR

## af öllum útsöluvörum!

| UPPHAFLEGT VERÐ | ÚTSÖLU VERÐ | 50% VIÐBÓTAR AFSLÁTTUR |
|---|---|---|
| ~~799-999~~ kr. | ~~500~~ kr. | 250 kr. |
| ~~1299-1699~~ kr. | ~~1000~~ kr. | 500 kr. |
| ~~1999-2499~~ kr. | ~~1500~~ kr. | 750 kr. |
| ~~2999-3999~~ kr. | ~~2000~~ kr. | 1000 kr. |
| ~~4499-6999~~ kr. | ~~3000~~ kr. | 1500 kr. |

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



1 *Hverjir eru umsvifamestu útflytjendur á jarðgasi í heiminum?*

2 *Hver er forstjóri Nasdaq-OMX á Íslandi?*

3 *Hvers lenskt er fyrirtækið Mind-Games?*

**SVÖR**

1. Rússar 2. Þórður Friðjónsson 3. íslenskt

Frumúrvinnsla gagna Hafró staðfestir mikla sýkingu í íslensku sumargotssíldinni:

# Síldin í Breiðafirði mjög sýkt

**HAFRANNSÓKNIR** Frumniðurstöður úr rannsóknarleiðangri Hafrannsóknastofnunar í janúar staðfesta fyrri mælingar um mikla sýkingu í íslensku sumargotssíldinni í Breiðafirði.

Rannsóknaskipið Dröfn RE var við síldarrannsóknir í fimm daga við að kanna útbreiðslu stofnsins, magnmæla hann og síðast en ekki síst að meta og fylgjast með þróun sýkingarinnar sem herjað hefur á síldina frá árinu 2008 og valdið miklum afföllum bæði í ungsíld sem og veiðistofninum.

Alls voru tekin sjö sýni í leiðangrinum, tvö úr torfu í Grundarfirði, fjögur úr torfu í Kolgrafarfirði og eitt úr dreifðri síld í Grundarfirði. Hlutfall sýktra sílda var nánast það sama í torfunum tveimur í Kolgrafafirði og Grundarfirði, eða 43-45 prósent. Hins vegar var mun meiri sýking í sýni sem tekið var úr dreifðri síld í Grundarfirði, en þar voru 53 prósent sýkt.



**VESTMANNAEYJAHÖFN Í JANÚAR 2009** Höfnin fylltist af sýktri og deyjandi síld sem var hirt upp af sjófugli.

Í sýnum sem tekin voru úr afla veiðiskipa á vertíðinni haustið 2010 sést að hlutfall sýktra sílda nú er óbreytt.

Þessar rannsóknir nú staðfesta því fyrri mælingar um mikla sýkingu í stofninum. Fyrirhugað er að Dröfnin fari að nýju til sambærilegra rannsókna í lok þessa mánaðar. **- shá**

Marel snýr frá tapi í hagnað:

# Segja síðasta ár hafa verið gott

**VIÐSKIPTI** Marel hagnaðist um 13,6 milljónir evra, jafnvirði 2,2 milljarða króna á síðasta ári. Fyrirtækið tapaði 11,8 milljónum evra árið 2009. Það af nam hagnaðurinn 5,5 milljónum evra í fyrra samanborið við 23 milljóna evra tap árið fyrr. Tekjur í fyrra námu um 600 milljónum evra. Þar af námu tekjur af kjarnastarfsemi 582,1 milljón evra og jukust um 34 prósent frá fyrra ári.

Í uppgjöri Marels segir að síðasta ár hafi verið mjög gott. **- jab**

# Fulltrúar Sjálfstæðisflokks vilja samþykkja Icesave

**Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í fjárlaganefnd telja það þjóna best hagsmunum þjóðarinnar að samþykkja Icesave-frumvarpið. Fulltrúi Framsóknar gerir breytingartillögu. Annarri umræðu lýkur væntanlega í dag.**

**ALÞINGI** Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í fjárlaganefnd styðja Icesave-frumvarpið og gera tillögu um að Alþingi samþykki það í nefndaráliti sem lagt var fram í gær. Annarri umræðu um Icesave-frumvarpið, sem hófst á Alþingi gær á að ljúka í dag.

„Það er út af fyrir sig markmið að ná að ljúka málum við nágranna- og vinaþjóðir í sátt en ekki fyrir dómstólum," segir í áliti þeirra Kristjáns Þórs Júlíussonar, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur og Ásbjörns Óttarssonar, sem sitja í fjárlaganefnd fyrir Sjálfstæðisflokkinn.

„Núverandi samningsdrög bera þess merki að nú deila ríkin með sér kostnaðinum ólíkt því sem var samkvæmt fyrri samningum. Því fela samningsdrögin í sér miklum mun minni kostnað fyrir Ísland en fyrri samningar og ekki eru væntingar um að ná megi betri samningum."

Í sérstakri yfirlýsingu segja þremenningarnir að ljóst sé að bæði samningaleið og dómstólaleið í Icesave-málinu feli í sér áhættu: „Það er mat fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í fjárlaganefnd, að þó að áhættan á því að við töpum dómsmálum sé til staðar, sé hún ekki veruleg. Í því sambandi verður þó að hafa í huga að skuldbindingar okkar gætu margfaldast, tapaðist málið, þegar borið er saman við fyrirliggjandi samninga."



**ALÞINGI** Önnur umræða um Icesave-frumvarpið hófst á Alþingi í gær. Fjárlaganefndarmenn Sjálfstæðisflokksins lýsa stuðningi við frumvarp ríkisstjórnarinnar. Fulltrúi Hreyfingarinnar er andvígur en Framsókn leggur til breytingar á frumvarpinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Að öllu samanlögðu sé það mat þeirra að það þjóni hagsmunum þjóðarinnar best að ljúka Icesave-málinu á grundvelli þeirra samningsdraga sem nú liggja fyrir.

Í sérstöku nefndaráliti Höskuldar Þórhallssonar, fulltrúa Framsóknarflokksins í fjárlaganefnd, segir að fyrirliggjandi samningur sé um margt sanngjarn fyrir utan það veigamikla atriði að efnahagsleg áhætta hvíli öll á herðum Íslendinga. Einnig sé ósvarað þeirri grundvallarspurningu hvort Íslendingum beri nokkur skylda til að taka á sig skuldir einkafyrirtækis. Höskuldur segist vilja halda þeim fyrirvara til streitu og gerir breytingartillögu við frumvarp ríkisstjórnarinnar þess efnis að „fáist síðar úr því skorið fyrir þar til bærum úrlausnaraðila að ríkisábyrgð gildi ekki, þá ber Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta ekki að greiða hærri fjárhæð en til var í sjóðnum við upphaf bankahrunsins."
**peturg@frettabladid.is**

> Það er út af fyrir sig markmið að ná að ljúka málum við nágranna- og vinaþjóðir í sátt en ekki fyrir dómstólum.
>
> ÚR ÁLITI ÞINGMANNA SJÁLFSTÆÐISMANNA Í FJÁRLAGANEFND.



**ÓSLÓ** Samgönguyfirvöld í Noregi stefna að því að draga úr bílaumferð í borgum landsins.

Umferðarmál í Noregi:

# Þrengir að bílstjórum í Ósló

**NOREGUR Samgönguyfirvöld í Noregi ætla að draga úr bílanotkun í Ósló og öðrum helstu borgum og bæjum landsins. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu um samgöngumál.**

**Meðal þess sem mælt er með í skýrslunni eru hærri gjöld í bílastæði, vegatollar inn í miðborgirnar á annatíma og átak þar sem borgarar eru hvattir til að breyta um lífsstíl með því að hjóla eða ganga meira.**

**Samgönguráðherra landsins segir að aðgerða sé þörf. „Þær munu hafa í för með sér frekari takmarkanir fyrir bifreiðaeigendur."** **- þj**

Niðurskurður skerðir listalífið:

# Stjórn LHÍ lýsir áhyggjum af niðurskurði

**SKÓLAMÁL** Stjórn Listaháskóla Íslands, LHÍ, lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðu tónlistarnáms í höfuðborginni nái boðaður niðurskurður á framlögum borgarinnar til tónlistarskólanna fram að ganga.



**HJÁLMAR H. RAGNARSSON**

Í ályktun stjórnar Listaháskólans kemur fram að skólarnir hafi nú þegar þurft að draga starfsemi sína saman vegna niðurskurðar á síðustu misserum. Það hafi leitt til þess að skólarnir geti ekki boðið upp á eins öflugt og kröfuhart tónlistarnám og áður. Vilji borgaryfirvöld að listalíf í borginni blómstri verði að standa vörð um listaskólana. **- jab**




Starfsemi ríkisskattstjóra á Tryggvagötu 19, Tollhúsinu, hefur verið flutt

Afgreiðslan á höfuðborgarsvæðinu er nú á tveimur stöðum:

**Laugavegi 166, Reykjavík** - Einstaklingsþjónusta

**Suðurgötu 14, Hafnarfirði** - Virðisaukaskattur / Atvinnurekstur

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI
Sími 442-1000 • rsk@rsk.is

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

**Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.**


ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA
HEFST Í DAG!
ÚTSÖLUVERÐ
139.995
VERÐ ÁÐUR 179.995
-22%
TX-P42S20E
42" Panasonic Plasma FHD 600 Hz
• 42" plasma-sjónvarp með frábærum myndgæðum • 1920 x 1080 punkta upplausn • 600 Hz tækni • V-Real Pro 4 myndúrvinnsla
Panasonic
PIPAR\TBWA • SÍA • 110199
ÚTSÖLUVERÐ
99.995
VERÐ ÁÐUR 169.995
-41%
EPT4251MM
Palladine 42" LCD Full HD
• Full HD LCD tæki • 1920 x 1080 punkta upplausn • Með íslensku valmyndarkerfi • 2 HDMI tengi • USB tengi
PALLADINE
ÚTSÖLUVERÐ
39.995
VERÐ ÁÐUR 69.995
-43%
3126
SALORA
19" Salora LCD með innbyggðum DVD spilara
• Salora LCD 1941DVXWH er 19" LCD sjónvarp • Innbyggður DVD spilari • 1366 x 768 punkta upplausn • Háglans áferð • HDMI tengi • 12 V
ÚTSÖLUVERÐ
69.995
VERÐ ÁÐUR 99.995
-30%
Yamaha heimabíókerfi 5.1
• Glæsilegt 5.1 heimabíó frá Yamaha • 3D Ready með 1080 p uppskölun • 4 Hdmi tengi inn og 1 út
• Gólfstandar fylgja með fyrir bakhátalara
YAMAHA
YHT394BL
4615
Salora 7" myndarammi
• Flottur 7" myndarammi • USB tengi • MMC/SD kortalesarari • Vekjaraklukka og dagatal
-25%
ÚTSÖLUVERÐ
5.995
VERÐ ÁÐUR 7.995
SALORA
Nokia BH-105 handfrjáls búnaður
• Nettur Bluetooth handfrjáls búnaður frá Nokia
ÚTSÖLUVERÐ
3.995
VERÐ ÁÐUR 5.995
-33%
NOKIA
027BH105
NOKIA
TILBOÐ
6.995
0022BB3
Nokia 1616
• Nokia 1616 er þægilegur og einfaldur sími sem hentar öllum notendum • Þessi sími er með einstaklega góða rafhlöðuendingu
• Léttur og fer vel í hendi • 3,5 mm heyrnatólatengi • FM-útvarp ásamt vasaljósi
X-mini Max II Black
• Frábærir stereóhátalarar með öflugum bassa
ÚTSÖLUVERÐ
6.495
VERÐ ÁÐUR 12.995
-50%
XAM-7-B
ÚTSALA
20% afsláttur af öðrum aukahlutum fyrir farsíma
Mikið úrval af farsímum á allt að 60% afslætti
10% afsláttur af nýjum símum
Allt að 80% afsláttur
Hátækni
Opið: Virka daga 9.30–18 • laugardaga 11–17 • sunnudaga 11–17
Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is/utsala



**GRIPINN** Lögregla í Berlín í Þýskalandi hélt þessum skrautlega pönkara í skefjum á meðan hústökufólk var fært með valdi úr húsnæði sem það hafði tekið yfir. NORDICPHOTOS/AFP

Ingi F. Vilhjálmsson, fréttastjóri DV, stefnir Agnesi Bragadóttur fyrir ærumeiðingar í frétt Morgunblaðsins:

# Krefst ómerkingar tíu ummæla Agnesar

**DÓMSMÁL** Ingi Freyr Vilhjálmsson, fréttastjóri á DV, krefst þess að tíu ummæli í fréttum sem Agnes Bragadóttur skrifaði í Morgunblaðið um málefni njósnatölvunnar á Alþingi verði dæmd dauð og ómerk. Þá hefur Ingi jafnframt stefnt Agnesi til að greiða sér tvær milljónir króna í miskabætur vegna fréttaflutningsins.

Agnes lét að því liggja í skrifum sínum að Ingi hefði fengið ungan mann undir lögaldri til að stela fyrir sig gögnum úr tölvum gegn þóknun og staðhæfði að hann hefði stöðu grunaðs manns í lögreglurannsókn á því máli. Þá var lögregla sögð rannsaka hvort maðurinn ungi sem grunaður er um þjófnaðinn tengdist máli njósnatölvunnar, meðal annars vegna meintra tengsla hans við Wikileaks og Inga Frey.



**INGI FREYR VILHJÁLMSSON**



**AGNES BRAGADÓTTIR**

Lögmaður Inga Freys, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, gaf Agnesi og Morgunblaðinu frest til klukkan fjögur síðdegis á mánudag, daginn sem umrædd frétt birtist, til að leiðrétta hana, biðjast afsökunar og greiða milljón króna í miskabætur.

Morgunblaðið baðst í gær velvirðingar á missögnum í fréttinni en Vilhjálmur segir þá leiðréttingu allsendis ófullnægjandi.

Agnes var skrifuð fyrir fréttinni með fullu nafni og segir Vilhjálmur að hún beri því ein ábyrgð á fréttinni. Henni verður af þeim sökum einni stefnt í málinu. Auk framangreindra atriða verður þess krafist að Agnes verði dæmd til refsingar sem getur numið allt að tveggja ára fangelsi, til að greiða hálfa milljón í birtingarkostnað á dómnum, auk þess sem Morgunblaðinu verði gert að birta dóminn.

Málið verður að óbreyttu þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur á þriðjudag. **- jss**

Hvanneyrarjörðin öll friðlýst:

## Mikilvæg fyrir blesgæsina

**NÁTTÚRA** Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra hefur undirritað friðlýsingu búsvæðis fyrir fugla í Andakíl í Borgarfirði og Hvanneyrarjörðina alla, sem nú er friðlýst svæði blesgæsar.



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR**

Friðlýsingin er sögð mikilvægt skref í verndun og endurheimt votlendis með tilliti til fugla og bindingar gróðurhúsalofttegunda. Hvanneyri sé mikilvægasti viðkomustaður blesgæsar vor og haust á leið hennar til og frá varpstöðvum á Grænlandi. Landeigendur þrettán jarða í Andakíl og Borgarbyggð standa að friðlýsingunni. **- jab**

Ríkissaksóknari gefur út ákæru á næstu dögum:

## Byssumennirnir fjórir verða áfram í haldi

**DÓMSMÁL** Fjórir karlmenn sem tóku þátt í skotárás í Bústaðahverfi á aðfangadag hafa verið úrskurðaðir í áframhaldandi gæsluvarðhald til 15. febrúar. Einn þeirra kærði úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur Hæstaréttar. Ríkissaksóknari mun á næstu dögum gefa út ákæru á hendur þeim.

Mennirnir voru handteknir eftir skotárásina og hafa játað aðild sína að málinu. Þeir eru á þrítugsog fertugsaldri og hafa allir áður komið við sögu hjá lögreglu.

Málsatvik voru þau að tveir karlmenn komu að húsi í Bústaðahverfi á aðfangadagsmorgun. Virtust þeir eiga eitthvað vantalað við húsráðandann. Kom til átaka en mennirnir héldu síðan á brott. Þeir sneru svo aftur að húsinu um hádegisbil ásamt tveimur öðrum mönnum og höfðu þá jafnframt haglabyssu meðferðis. Tveimur skotum var hleypt af haglabyssunni og höfnuðu þau bæði í útidyrahurð en byssan var einnig notuð til að brjóta rúðu í húsinu.

Engan sakaði því heimilisfólkið hafði forðað sér út bakdyramegin áður en skotið var á húsið. **- jss**



**FYRIR DÓMARA** Mennirnir voru leiddir fyrir dómara í fyrradag.



**MARÍAS SVEINSSON** Eigandi Klapparstígs 17 vill að borgin taki þátt í kostnaði vegna varðveislu gaflveggs frá árinu 1906 á lóðarmörkum hans og gamals steinbæjar frá árinu 1989. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Borg og eigendur togast á um tíu sentimetra

**Eigandi Klapparstígs 17 segir byggingarfulltrúa hafa tafið uppbyggingu á lóðinni. Borgin eigi að bera hluta kostnaðar vegna þess og vegna steinhleðslu sem hún banni að sé rifin. Ekki borgin sem er að byggja svarar byggingarfulltrúinn.**

**STJÓRNSÝSLA** „Ef ég væri ekki ljóshærður þá væri ég löngu orðinn gráhærður,“ segir Marías Sveinsson, einn þriggja eigenda Klapparstígs 17, sem kveðst uppgefinn á samskiptum við byggingarfulltrúa vegna nýbyggingar á lóðinni.

Húsið á Klapparstíg 17 eyðilagðist í bruna í janúar 2009. Nú er verið að byggja þar nýtt íbúðarhús. Áfast við gamla gafl hússins er 112 ára gamall steinbær. Hann er sagður hafa varðveislugildi og eigendum nýbyggingarinnar var því neitað um að rífa gaflinn og steypa nýjan eins og þeir vildu.

„Við höfum lent í verulegum töfum vegna byggingarfulltrúa. Þessi gaflveggur sérstaklega hefur verið okkur kostnaðarsamur. Það má segja að borgin hafi tekið hann eignarnámi með frekju og yfirgangi,“ segir Marías sem kveður eigendur Klapparstígs 17 telja borgina hafa valdið þeim tveggja til þriggja milljóna króna aukakostnaði. Veggurinn umdeildi standi tíu sentimetra inn fyrir þeirra lóðamörk og skerði væntanlega bygginguna sem því nemi.

„Þeir eru búnir að gera allt til að gera okkur skráveifu. Það þarf að hreinsa til í þessari stofnun,“ segir Marías og krefst skýrra svara frá borginni um hvernig bæti eigi þeim skaðann.

Magnús Sædal byggingarfulltrúi segir af og frá að embætti hans hafi valdið töfum á byggingu hússins. Eigendurnir sjálfir hafi til dæmis gegn betri vitund skilað inn teikningum sem gerðu ráð fyrir alltof háu nýtingarhlutfalli á lóðinni.



**MAGNÚS SÆDAL**

Að sögn Magnúsar er alls ekki óalgengt að hús nái út fyrir lóðir í gamla bænum. „Menn klofuðu út einhverjar lóðir. Þeir voru ekki svo nákvæmir á þessu í gamla daga,“ segir byggingarfulltrúinn og útskýrir að í raun hafi gaflveggurinn sem slíkur ekki varðveislugildi heldur sé það steinbærinn á númer nítján sem menn vilja vernda. „Ef þessi veggur er rifinn er opið inn í gamla steinbæinn og hann hefur varðveislugildi enda er hann síðasti steinbærinn á þessu svæði.“

Byggingarfulltrúinn hafnar því algerlega að Reykjavíkurborg eigi að bera kostnað vegna málsins. „Borgarsjóður er ekki að byggja á þessari lóð og hann tekur engar fjárhagslegar skuldbindingar á sig vegna svona bygginga; byggjandinn er að byggja og það er hans mál. Það þýðir ekkert að vera að væla í okkur,“ segir Magnús Sædal. **gar@frettabladid.is**




markhonnun.is
netto
Ódýrt fyrir heimilið!
Nýr tilboðs-bæklingur kominn út
35% afsláttur
LAMBAKJÖT
LAMBATVÍRIFJUR
FERSKAR
1.429kr/kg
áður 2.198 kr/kg
FLJÓTLEGT OG GOTT AÐ VERSLA
LAMBAFILLET
FERSKT M/FITU
35% afsláttur
2.529kr/kg
áður 3.890 kr/kg
LAMBASIRLOINSNEIÐAR
FERSKAR
30% afsláttur
1.189kr/kg
áður 1.698 kr/kg
EASY ALOE VERA ÞVOTTADUFT
2,73 KG
Easy
Aloe Vera
Easy Aloe Vera taumýkir fylgir frítt með!
989kr/pk.
ÓTRÚLEGT VERÐ!
KORNFLÖGUR
500 G
FRÁBÆRT VERÐ!
CORNFLAKES
199kr/pk.
Frábært verð!
RAUÐ VÍNBER
FERSK
50% afsláttur
390kr/kg
áður 779 kr/kg
PASSIONATA PIZZUR
SKINKU EÐA SALAMI
Passionata
CLASSICA
199kr/pk
Frábært verð!
PEPSI MAX
330 ML
VERÐ-SPRENGJA!
pepsi MAX
59kr/stk.
Frábært verð!
TWIX
FINO - 38G
42% afsláttur
TWIX fino
FRÁBÆRT VERÐ!
69kr/stk.
áður 119 kr/stk.
Birtist með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær
Tilboðin gilda **3. – 6. febrúar**
eða meðan birgðir endast

**FRÉTTASKÝRING:** Umgengni við veiðivötn á Íslandi

# Náttúruperlur eða hentugar námur?

**Lausleg könnun Veiðimálastofnunar árið 2008 leiddi í ljós að möl var tekin úr yfir 80 vatnsföllum á fimm ára tímabili. Malartekjan var mismikil eftir stöðum en mest nærri stærri þéttbýlisstöðum og stórum framkvæmdum. Mikið er um að framkvæmt sé án lögboðinna leyfa en Fiskistofa hyggst taka harðar á slíkum brotum með tilurð refsiheimilda í lögum.**

Fiskistofa hefur sent framkvæmdaaðilum, sveitarfélögum og landeigendum bréf þar sem þeir eru minntir á réttindi og skyldur vegna framkvæmda við ár og vötn í samræmi við lög um lax- og silungsveiði. Tilefnið er að undanfarin ár hafa eftirlitsmenn Fiskistofu víða orðið varir við framkvæmdir í og við veiðivötn sem í mörgum tilfellum voru án lögboðinna leyfa. Þar hafa sveitarfélög meðal annars verið að verki, en þau bera stjórnsýslulega ábyrgð í þessum málum samkvæmt lögum.

Fiskistofa hyggst framvegis ganga hart fram vegna ólöglegra framkvæmda við og í veiðivötnum en með breytingum á lax- og silungsveiðilögum árið 2009 er nú refsivert að fara í framkvæmdir, þar með talda malartekju í og við ár og vötn, án tilskilinna leyfa.



**SLÉTTUÁ Í REYÐARFIRÐI** Miklar framkvæmdir voru á Reyðarfirði á byggingartíma Fjarðaáls. Mjög langt var gengið við efnistöku á þeim tíma og hefur sveitarfélagið nú gripið til sérstakra ráðstafana til að koma böndum á efnistöku með ströngum reglum. Aðrar ár í Fjarðabyggð; Norðfjarðará, Eskifjarðará og Dalsá í Fáskrúðsfirði, hafa allar farið illa vegna efnistöku á undanförnum árum. MYND/VMST

> Þegar möl er tekin úr áreyri sem hefur legið óhreyfð í hundruð ára þá er stundum eins og allt breytist. Í næsta flóði eða vorleysingum höfum við séð hundruð tonna af möl fara af stað og jafnvel fylla og eyðileggja veiðistaði sem liggja þar fyrir neðan. Ég hef séð fallega veiðistaði hverfa eftir að þjóðvegur var færður til og það tók veiðistaðinn mörg ár að verða að einhverju aftur.
>
> **BJARNI JÚLÍUSSON**
> FORMAÐUR SVFR

### Náttúran nýtur vafans?

Allt frá árinu 1994 hefur stjórnsýsla veiðimála reynt að stýra malartekju í veiðiám þannig að hún valdi sem minnstum skaða. Þannig hefur Veiðimálastofnun (VMST) markvisst reynt að sporna við malartekju úr ám, en sérfræðingar VMST birtu grein í fræðaþingsriti landbúnaðarins árið 2008 þar sem gerð er grein fyrir stöðu mála á þeim tíma. Þar kemur fram að tilraunir til að lágmarka neikvæð áhrif malartekju hafi skilað litlu. Malartekja er að mati sérfræðinga VMST oft byggð á hugsunarleysi eða vanþekkingu framkvæmdaaðilana eða, sem verra er, því sjónarmiði einu að malartekjan sé réttlætanleg vegna þess að hún sé fjárhagslega hagkvæm. Þá er skollaeyrum skellt við þeirri staðreynd að ný tækni og kunnátta í vinnslu jarðefna hefur stórlega dregið úr þörfinni fyrir malartekju úr ám, svo ekki sé minnst á umhverfisþætti eins og áhrif á lífríki ánna.

Þá er það ónefnt að undanfarin ár hefur verið mikil ásókn í möl og framkvæmdaaðilar verið tilbúnir að greiða hátt verð fyrir hana. Landeigendur hafa því verið undir miklum þrýstingi frá verktökum og jafnvel opinberum aðilum um að selja möl úr ám. Hagnaðarvonin hefur því oft orðið umhverfissjónarmiðum yfirsterkari, sem varpar jafnframt ljósi á handvömm við lagasetningu árið 2006. Þá láðist mönnum að tilgreina viðurlög vegna brota sem snertu framkvæmdir við ár og vötn. Þetta varð til þess að til lítils hefur verið að kæra slíkar framkvæmdir. Úr þessu var hins vegar bætt með lagabreytingu í árslok 2009, sem útvíkkaði viðurlagaheimildir lax- og silungsveiðilaganna til slíkra brota.

### Áhrif malartekju á ár

Helsta áhyggjuefnið er stórtæk malartekja úr ám sem getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir viðgang fiskistofna. Ár eru mjög misjafnar hvað varðar vistgerð og lífmagn og því skiptir miklu til hvaða vatnsfalls framkvæmdir ná. Mat VMST er að meginreglan eigi að vera sú að forðast malartekju eins og kostur er. Hins vegar er í sumum tilfellum mögulegt að taka efni úr eða við ár, án þess að varanlegur skaði hljótist af fyrir lífríki, en þá skiptir máli hvar í ánum er borið niður. Þetta þarf hins vegar að meta og útfæra í hverju tilviki fyrir sig, eins og Þórólfur Antonsson, fiskifræðingur á VMST, og kollegar hans benda á í grein sinni.

Bjarni Júlíusson, formaður Stangaveiðifélags Reykjavíkur, segir það allt of algengt að farið sé í malarnám í veiðiám eða við þær og afleiðingarnar geti verið skelfilegar. „Þegar möl er tekin úr áreyri sem hefur legið óhreyfð í hundruð ára er stundum eins og allt breytist. Í næsta flóði eða vorleysingum höfum við séð hundruð tonna af möl fara af stað og jafnvel fylla og eyðileggja veiðistaði sem liggja þar fyrir neðan. Ég hef séð fallega veiðistaði hverfa eftir að þjóðvegur var færður til og það tók veiðistaðinn mörg ár að verða að einhverju aftur.“ Bjarni segir að ef illa takist til geti hrygning laxfiska misfarist og hrygningarstaðir eyðilagst, en dæmi um slíkt eru þekkt hér á landi.

### Skýrar reglur

Árni Ísaksson, forstöðumaður lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu, segir að samkvæmt lögum þurfi að leita eftir heimild Fiskistofu vegna allra framkvæmda við ár og vötn. „Það er meiningin að fá menn til að virða lögin en eftir lagabreytingu árið 2009 er þetta refsivert athæfi. Tilgangur bréfsins er að hnykkja á því hvað það þýðir að ganga illa um og framkvæma í leyfisleysi.“ Árni segir að óleyfileg framkvæmd sé ávallt kæranleg en sé um sannanlegan skaða að ræða vegna mannvirkjagerðar eða malarnáms geti komið til skaðabóta til handa viðkomandi veiðiréttareigendum samkvæmt sérstöku mati og því sé það mönnum klárlega til hagsbóta að hefjast ekki handa fyrr en fyrirhuguð framkvæmd hafi fengið faglega umfjöllun.

Umsókn til Fiskistofu skal fylgja úttekt sérfræðings í búsvæðum laxfiska um að óhætt sé að taka möl á umræddu svæði og jafnframt hvernig að því skuli staðið. Jafnframt er þess krafist að veiðifélagið við ána gefi umsögn. Framkvæmdaaðilar þurfa jafnframt framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitarfélags vegna malarnáms í samræmi við skipulagslög.

### Mat á umhverfisáhrifum

Lax- og silungsveiðisvið Fiskistofu getur krafist þess að gerð sé líffræðileg úttekt á framkvæmdasvæðinu áður en veitt er leyfi fyrir malartekju. Oft liggja slíkar upplýsingar fyrir hjá rannsóknastofnunum, svo sem Veiðimálastofnun, ef um minni háttar malarnám er að ræða. Ef fyrirhuguð malartekja er umfram 50 þúsund rúmmetra eða nær til meira en 2,5 hektara svæðis ber framkvæmdaaðila að tilkynna fyrirhugað malarnám til Skipulagsstofnunar, sem metur hvort framkvæmdin þurfi að undirgangast mat á umhverfisáhrifum. Ef fyrirhuguð malartekja er hins vegar umfram 150 þúsund rúmmetra eða raskar fimm hektara svæði þarf hún lögum samkvæmt að undirgangast mat á umhverfisáhrifum.




Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is


## Lífkeðjan er stutt í ferskvatni á Íslandi

Lífríki í ám er mjög tengt gerð undirlagsins, straumhraða, næringarefnainnihaldi vatnsins, ljósmagni og hitafari. Efnistaka hefur áhrif á tvo fyrst töldu þættina. Líkt og í öðrum vistkerfum hefst lífkeðjan á frumframleiðni þörunga eða niðurbroti á aðkomnu lífrænu efni. Síðan koma til smádýr sem nýta sér þessi lífrænu efni. Loks lifa fiskar á smádýrunum.

Lífkeðjan er því stutt í ferskvatni hérlendis. Grófleiki botnsins hefur mikið að segja um hve framleiðslan er mikil. Samhengi er á milli grófleika botnsins og straumhraða. Þar sem straumhraði er lítill sest að leir og sandur en í mesta straumhraðanum helst ekkert laust efni við og klöppin ein stendur eftir. Í grófri möl og smágrýti er framleiðsla hvað mest og straumhraði hæfilegur fyrir margar lífverur. Eftir því sem botninn er „flóknari“ er yfirborðsflötur meiri, sem aftur eykur framleiðslu, auk þess að mynda skjól fyrir lífverur til dæmis seiði laxfiska. Hvað mest ásókn er einmitt í þetta efni til mannvirkjagerðar.

Áhrif þess að taka efni úr ám eru með beinum hætti á þær lífverur sem fyrir eru á námasvæðinu. Farvegurinn dýpkar og fínna efni situr eftir. Straumhraði minnkar á því svæði. Frumframleiðsla minnkar og skjól fyrir stærri dýr rýrnar. Endurnýjun og framleiðsla lífríkisins eftir efnistöku verður því minni. Ofan við efnistökustaðinn eykst á hinn bóginn straumhraði vegna aukins hæðarmismunar. Þar með fer laust efni af stað og leitar niður í gryfjurnar. Efnisskriðið hefur áhrif á lífríki á því svæði. Í verstu tilvikum situr aðeins eftir stórgrýti eða klöppin ein. Áhrif þessa geta náð langt upp fyrir efnistökusvæðið.

Sama gildir í raun um efnistöku nærri árfarvegi. Ef áin nær í efnistökustaðinn, sem gerist fyrr eða síðar, verða áhrif þau sömu auk þess að farvegur árinnar breytist og sá gamli fer á þurrt.

*Heimild: Þórólfur Antonsson og fleiri, Malartekja úr ám, Fræðaþingsrit landbúnaðarins, 2008.*



**RISABLEIKJA ÚR EYJAFJARÐARÁ** Hér heldur Gísli Sigurðsson á glæsilegri bleikju sem hann veiddi í Eyjafjarðará. Veiðimenn hafa miklar áhyggjur af því hvernig gengið hefur verið um ána á undanförnum árum og ganga svo langt að segja að áin muni aldrei verða söm eftir gengdarlausa efnistöku. MYND/FLUGUFRÉTTIR.IS


**Verkstjórnarnámskeið**

**Námskeið fyrir starfandi og verðandi verkstjórnendur**

Markmiðið er að þjálfa millistjórnendur til að taka á málum sem varða hagsmuni fyrirtækja og starfsmanna.

Námsþættirnir eru yfir 20. Meðal þeirra eru:

- Samskipti í starfi
- Nútíma stjórnunarhættir
- Áætlanagerð
- Hvatning og starfsánægja
- Mannauðsstjórnun
- Stjórnun breytinga

Námskeiðið er samtals **85 stundir** og skiptist í tvo hluta. Næsta námskeið hefst **7. mars 2011**.

Nánari upplýsingar og skráning hjá **Nýsköpunarmiðstöð Íslands** í síma **522 9000** og á vefsíðu okkar **www.nmi.is**.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands




# BIOTHERM GJAFADAGAR Í HAGKAUP

## Kringlunni, Smáralind, Holtagörðum, Garðabæ og Akureyri

## 3. febrúar – 9. febrúar

Freistaðu gæfunnar. 10 heppnir viðskiptavinir sem kaupa Biotherm vörur fimmtudag til laugardags og setja nafn sitt í pott vinna Skin Ergetic krem að verðmæti 7.550 krónur.

Kaupaukinn þinn* þegar þú kaupir Biotherm vörur fyrir 6.900 krónur eða meira:

- Nýja Aquasource Skin Perfection rakakremið 15 ml
- Aquasource Eye Perfection augngel með rúllu 4 ml
- Hreinsigel 20 ml
- Andlitsvatn 30 ml
- Nýi Eau De Paradis ilmurinn 15 ml
- Eau De Paradis body lotion 75 ml.

**Einnig aðrar gerðir kaupauka!**

Kaupauki fyrir hann: Stór herrataska í ræktina.




*Gildir á kynningu meðan birgðir endast. Einn kaupauki á viðskiptavin.
Gildir ekki með öðrum tilboðum.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## Electrolux



5 ára ábyrgð

krumpuvörn

**78.990,-**

**Þurrkari**
EDC 46130W
Barkalaus með rakaþétti, 6kg. 85x60x58 cm.
1805461

## Electrolux



5 ára ábyrgð
orknýting A
þvottahæfni A

**89.900,-**
~~96.900,-~~

tekur 7 kg
1400 snúninga

**Þvottavél**
EWF 147440W
1400 sn,7kg, 85x60x60 cm.
1805651

## Electrolux



5 ára ábyrgð
orknýting A
þvottahæfni A

**79.900,-**

tekur 6 kg
1200 snúninga

**Þvottavél**
EWF 126410W
1200 sn, 6kg, 85x60x60 cm.
1805477

# RAFTÆKI

## Á LÆGRA VERÐI



Rakatæki

**16.590-**

**Rakatæki**
Stylies,Vapo 271. Hentar fyrir herbergi allt að 70 m2
1802719



Með hreinsibúnaði

**18.990-**

**Rakatæki með hreinsibúnaði**
Orion,EVAP 420. Hentar fyrir herbergi allt að 50 m2
1802718



5 ára ábyrgð

**64.900,-**

Amica

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Eldvél**
Amica,60 cm
með steyptum hellum.
1850529



5 ára ábyrgð
orknýting A

**49.900,-**

Frigor
5 ára ábyrgð

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Kælir/frystir**
FHC 85
84.5x57.6x55.
Kælirými 103 ltr, frystirými 15 ltr.
1805500



5 ára ábyrgð

**54.890,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Frigor
5 ára ábyrgð

**Kælir/frystir**
FHC 142/DF2-28
143x58x55. Kælirými 171 ltr, frystirými 41 ltr.
1805498



**8.990,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Rafmagnsofn**
Olíufylltur.
600/900/1500W
1840801



5 ára ábyrgð

**59.900,-**
~~79.790,-~~

**Helluborð**
Með snertitökkum.
1850548

Amica



5 ára ábyrgð

**63.900,-**
~~83.990,-~~

**Blástursofn**
Amica, hvítur, 88x60x60 cm.
1850499

Amica

## MIKIÐ ÚRVAL AF RAFTÆKJUM

Gildir til 14. febrúar

*Vörur merktar "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" er lægsta verð sem Húsasmiðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma.
Húsasmiðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" sé alltaf lægsta verð á markaðnum.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Electrolux

5 ára ábyrgð

í Húsasmiðjunni




tekur 6 kg

orknýting A

þvottahæfni A

5 ára ábyrgð

64.900,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

2 pakkar Fylgja öllum þvotta-vélum




2 pakkar af MILT þvottaefni fylgja með öllum þvottavélum í Húsasmiðjunni

**Þvottavél**
EWF 106410W
1000 sn, 6kg, 85x60x60 cm.
LCD upplýsingaskjár.
Hægt að velja um forþvott, skolstöðvun eða viðbótarskolun
Bið á gangsetningu, tímaaðlögun (Time Management)
- þú velur tímalengd þvottakerfisins eftir þörfum.
1805650

**Ryksuga**
BOMANN, 2000W.
1840881



2000W

8.960,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Gufustraujárn**
BOMANN,1600W.
1840861



2.490,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Töfrasproti**
BOMANN, 180W.
1850030



1.590,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

malar ísmola

**Blandari**
BOMANN, stál.
550W.
1850036



5.990,-

~~7.990,-~~

Látum verkin tala!

OPIÐ TIL 21:00 Í SKÚTUVOGI ALLA DAGA

HÚSASMIÐJAN

# neytendur
hagur heimilanna

**330%** **VERÐ Á SÍGARETTUM** hefur hækkað um 330 prósent á síðustu 15 árum. Árið 1995 kostaði sígarettupakki að jafnaði 267 krónur. Árið 2010 kostaði pakkinn að meðaltali 884 krónur.

**NEYTANDINN:** Lilja Mósesdóttir alþingismaður

## *Geymir bensínsvelg á bílastæði*



„Lexus-jeppinn sem við söfnuðum fyrir og keyptum á tvær milljónir íslenskra króna og fluttum inn frá Texas í Bandaríkjunum árið 2005 þegar gengið á dollarnum var í kringum sextíu krónur voru bestu kaupin sem ég hafði gert þá," segir Lilja Mósesdóttir, þingmaður VG og formaður viðskiptanefndar Alþingis. Jeppinn var níu ára gamall þá, öryðgaður en nokkuð breiður og ægilega fínn, að hennar sögn.

Lilja og fjölskylda hennar bjó þá á Bifröst í Borgarfirði og þurfti á kraftmiklum bíl að halda til að komast í gegnum snjóþunga vetur.

Kostakaupin fyrir að verða sex árum snerust upp í andhverfu sína þegar olíuverð fór í hæstu hæðir og gjöld ýmis konar fylgdu á eftir. „Þetta eru orðin verstu kaupin í dag. Þetta er nefnilega bensínbíll sem eyðir miklu og dýrt að kaupa eldsneyti á. Svo búum við ekki lengur úti á landi og eigum erfitt með að leggja honum í höfuðborginni þar sem hann er svo breiður," segir Lilja og bætir við að fljótlega eftir að þau fengu bílinn hætti að snjóa að ráði. Breyttar aðstæður hafa ráðið því að bíllinn hefur lítið verið keyrður síðastliðin þrjú ár. „Hann er í fínasta lagi en líkastur mublu því það er svo dýrt að kaupa bensín á hann. Á sama tíma er erfitt að selja hann því enginn vill eiga svona bíl. Ég ek nú um á gömlum sparneytnum Skoda," bætir hún við að lokum.

## GÓÐ HÚSRÁÐ Passað upp á brjóstin

*Oftast gengur brjóstagjöf ungbarna vel, en komi upp vandi getur verið snúið að komast fyrir hann.*



Áhersla er lögð á það við umönnun kornabarna að þau séu höfð á brjósti fyrstu mánuðina. Oftast gengur þetta vel, en í stöku tilvikum koma upp vandamál á borð við sýkingar og sárar geirvörtur sem snúið getur verið að komast fyrir og skemma fyrir upplifun sem á að vera ánægjuleg og styrkja tengsl móður og barns. Í apótekum er hægt að fá svokallaðan „mexíkóhatt" til að setja yfir sárar geirvötur meðan gefið er og hefur sú lausn nýst sumum konum meðan þær eru að jafna sig. Svo er til húsráð sem aðrar gætu nýtt sér. Er þá tekin sjálflímandi plastfilma (sem sumir þekkja sem Vita-wrap) og klipptur út bútur sem hylur geirvörtuna. Síðan er kreist smáræði af mjólk úr brjóstinu og nuddað yfir geirvörtuna, plastið strekkt yfir og notað sem innlegg í brjóstahaldarann. Með þessu er stöðvað mjólkurflæði úr brjóstinu sem hamlað gæti því að sár grói. Mjólkin sjálf er svo sögð sótthreinsandi.



Hækkun á gjaldskrá fyrir vottorð vegna umsókna um örorkubætur til lífeyrissjóða:

# Fimmföldun á gjaldi fyrir læknisvottorð

Gjald fyrir vottorð vegna umsókna um örorkubætur til lífeyrissjóða hækkaði umtalsvert með nýrri gjaldskrá sem tók gildi um síðustu áramót.

Bótaþegi, sem vill ekki láta nafns síns getið, segir í samtali við Fréttablaðið að hann hafi rekið upp stór augu þegar hann endurnýjaði vottorð sitt í vikunni.

„Ég fór til heimilislæknis fyrir um tveimur vikum og pantaði hjá honum þetta vottorð. Ég sótti það svo á þriðjudag og þurfti þar að borga rúmar 10.000 krónur fyrir vottorðið. Hingað til, síðast fyrir um hálfu ári, hef ég bara þurft að borga 1.000 til 2.000 krónur fyrir þess konar vottorð,“ segir bótaþeginn.

Hann segir enga læknisskoðun hafa falist í umsókninni, enda sé um endurnýjun vottorðs að ræða. Þá sé gjaldið fyrir læknisheimsóknina ekki innifalið í þessari upphæð.

Í reglugerð velferðarráðneytisins, sem tók gildi í upphafi árs, segir í ákvæði um vottorð af þessu tagi að miða skuli við „hversu langan tíma það tekur lækni að gera vottorðið“.

Gjaldið miðar við 3.450 krónur „fyrir hverjar byrjaðar 20 mínútur“ sem læknir eyðir í að útbúa vottorðið. Má þess vegna gefa sér að það hafi tekið lækni að minnsta kosti 40 mínútur til að útbúa vottorðið fyrir viðmælanda Fréttablaðsins.

Spurður um ástæðu hækkunarinnar vísaði talmaður Sjúkratrygginga Íslands á velferðarráðuneytið.

Ekki bárust svör frá ráðuneytinu við fyrirspurn Fréttablaðsins. - þj



**HEILSUGÆSLUSTÖÐ** Gjald fyrir vissar tegundir læknisvottorða hefur hækkað verulega. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**FLUGFERÐ** Íslensk hjón fengu endurgreitt fargjald fyrir ferð sem var felld niður.

Flugi aflýst án skýringa:

## Fengu ferðina bætta að fullu

Íslensk hjón hafa fengið bætur frá erlendu flugfélagi eftir að flugferð frá Englandi til Spánar, sem þau áttu pantaða, var aflýst.

Á vef Neytendasamtakanna segir að hjónunum hafi næsta dag verið tjáð að flugfélagið myndi ekki fljúga til þessa áfangastaðar næstu tvo daga. Fyrir milligöngu Evrópsku neytendaaðstoðarinnar á Íslandi og Bretlandi féllst flugfélagið á að greiða 500 evrur í bætur auk þess sem þau fengu upphaflegan flugmiða og hótelkostnað endurgreiddan. - þj




# Sparnaður og fjárfestingar 2011

**Opinn fundur VÍB 3. febrúar kl. 20.00 á Hilton Nordica**

**VÍB býður til fundar um sparnað og fjárfestingar. Fundurinn er ætlaður öllum sem hafa áhuga á að horfa fram á veginn og skoða þá kosti sem bjóðast í sparnaði í dag.**

19.30 *Húsið opnað*
Ráðgjafar VÍB verða á staðnum

20.00 *Fundarsetning*
Steinunn Bjarnadóttir, forstöðumaður Reksturs og innra eftirlits VÍB

20.10 *Hvenær kemur endurreisnin?*
Jón Bjarki Bentsson, hagfræðingur Greiningar Íslandsbanka

20.30 *Einföld ráð sem sagan kennir*
Haraldur Gunnarsson, viðskiptastjóri Fagfjárfestaþjónustu VÍB

20.50 *Þjónusta VÍB í sparnaði*
Kjartan Smári Höskuldsson, forstöðumaður Ráðgjafar og þjónustu VÍB
Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri VÍB

21.15 *Fundi slitið*
Spurningar og svör með ráðgjöfum VÍB

Eignastýring Íslandsbanka hefur fengið nafnið VÍB og veitir alhliða eigna- og verðbréfaþjónustu með áherslu á fagmennsku og fræðslu. VÍB er leiðandi á íslenskum markaði með hundruði milljarða króna í eignastýringu og vörslu fyrir tugi þúsunda viðskiptavina, allt frá einstaklingum til fagfjárfesta.

Sérfræðingar VÍB veita upplýsingar um sparnað og fjárfestingar sem henta stöðu hvers og eins. Vertu velkomin(n) í heimsókn á Kirkjusand eða í næsta útibú Íslandsbanka til þess að fara yfir þín mál eða fá nánari upplýsingar um þjónustu VÍB.

Nánari upplýsingar og skráning á **www.vib.is** eða í síma **440 4900**

Íslandsbanki | Kirkjusandi | 155 Reykjavík | Sími 440 4900 | vib@vib.is | www.vib.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 10-2353

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Rammalöggjöf um stöðu íslenskrar tungu og íslenska táknmálsins:

## Tungan og táknmálið styrkt

Mennta- og menningarmálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, kynnti ríkisstjórn í vikunni frumvarp til laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Hlutverk laganna er að vera rammalög um íslenska tungu en slík löggjöf hefur ekki áður verið til hér á landi.

Frumvarpið er rökrétt framhald þingsályktunar um íslenska málstefnu sem samþykkt var á Alþingi fyrir tæpum tveimur árum. Í þeirri ályktun voru tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu samþykktar sem opinber stefna í málefnum íslenskrar tungu en rituð íslensk málstefna hafði fram að því ekki verið til.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Með frumvarpinu er brotið blað á tveimur sviðum. Í fyrsta lagi verður í fyrsta sinn til löggjöf sem kveður á um stöðu íslenskrar tungu sem þjóðtungu Íslendinga og opinbers máls íslenska ríkisins. Slík löggjöf hefur ekki áður verið til og ekki er heldur kveðið á um tungumálið í stjórnarskrá.

Í öðru lagi, sem ekki er síður mikils vert, verður staða táknmálsins einnig tryggð í lögunum. Þannig er kveðið á um að íslenska táknmálið sé „fyrsta mál þess hluta heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra og afkomenda þeirra sem reiða sig á það til tjáningar og samskipta,“ eins og segir í 3. grein frumvarpsins þar sem einnig kveður á um að ríkið skuli hlúa að táknmálinu og styðja það. Þarna er vitanlega um að ræða mikla réttarbót fyrir notendur táknmáls.

Gera verður ráð fyrir að víðtæk samstaða verði á Alþingi um frumvarp menntamálaráðherra. Sú var enda raunin um þingsályktunina um íslenska málstefnu sem samþykkt var vorið 2009.

Lög um stöðu íslenskrar tungu munu án vafa styrkja stöðu íslenskunnar á öllum sviðum samfélagsins. Ekki síst vegna þess að þar er kveðið á um skyldu stjórnvalda til að vinna að varðveislu tungunnar og þróun hennar og nothæfni og aðgengi að málinu.

Þjóðtunga sem einungis er töluð af liðlega 300 þúsund manns má sín ekki mikils í stóru samhengi þjóðanna og því fylgir talsverð ábyrgð að vera einn af þeim litla hópi sem á hana að móðurmáli. Sú staðreynd blasir við að fæstir komast í gegnum daginn án þess að nota fleiri mál en íslenskuna. Kunnátta í erlendum tungumálum verður því stöðugt mikilvægari. Samhliða því er ákaflega mikilvægt að hlúa að og rækta móðurmálið.

Líf og þróun íslenskunnar er fyrst og síðast í höndum, eða á tungu, þeirra sem málið tala og nota. Það er okkar að þróa hana og vernda með skynsamlegum hætti. Löggjöf um stöðu íslenskunnar er mikilsverður stuðningur við það verkefni.

Íslensk málstefna sem samþykkt var í mars 2009 og nú væntanleg löggjöf veitir íslenskunni nauðsynlegan ramma og aðhald. Næsta skref verður vonandi að fara að dæmi þorra þjóða og kveða á um þjóðtungu í þeirri stjórnarskrá sem vonandi verður skrifuð á næstu misserum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI UMRÆÐA

vísir.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hvað á hann við?

Á þessum vettvangi hefur áður verið vikið að því að þingmenn tali ekki hreint út þegar þeir eru að reyna að tjá hug sinn. Gunnar Bragi Sveinsson Framsóknarflokki hélt slíka ræðu í gær. „Ég set alvarleg spurningarmerki [hvað er alvarlegt spurningamerki?] við það hvort þessi ágæti embættismaður sé starfi sínu vaxinn þegar hann neitar að veita löggjafarvaldinu þær upplýsingar sem farið er fram á. Ég held,[hann bara heldur það] frú forseti, að það ætti að hvetja [hann vill ekki hvetja til þess sjálfur] hæstvirtan forsætisráðherra til að beita sér fyrir því að það verði endurskoðað [forsætisráðherra á ekki að gera það sjálfur heldur beita sér fyrir því að einhver geri það] hvort þessi ágæti maður getur setið í því embætti sem hann er í í dag.“



### Alþingi ákveði dagskrá RÚV

Fram er komin þingsályktunartillaga frá Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins, undir formennsku Ólínu Þorvarðardóttur. Hún snýst um að hvetja menntamálaráðherra fyrir hönd RÚV til að útvíkka og styrkja samstarf þess við útvarpið í Færeyjum og Grænlandi með það að markmiði að auka framboð á fréttum og fréttatengdu efni frá löndunum tveimur.

### Bannað

Þetta er athyglisvert. Ekki síst vegna þess að þetta er bannað. Í lögum er kveðið á um þjónustusamning milli RÚV og menntamálaráðuneytisins. Í honum segir að RÚV skuli setja sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofu. Í þeim segir: „Fréttastofur og dagskrárdeildir Ríkisútvarpsins eru sjálfstæðar ritstjórnir. Eiganda Ríkisútvarpsins og stjórn þess er óheimilt að hlutast til um fréttaflutning eða aðra dagskrá.“



bjorn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Auknar þjóðartekjur vegna loðnu

Fiskveiðar



Jón Bjarnason
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Auknar heimildir til loðnuveiða nú á nýju ári eru tvígildur búhnykkur fyrir íslenskt samfélag. Bæði er að mjög óvíst var um ástand stofnsins eftir nokkurra ára lægð og að verð á loðnuafurðum fer nú ört hækkandi.

Haustmælingar Hafrannsóknastofnunar gáfu tilefni til að veittar voru heimildir til 200 þúsund tonna veiði á yfirstandandi fiskveiðiári og var ákvörðun um það tilkynnt í nóvembermánuði. Rannsóknarskipinu Árna Friðrikssyni var síðan nú í janúar haldið úti við mælingar frá Suðausturlandi, norður um og allt að sunnanverðum Vestfjörðum. Jafnframt komu að þeim mælingum fimm veiðiskip og voru niðurstöður þessara mælinga að í sjónum væru yfir 700 þúsund tonn af kynþroska loðnu.

Það er í framhaldi af þeim niðurstöðum að ég hefi ákveðið að auka heimildir til loðnuveiða um 125 þúsund tonn. Aukningin ein mun skila um 5 milljörðum króna í þjóðarbúið. Í heildina mun loðnuvertíðin skila um 15 milljörðum króna sem er óvænt búsílag og munar um minna.

Sem kunnugt er gaf ráðuneytið ekki út neinar heimildir til loðnuveiða árið 2009 en veiðin hafði þá farið ört minnkandi frá árinu 2005 þegar heildarafli loðnu á Íslandsmiðum var um 700 þúsund tonn.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem við sjáum sveiflur í loðnustofninum hér við land. Veiðin fór niður í upphafi áttunda áratugar síðustu aldar og aftur í byrjun þess níunda. Fyrir áratug fór aflinn aftur á móti í nær 1.300 þúsund tonn og enn hærri var heildartalan á árunum 1996 og 1997, eða liðlega 1.500 þúsund tonn. Miðað við þær tölur er 325 þúsund tonna afli ekki há tala en hér skiptir líka miklu hvernig loðnan nýtist. Margt bendir til að niðursveiflan í stofninum nú síðustu ár tengist hlýnun sjávar hér við land og of snemmt er að slá því föstu að loðnan nái sér varanlega á strik. Þar hafa fæst orð minnsta ábyrgð.

En það sem gerir aukna veiði nú kærkomna er stórfelld hækkun á loðnu og loðnuafurðum. Þannig er talið að hækkunin á mjöli sé um 60% á síðustu tveimur árum og þessa mánuðina rýkur verð á loðnulýsi upp.

Því er full ástæða til að óska þjóðinni til hamingju með aukna loðnuveiði. Enn eru það hin óskiptu yfirráð fullvalda þjóðar yfir sjávarauðlindinni sem munu varða veg okkar út úr kreppu liðinna ára.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Barbados vegnar vel, takk fyrir

Í DAG
Þorvaldur Gylfason
prófessor



Ég var staddur í Calgary við rætur Klettafjallanna, Kanadamegin sem sagt, kominn þangað í boði heimamanna til að halda fyrirlestur um Ísland og hrunið. Þetta var haustið 2009. Ég heimsótti einnig í góðra vina hópi slóðir Stephans G. Stephanssonar, Klettafjallaskáldsins, skoðaði skrifborðið hans og píanóið, og fór síðan vestur á Kyrrahafsströndina og lengra, til Viktoríuborgar á Vancouvereyju, til að halda áfram að tala um Ísland. Þetta var skínandi skemmtileg ferð.

**Er smæðin frágangssök? Nei**

Þar að kom í fyrirlestrinum í Calgary, að mér fannst ég þurfa að útmála fyrir áheyrendum mínum, að smæð Íslands væri ekki sennileg orsök hrunsins. Mér fannst ekki fara vel á að taka Ísland sem dæmi um að ýmsu leyti árangursríkt smáríki eins og ég hafði stundum gert við áþekk tækifæri fyrir hrun. Landinu var haldið í öndunarvél Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Norðurlanda. Bankarnir höfðu, öðrum þræði með glæpsamlegri háttsemi svo sem lýst er í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, bakað lánardrottnum sínum, hluthöfum og viðskiptavinum meira fjárhagstjón miðað við stærð landsins en dæmi eru um í gervallri fjármálasögu heimsins. Hól um Ísland hefði því að þessu sinni ekki fallið í frjóan svörð, og átti ekki heldur við eins og allt var í pottinn búið og á ekki enn við; fólkið í salnum hefði hætt að hlusta. Ég tók því dæmi af öðru landi með 300 þúsund íbúa, Barbados, eyríki í austanverðu Karíbahafi. Ég hafði komið þangað tvisvar og litizt vel á land og þjóð.

> Hvað skyldi fólkið í Barbados telja sig þurfa marga þingmenn? Þrjátíu..

Skemmst var að segja frá því þarna í Calgary, að Barbados hefur vegnað vel þrátt fyrir fólksfæðina. Landið var brezk nýlenda í meira en þrjár aldir og tók sér sjálfstæði 1966. Flestir íbúarnir eru afkomendur afrískra þræla, sem voru fluttir þangað til að vinna á sykurplantekrum Breta. Sykurútflutningur var lengi hryggjarstykkið í efnahagslífi landsmanna, en sólin sigldi fram úr sykrinum skömmu eftir sjálfstæðistökuna. Ferðaþjónusta hefur æ síðan verið mikilvægasti atvinnuvegur íbúanna. Lífskjörin hafa batnað hröðum skrefum, svo að nú nálgast tekjur á mann í Barbados tekjur á mann á Kýpur og Möltu, sambærilegum Miðjarðarhafseyríkjum, sem bæði hafa tekið sér stöðu innan Evrópusambandsins. Ekki bara það: fólkið í Barbados lifir að jafnaði næstum jafnlengi og Bandaríkjamenn. Meðalævin er 77 ár í Barbados og 78 ár í Bandaríkjunum. Barbados býr við trausta innviði, sem landið fékk í arf frá Bretum: óskorað lýðræði, frjálsa fjölmiðla, óspillta dómstóla, enga vitleysu. Spilling í Barbados er talin vera á svipuðu róli og í Bandaríkjunum eftir því sem næst verður komizt. Spillingarvísitalan, sem hér er vísað til, er ættuð frá Transparency International í Berlín. Hún er að sönnu of þröng og eftir því ófullkomin og nær t.d. ekki yfir spilltar embættaveitingar og nápot, en ekkert af því er samt talið vera sérstakt áhyggjuefni í Barbados.

**Þrjátíu þingmenn**

Hvað skyldi fólkið í Barbados telja sig þurfa marga þingmenn? Þrjátíu. Ríkisstjórn landsins hefur áratugum saman fylgt skynsamlegri hagstjórnarstefnu, svo að verðbólgan í landinu hefur lengi verið lítil sem engin og fátækt með minnsta móti á svæðinu. Þetta hefur gert eyjarskeggjum kleift að halda gengi Barbadosdollarans rígföstu allar götur frá 1975 í hlutfallinu tveir Barbadosdollarar á móti einum Bandaríkjadal. Ekkert agaleysi þar. Þetta hefur gert íbúum Barbados kleift að afþakka boð fólksins á eyjunum í kring um að ganga í myntbandalag þeirra og taka upp Karíbadal. Þjóðir, sem kunna fótum sínum forráð í peningamálum, þurfa ekki að deila gjaldmiðli sínum með öðrum.

Þegar ég hafði lokið lofsöng mínum um fegurð smæðarinnar í Barbados, rétti silfurhærð kona aftast í salnum upp höndina og sagði: „Prófessor, mér virðist, að yður kunni að hafa yfirsézt eitt mikilvægt atriði.“ Hjartað í mér sló örar. Konan hélt áfram: „Bankarnir í Barbados hafa frá fyrstu tíð verið kanadískir.“ Þetta var rétt hjá henni. Þessu hafði ég gleymt.

Æ síðan hef ég sagt söguna um Barbados með þessari mikilsverðu viðbót. Kanada býr að sönnu við traust bankakerfi undir ströngu eftirliti. Enda getur varla heitið, að bankakreppan, sem hófst í Bandaríkjunum 2007 og breiddist þaðan út um lönd, hafi komið við Kanada. Jafnvel heimskreppan 1929-39 sigldi fram hjá Kanada, þar eð bankakerfið norðan landamæranna var heilbrigt og traust. Fáeinir smábankar féllu, það var allt og sumt. Kanadískir bankar hafa reynzt Barbados vel líkt og heima fyrir.

# 14 : 1

Auðlindir
Helgi Hjörvar
formaður efnahags- og skattanefndar Alþingis.



Auðlind okkar allra, fiskurinn í sjónum, skilaði sjávarútveginum 45 milljarða gróða árið eftir hrun, 2009. Fyrir þann gríðarlega hagnað greiðir hann 3 milljarða til almennings í veiðigjald, eða einn milljarð til eigandans fyrir hverja fjórtán sem hann tekur í hagnað. Það er verri meðferð á almenningi en íslenska landsliðið mátti þola gegn Dönum í versta ósigri íslenskrar knattspyrnusögu. Til glöggvunar er hreinn hagnaður sjávarútvegs nær hálf milljón á hvert heimili.

> Fyrir þann gríðarlega hagnað greiðir hann 3 milljarða til almennings í veiðigjald, eða einn milljarð til eigandans fyrir hverja fjórtán sem hann tekur í hagnað

Að breyta þessum hlutaskiptum almennings og sjávarútvegsins kalla starfsmenn sægreifanna gjaldþrotaleið. Þó sér hvert barn að vel má una útveginum umtalsverðs hagnaðar, þó réttur verði hlutur almennings. Hitt er líklegra að verða gjaldþrotaleið ef leggja á meiri álögur á venjulegt fólk og fyrirtæki, í stað þess að sækja þann arð sem þjóðin á tilkall til af auðlind sinni.


Opnir fundir með nýjum stjórnendum Landsbankans

Á fundunum munu stjórnendur Landsbankans kynna nýja stefnu bankans og framtíðarsýn, breytingar sem orðið hafa og aðgerðaáætlun næstu mánaða. Við viljum hlusta eftir skoðunum og viðbrögðum ykkar, eigenda bankans, til að efla bankann enn frekar.

Framkvæmdastjórn bankans mun sitja fyrir svörum í opnum umræðum. Við hvetjum ykkur til að koma og eiga opinská samskipti við okkur.

**Allir velkomnir!**



Í kvöld 3. febrúar kl. 20.00
Akureyri – Menningarhúsið Hof

Laugardagur 5. febrúar kl. 13.00
Ísafjörður – Edinborgarsalurinn

Mánudagur 7. febrúar kl. 20.00
Egilsstaðir – Hótel Hérað

Þriðjudagur 8. febrúar kl. 20.00
Selfoss – Hótel Selfoss

Miðvikudagur 9. febrúar kl. 20.00
Hafnarfjörður – Bæjarbíó

Fimmtudagur 10. febrúar kl. 20.00
Akranes – Bíóhöllin

Mánudagur 14. febrúar kl. 20.00
Reykjanesbær – Duushús

Þriðjudagur 15. febrúar kl. 17.00
Reykjavík – Grand Hótel

Fimmtudagur 17. febrúar kl. 20.00
Höfn í Hornafirði – Nýheimar

Hægt er að skrá sig á opna fundi á **landsbankinn.is.**
Við vonumst til að sjá sem flesta.

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn) kt. 471008-2080.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS
GÓÐUR TILBÚINN MATUR
FYRIR 3-4 ÞARF AÐEINS AÐ HITA
998
KR. STK.
BÓNUS ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR
BÓNUS BURRITOS 4 STK.
BÓNUS ÍTALSKT LASAGNE
BÓNUS HEILSURÉTTUR
GRÍSA Veisla
VÍNARSNITSEL
GRÍSAVEISLU VÍNARSNITSEL
998 KR.KG.
ÍSLANDSLAMB FROSINN
HÁLFUR LAMBSKROKKUR
798 KR.KG.
K.S FROSINN LAMBABÓGUR
798 KR.KG.
KOFAREYKT
-hvað er betra!
KF REYKT FOLALDAKJÖT
599 KR.KG.
25% AFSLÁTTUR - MERKT VERÐ 798 kr.kg
BÓNUS MYLLAN
MYLLAN
998
KR. 1000g
BÓNUS SÚKKULAÐITERTA 3 HÆÐA 1 KG
Sinnep
Tómat sósa
139
KR. 460 gr
129
KR. 460 gr
BÓNUS SINNEP
NÝTT OG ENDURBÆTT BRAGÐ
TÓMATSÓSA
25% AFSLÁTTUR
SKÓLAOSTUR
SKÓLAOSTUR Í SNEIÐUM
25% afsláttur Merkt verð 1648 kr./kg.
1236 KR.KG
298
KR. 420g
MYLLU KRYDDKAKA 440g 200 kr. lækkun
Gillette
Fusion POWER
Gillette
FUSION POWER
FJÖGUR RAKBLÖÐ
200 KR. LÆKKUN
1798 KR.PK.
Gillette MACH3
Gillette
MACH 3
FJÖGUR RAKBLÖÐ
1198 KR.PK.
Gillette®
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
FERSKUR KJÖRFUGL BRINGUR, BITAR OG VÆNGIR
KJÚKLINGABRINGUR
1898 KR.KG
KJÚKLINGABITAR
498 KR.KG
KJÚKLINGAVÆNGIR
259 KR.KG
100% UNGNAUTA HAMBORGARAR
2 x 120g MEÐ SÓSU OG BRAUÐI
498 KR.
898
KR. kg
FERSKT BLANDAÐ HAKK 100% KJÖT
60% NAUT & 40% GRÍS
259
KR. 1 kg
BARILLA SPAGHETTI 1 KG
Kellogg's
RISA KASSI 1 KG.
598 KR. 1KG.
Neutral
ÞVOTTAEFNI 1.9 KG.
679 KR. 1.9 KG
SKORNIR
129 KR
HEILIR
109 KR
Hunt's TÓMATAR 410g
FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
MEÐ BEINI
798 KR.KG
ÞEYTIRJÓMI 250ml
198 KR.
PRINGLES 165g
198 KR.
179
KR. 2 ltr.
98
KR. 500ml
MOUNTAIN DEW 500ml
98
KR. 500ml
EGILS ORKA 500ml
198
KR. 1 kg
BÓNUS BRAUÐ 1 KG.
26 SNEIÐAR
Always dömubindi single pakki allar teg. 359 kr.
TAKMARKAÐ MAGN Í BOÐI
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# Til hvers er barist?

Tónlistarskólar

Víkingur Heiðar Ólafsson
píanóleikari



Nú liggur fyrir að skera eigi niður fjárframlög til tónlistarmenntunar í höfuðborginni þriðja árið í röð. Skera á niður um 11% frá 2010 en þar sem niðurskurðurinn á allur að koma til framkvæmda frá og með haustmánuðum væri í raun nær að tala um 33% fyrir skólaárið 2011-12. Að óbreyttu munu skólar á borð við Tónlistarskólann í Reykjavík skella í lás á næsta skólaári. Mann setur hljóðan.

Það er viðkvæmt að bera saman málaflokkana tónlist og íþróttir. Reyndar svo viðvæmt að við ritun þessa greinarkorns bárust mér fjölmargar aðvaranir þess efnis. Að „veitast að“ íþróttahreyfingunni á þann hátt virðist jafngilda því að segjast hlynntur offitu barna, ofdrykkju og eiturlyfjaneyslu. Ekki ætla ég að gerast sekur um það – öðru nær, ég sem eitt sinn náði þeim frama að vera stoltur (en nokkuð slánalegur) miðjumaður í fjórða flokki Vals. Það er líka leiðinlegt að horfa upp á kreppuna deila og drottna; etja hagsmunahópum hverjum á móti öðrum og skapa sundrungu og almenn leiðindi. Þannig hefur til dæmis viðgengist að láta eins og tónlistin sé að mergsjúga heilbrigðisþjónustuna – en íþróttamálin, á þau má varla anda. Staðreyndin er hins vegar sú að íþróttastarf og tónlistarnám eru á margan hátt sambærilegir málaflokkar sem eðlilegt er að setja í samhengi hvorn við annan í slíkri umræðu – eða voru sambærilegir, ef marka á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar frá því árið 2004. Hins vegar hefur þróunin verið sú að meðan íþróttahreyfingin naut velvildar þeirra fjölmörgu borgarstjórna sem sátu í góðærinu, urðu tónlistarskólar Reykjavíkurborgar eftir. Þeir fengu hlutfallslega sífellt smærri sneið af sívaxandi kökunni og skólagjöld hækkuðu því linnulaust, samanlagt 50% síðan 2004.




### Vonlaus refskák

Í meðfylgjandi töflu sést þróun fjárheimilda borgarinnar til tónlistarskólanna annars vegar og hins vegar til æfinga- og húsaleigustyrkja ÍTR árin 2004-2011. Upphæðirnar eru í milljónum króna. Sé mið tekið af núverandi fjárhagsáætlun hafa fjárheimildir til tónlistarskólanna fyrir árið 2011 hækkað um 8% samanborið við árið 2004 á meðan æfinga- og húsaleigustyrkir ÍTR hafa hækkað um 173%. Þessar tölur eru ekki framreiknaðar þannig að í raun er staða tónlistarskólanna umtalsvert verri en taflan gefur til kynna. Borgaryfirvöld verða að meta niðurskurð út frá þróun mála á þenslutímum. Á því flaska þau og setja framtíð tónlistar á Íslandi í hættu. Á síðasta borgarstjórnarfundi virtist sem eina lausn menntaráðs til bjargar tónlistarmenntun fælist í því að skera enn frekar af grunnskólum. Það væri fráleitt og því er augljóst að endurhugsa þarf rækilega skiptingu milli menntasviðs og íþrótta og tómstundasviðs fyrir 2011. Ef borgin myndi kosta nemendur í framhaldsstigi á þessu ári, líkt og henni ber skylda til, væri nær að tala um 720 milljónir til tónlistarskólanna. Borgarstjórn Reykjavíkur teflir nú fram tónlistarnemendum á framhaldsstigi sem fórnarpeði í sjö ára refskák sinni við menntamálaráðuneytið um hver skuli kosta nemendur á framhaldsstigi í tónlist. Menntamálaráðherra hefur tekið vel í að borga framhaldsstig tónlistarskólanna en borgaryfirvöld frábiðja sér að borga nám sextán ára og eldri. Það er óeðlileg krafa þar sem ekki er hægt að miða við samræmdu prófin í listmenntun. Gjörólíkt eðli mismunandi hljóðfæranáms sem og söngsnáms ættu að vera augljós rök.

### Að skora í gatslitin net

Að ofan er komið inn á rekstrarstyrki til ÍTR en ótaldir eru auðvitað byggingarstyrkirnir sem námu yfir 2.600 milljónum króna á sama tímabili. Byggingarstyrkir til tónlistarskóla borgarinnar voru engir. Í Kópavogi, Hafnarfirði og Garðabæ hafa sérhannaðar byggingar undir tónlistarmenntun hafa risið undanfarin ár. Í Tónlistarskólanum í Reykjavík, þeim skóla sem er mér kærastur af öllum þeim sem ég hef numið við, starfa margir fremstu listamenn þjóðarinnar áfram í skrifstofuhúsnæðinu yfir Vinabæjarbingóinu í Skipholti, í níu óhljóðeinangruðum skólastofum með pappírsþunnum veggjum, gefandi ófáa ólaunaða aukatíma í yfirvinnu, enda starfa bestu tónlistarkennararnir ekki eftir klukkunni. Flyglar skólans eru þeir sömu og móðir mín æfði sig á fyrir fjörutíu árum. Á þeim tíma þóttu þeir á síðasta snúningi. Aðstöðu tónlistarskólans má líkja við það að stunda knattspyrnuæfingar á sömu skóm og með sama knettinum í fjörutíu ár, skorandi í gatslitin net. Þó útskrifar skólinn aðdáunarverða tónlistarmenn ár eftir ár, tónlistarmenn sem stjórnmálamenn punta sig með á tyllidögum.

### Öld hagtölunnar

Við lifum á tímum hagtalna, fram hjá því verður ekki horft. Frægðarsól þeirra hefur risið jafnt og þétt og nú er svo komið að ár hvert er þeim helgaður sérstakur dagur á heimsvísu, 20. október. Að manni setur kjánahroll þegar maður stendur sig að því að fella listgreinarnar í sömu talnamót og notuð eru um aðrar framleiðslugreinar, það er þversagnakennt, enda ætti listin að taka við þar sem tölunum sleppir á 21. öldinni. Tónlistarmenn skyldu þó ekki óttast þá umræðu, kannski er hún löngu tímabær á Íslandi. Það er nefnilega landlægt viðhorf að tónlistarmenn (og listamenn almennt) séu öðrum skattborgurum byrði og það hefur óhjákvæmilega áhrif á sjálfsmynd stéttarinnar. Skemmst er að minnast umtalaðrar skýrslu menntamálaráðuneytisins frá byrjun desember þar sem fram kom að heildarvelta menningar á Íslandi árið 2009 hefði verið 191 milljarður króna, 6% af þjóðarframleiðslu. Virðisaukaskattsskyld velta landbúnaðar var til samanburðar 1% og fiskveiðar 4%. Af listaspírunum spretta því líka peningar. Hagfræðileg rök gegn því að kippa grunnstoðunum undan tónlistarmenntun Reykjavíkurborgar ættu því að duga borgaryfirvöldum, ein og sér, hafi tónlistin ekki nægt gildi fyrir þeim í sjálfri sér. Þannig var óþolandi að hlusta á borgarstjóra og aðra í besta flokki tala klisjukennt um yndi tónlistar sl. þriðjudag allt út frá sömu hugsun og niðurstöðu: tónlist væri „hobbý“ sem réttlætanlegt væri að setja skörinni lægra en aðra menntun þegar að kreppti. Það er röng hugsun, henni þarf að útrýma. Tónlist er gríðarstór atvinnuvegur sem veltir tugmilljörðum. Fegurð hennar virðist blinda borgarstjórnendum sýn.

„Til hvers erum við þá að berjast?“ – þannig hljómuðu viðbrögð Winstons Churchill við tillögum um að færa opinber framlög til lista yfir í stríðsrekstur í seinna stríði. Orð hans koma ósjaldan upp í hugann þegar listsköpun og listmenntun verða fyrir barðinu á óupplýstri umræðu á Íslandi. Í íslenskum stjórnmálum ríkir jafnan stríðsástand, í kreppu sem góðæri. Til hvers berjast Samfylkingin og Besti flokkurinn?

# Afþökkum launahækkunina!

Jafnrétti

Sævar Sigurgeirsson
auglýsingasmiður og handritshöfundur



Launamunur kynjanna! Af hverju í ósköpunum er þessi setning til? Af hverju í sótsvörtum og saltpækluðum fjandanum erum við ennþá stödd á þeim stað í mannkynssögunni að það sé hægt að láta þessi tvö orð standa hlið við hlið? Er þetta eitthvað lögmál? Er þetta af því karlmenn eru svo miklu betri starfskraftar? Samviskusamari? Flinkari? Gáfaðri? Betur fallnir til að stjórna? Þeim betur treystandi? Er þetta kannski af því að karlmenn eru meiri keppnismenn? Kannski af því þeir hafa í sér meiri áhættusækni og hæfileika til að fara svo hressilega fram af brúninni í fyrirtækjarekstri sínum að þeir geta kafsiglt heilu bankakerfin og sett þjóðfélög á hausinn? Eru þetta kannski bara leifar af gömlu og úreltu kerfi sem stjórnað var af karlmönnum? Er þetta kannski bara allt á misskilningi byggt? Það skyldi þó ekki vera?

> Þegar við biðjum um launahækkun, þá einfaldlega tökum við það fram að við viljum hana samt ekki nema konan við hliðina á okkur verði hækkuð jafnt.

Síðastliðinn kvennafrídag gengu konur út af vinnustöðum sínum kl. 14.25. Sú tímasetning er reiknuð út frá því hvenær þær eru taldar hafa skilað vinnuframlagi sínu á deginum ef litið er til launamunar kynjanna. Vinur minn einn, mikill grínisti, hafði það á orði að þetta væri auðvitað tómt rugl. Konur hefðu komið svo miklu seinna en karlmenn inn á vinnumarkaðinn að þær ættu eftir að vinna helling upp. Ættu því í raun réttri að sitja eftir á hverjum degi og vinna lengur. Fyndinn og óvæntur viðsnúningur – þótt málið sé grafalvarlegt. Með sömu rökum ættu karlmenn auðvitað að yfirtaka í langan tíma allt það sem konur gerðu á meðan þeir voru úti að vinna af því þar komu þeir almennt miklu seinna til sögunnar – altsvo til heimilisstarfa, barnaumönnunar og annarrar umönnunar almennt. Og því má auðvitað ekki gleyma að á mörgum heimilum er það ennþá svo að þær skyldur hvíla að stórum hluta á herðum konunnar jafnvel þótt hún sé í fullri vinnu til jafns við karlinn. Þeir hlutir hafa þó sem betur fer tekið miklum breytingum undanfarna áratugi.

Gróflega má segja að launamunur kynjanna eigi sér tvær hliðar; eina sem skýrist af eðli starfanna – þ.e.a.s. að þegar heildin er reiknuð eru konur fleiri í störfum sem teljast til láglaunastarfa – og aðra sem er algjörlega óútskýranleg og auðvitað óþolandi og ólíðandi með öllu – nefnilega að kona í sömu vinnu og karlinn við hliðina sé með lægri laun en hann þrátt fyrir sambærilega reynslu eða starfsaldur.
Það fyrrnefnda getur tekið langan tíma að „leiðrétta“, því sama hversu mikið við þráum jafnrétti er víst að alltaf munu verða til störf lægra launuð en önnur störf – og því miður er allt eins víst að áfram muni þau verða mönnuð konum að meirihluta. Hitt á auðvitað ekki að þekkjast, en EF … þá er hægt að leiðrétta það mun hraðar. Og það er væntanlega í höndum okkar karlmanna. Hvernig? Jú! Ef við erum forstjórar – laga þetta strax, eða eins fljótt og fyrirtækið ræður við fjárhagslega. Ef við erum millistjórnendur og höfum á annað borð eitthvert veður af slíkum mun – beita okkur fyrir því að þetta verði lagað hið snarasta. Ef við hins vegar erum óbreyttir starfsmenn – (og þarna er ég mögulega kominn að stærstu fórninni) – þá vitum við kannski ekkert hvernig launum annarra starfsmanna er háttað, en getum samt tekið virkan þátt í þróuninni. Þegar við biðjum um launahækkun, þá einfaldlega tökum við það fram að við viljum hana samt ekki nema konan við hliðina á okkur verði hækkuð jafnt. Og ef okkur býðst launahækkun, þá einfaldlega spyrjum við: „Er konan við hliðina á mér að fá þetta sama?“ Ef svarið er „já“, þá er allt í lagi. Ef svarið er „nei“, þá einfaldlega krefjumst við þess eða að öðrum kosti – afþökkum launahækkunina. Já, ég sagði það. Afþökkum launahækkunina! Það hljómar kannski fáránlega, en þegar breyta þarf viðhorfi, þá þarf að breyta viðhorfi og hugsa á óvæntan hátt. Ef það kostar fórnir – þá bara verður svo að vera – málstaðurinn krefst þess.



# Aðeins í 3 daga !

## Lagerútsala!



stillanleg rúm • einbreið rúm • tvíbreið rúm • gaflar • stólar • svefnsófar • sængurverasett o.fl.




**Bak við Holtagarða!!**

ekki missa af þessu!!

lagerútsalan hefst í dag

**30-70% afsláttur**

fim - fös frá kl. 11 - 18
laugardag frá kl. 11 - 17

**Reykjavík**
**Faxafeni 5**
**Sími 588 8477**
**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**

**Betra BAK**

# Menntun hent út með baðvatninu

Menntun

Þorgerður Laufey Diðriksdóttir
formaður Kennarafélags Reykjavíkur



Íslendingar hafa lengi búið við grunnskólakerfi þar sem jafnræði nemenda til náms, óháð efnahag og menntun foreldra, er tryggt með lögum. Sterk hefð er fyrir hverfisskólanum og það hefur sýnt sig að þrátt fyrir að foreldrar í Reykjavík eigi þann kost að velja barni sínu skóla óháð hverfi hafa þeir ekki nýtt sér þann kost að neinu marki. Eftir að sveitarfélög tóku við rekstri grunnskóla hafa skólar smám saman markað sér hver sína sérstöðu eins og kemur skýrt fram í mikilli grósku í skólastarfi. Skólastefna hvers skóla hefur orðið sýnilegri og er sett fram af metnaði. Þetta eykur gæði þeirrar menntunar sem börn fá á tíu ára grunnskólagöngu.

Reykjavíkurborg lagði upp með að í hverju hverfi borgarinnar væri grunnskóli og útkoman hefur orðið sú að til urðu litlir skólar á mælikvarða borgar, skólar með nemendafjölda frá 150 til 600. Þessi mismunur gerir það að verkum að niðurskurður á kennslumagni bitnar mismikið á skólum.

Sá niðurskurður sem nú er að fara í framkvæmd boðar stærri nemendahópa, fábreytt námsval og aukna samkennslu árganga. Hann mun leiða til ójafnræðis milli skóla. Það gefur til dæmis auga leið að nemandi í þrjátíu nemenda námshópi fær ekki sambærilega kennslu og sá sem er í sautján nemenda hópi. Íslenski grunnskólinn hefur skapað sér sérstöðu með öflugri kennslu í list- og verkgreinum og víða hlotið hrós fyrir; sú sérstaða er nú einnig í mikilli hættu. Verði nemendahópar stækkaðir í þessum greinum eins og allt útlit er fyrir er ljóst að börn munu fá verri kennslu. Samfélagssáttmálinn sem felst í grunnskólalögunum og sameiginlegur skilningur þjóðarinnar um að jafnræði skuli ríkja um menntun fyrir alla, óháð efnahag, búsetu og menntun foreldra, er í mikilli hættu. Foreldrar, kennarar og aðrir Íslendingar: Stöðvum þessa árás á menntun barnanna okkar. Strax.

# Er þjóðsöngurinn líka óæskilegur?

Kirkja og skóli

Árni Gunnarsson
fyrrv. alþingismaður



Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar vill koma í veg fyrir, að prestar þjóðkirkjunnar heimsæki grunnskóla borgarinnar, og ræði þar kristin gildi við nemendur. Ástæðan: Mismunun í kynningu á trúarbrögðum. Á Íslandi eru nú skráð 33 trúfélög. Kynningin gæti orðið flókin. Ekki veit ég hvort hugmyndin er sótt til Siðmenntar, sem er félag siðrænna húmanista, eða til félagsins Vantrúar, sem í eru 80-90 yfirlýstir trúleysingjar. Hvergi get ég fundið fjölda félaga í Siðmennt, sem vissulega er marktækt félag og málsvari manngildisstefnu.

Fyrir nokkru sá ég svo frétt í blaði, þar sem andstæðingur þjóðkirkjunnar krafðist þess, að sunnudagsmessur í RÚV yrðu felldar niður. Til að fullnægja kröfunni um að prestar þjóðkirkjunnar hafi ekki óæskileg áhrif á ungt fólk, væri rökrétt framhald að fella niður barnamessur, jólamessur, áramótamessur, páskamessur, sjómannamessur et cetera. Og svo er Guðs að nokkru getið í þjóðsögnum. Kann það ekki að valda einhverri mismunun?

Í stjórnarskrá Íslands VI. Kafla, 62. grein segir: „Hin evangelíska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi.“ Í þeim söfnuði eru nú 251 þúsund einstaklingar. Í Fríkirkjusöfnuðunum í Reykjavík og Hafnarfirði eru 13.573 og í Kaþólska söfnuðinum eru 9.625. Í Siðmennt og Vantrú eru nokkur hundruð félagar.

> Það er annars konar innræting, sem vert væri fyrir humanista að hafa áhyggjur af. Það er innræting ofbeldis

Ég er sammála því, að í grunnskólum og öðrum skólum landsins, fari fram kynning og fræðsla um helstu trúarbrögð heims. En mér er ómögulegt, að koma auga á hættuna, sem fylgir því, að prestar eða aðrir starfsmenn hinnar íslensku þjóðkirkju, fræði skólabörn um kristna trú.

Ekki minnist ég slæmra áhrifa af heimsóknum presta, hafi þær verið tíðkaðar í mínum skólum fyrir rúmum 60 árum. Ég fór jafnvel sjálfviljugur í KFUM og Vatnaskóg og tel mig jafnvel hafa orðið eitthvað skárri manneskja af þeirri „innrætingu“, sem þar fór fram.

En kannski er ég að misskilja þetta allt. Í barnaskap mínum hef ég alltaf talið, að Jesús Kristur hafi verið humanisti.

Vegna þessa arna vil ég láta það koma fram, að það er annars konar innræting, sem vert væri fyrir humanista að hafa áhyggjur af. Það er innræting ofbeldis í kvikmyndum, sjónvarpi og tölvuleikjum, þar sem blóð flæðir, hausar velta og sigurvegarinn er sá, er flesta drepur. Ofbeldi, sem vex hröðum skrefum í okkar góða landi, á ekkert skylt við siðrænan humanisma. Ofbeldið ógnar manngildinu og ég legg eindregið til, að Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar beini baráttu sinni að þeim ófögnuði. Það eru mannréttindi að geta gengið öruggur um borgina sína.

# Stóryrtur formaður KÍ

Skólamál

Halldór Halldórsson
formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga



Í aðsendri grein Eiríks Jónssonar, formanns Kennarasambands Íslands, sem birt var í Fréttablaðinu mánudaginn 24. janúar sl. vandar hann ekki fremur en áður kveðjurnar til sveitarfélaganna. Hann kýs að tala niður til kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnum og spyr hvort sveitarstjórnarmenn séu að ganga af göflunum. Hann talar um svartsýna og sjálfumglaða sveitarstjórnarmenn þar sem margt hafi farið úrskeiðis í fjármálastjórn, menn hafi verið að gera málamyndagjörninga í starfsmannamálum og afneitun þeirra á eigin mistökum eigi sér stað. Hann segir sveitarstjórnarmenn stunda tilviljunarkennd vinnubrögð, sýna nemendum áhugaleysi, starfsfólki skóla lítilsvirðingu og að þeir semji af sér í samningum við ríkið. Fleira telur hann upp til miska fyrir þá fulltrúa sem hafa verið kosnir í lýðræðislegum kosningum af íbúum sveitarfélaga til að fara með stjórn þessara samfélagseininga.

Því verður ekki leynt að mann setur hljóðan eftir slíkan reiðilestur. Hvað gengur manninum til? Nú standa yfir kjaraviðræður aðila og verður að telja að slík innkoma formanns KÍ í fjölmiðlum geti vart verið með það að markmiði að auðvelda lausn þeirra mála. Ekki vil ég trúa því að tilgangur hans sé að breyta vinsamlegum og hlutlægum kjaraviðræðum í harðvítuga kjaradeilu? Reyndar tekur hann ekki beinan þátt í þessum viðræðum enda er hann að láta af störfum á næstu vikum sem formaður KÍ og maður spyr sig hvort þetta geti virkilega verið hans lokakveðjur til sveitarstjórnarmanna þessa lands og hans lokainnlegg til samninganefnda KÍ á þessum erfiðu tímum?

Í raun dæma orð fráfarandi formanns KÍ sig sjálf og eru vart svaraverð. Engu að síður setur hann fram svo stóra og illa ígrundaða fullyrðingu í greininni að ekki verður hjá því komist að leiðrétta hana. Hann segir að stærstu mistökin sem sveitarstjórnarmenn hafi gert í samningum við ríkið þegar sveitarfélögin sömdu um yfirtöku á öllum rekstri grunnskólans árið 1996 séu þegar þau hafi einungis fengið 60% af því fjármagni sem þurfti til að standa undir rekstri skóla. Þessu til stuðnings vísar hann til útreikninga Kennarasambands Íslands frá þeim tíma. Hvernig er hægt að halda slíku fram og ætlast til að einhver taki mark á sér? Hvar eru þessir útreikningar KÍ?

Í samningunum um yfirtöku á öllum rekstri grunnskólans fengu sveitarfélögin allt það fjármagn sem ríkið setti í rekstur sömu þátta og sveitarfélögin yfirtóku. Ef fullyrðing formanns KÍ myndi standast þá þýddi það að ríkið hefði rekið grunnskólann með 60% fjármögnun. Hvaðan komu þá þau 40% sem upp á vantaði til að starfrækja grunnskólann? Þetta gengur einfaldlega ekki upp hjá formanninum. Til viðbótar því fjármagni sem ríkið hafði sett til grunnskólans fyrir flutning fengu sveitarfélögin aukið fjármagn m.a. til að flýta fyrir einsetningu grunnskólans, uppbyggingu og rekstri mötuneyta og til að fjármagna fjölgun kennslustunda í áföngum.

> Sá grunnskóli sem sveitarfélögin starfrækja í dag er allt annar og betri grunnskóli en sveitarfélögin tóku við frá ríkinu

Í samningnum við ríkið árið 1996 var ákvæði um að endurmeta kostnað og tekjuþörf sveitarfélaga árið 2000. Það var gert og voru bæði ríkið og sveitarfélögin sammála um að ekki væri ástæða til að breyta forsendum samningsins. Byggði sú niðurstaða m.a. á sérstakri úttekt á málinu sem endurskoðunarfyrirtækið KPMG gerði auk rannsóknar sem Ólafur Darri Andrason, núverandi hagfræðingur ASÍ, gerði. Þetta skýrist m.a. af því að þrátt fyrir að sveitarfélögin hafi veitt viðbótarfjármagni til skólanna til að auka þjónustuna styrktist útsvarsstofn þeirra svo mikið að þau höfðu góð efni á útgjaldaauka vegna bættrar þjónustu.

Aftur var gerð úttekt á stöðunni af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga árið 2007. Þá kom skýrt fram að sveitarfélögin höfðu ákveðið að verja enn stærri hluta tekna sinna til grunnskólans enda hafa þau sýnt mjög mikinn metnað á þeim vettvangi. Frá árinu 1997 til 2006 hafði stöðugildum kennara og stjórnenda í grunnskólum fjölgað um 1.455 eða 43,6% og öðru starfsfólki úr 1.281 í 2.174 eða um 69,7%. Á sama tíma fjölgaði nemendum úr 42.319 í 43.875 eða um 1.556 sem er 3,7% aukning. Þetta þýðir að á þessu tímabili fjölgaði um 1,5 stöðugildi starfsmanna fyrir hvern nemanda sem bættist við.

Skóli án aðgreiningar, fjölgun vikulegra kennslutíma, lægri kennsluskylda kennara, meiri sérfræðiþjónusta, aukin gæði stjórnunar og mörg fleiri verkefni sem aukið hafa gæði skólastarfsins valda þessari fjölgun með tilheyrandi kostnaði. Frábært starf kennara og stjórnenda við þróun þessarar þjónustu hefur verið mikilvægt sveitarfélögunum við að bæta skólastarfið og sinna nemendum betur en áður.

Sá grunnskóli sem sveitarfélögin starfrækja í dag er allt annar og betri grunnskóli en sveitarfélögin tóku við frá ríkinu. Er þessi þróun í takti við aðra þjónustu sem sveitarfélögin hafa verið að útfæra og bæta á liðnum árum. Þau gátu það vegna tekjuaukningar í góðæristímabilinu. Nú hefur því miður brostið á kreppuástand sem einfaldlega kallar á að undið sé að einhverju leyti ofan af því sem byggt var upp og finna þarf nýtt jafnvægi. Sveitarfélögin verða að hafa tekjur til að standa undir útgjöldum vegna þjónustu. Þau hafa kallað til verka starfsmenn sína til að aðstoða við þá vinnu og við vitum öll að ekki er hægt að undanskilja kennara og góða skólastarfið í þeim efnum. Öll sveitarfélög reyna að sjálfsögðu eins og kostur er að hlífa skólastarfinu. Þau reyna að forgangsraða í þágu grunnþjónustunnar en það þýðir ekki að hægt sé að komast hjá því að snerta útgjaldaliði hennar. Sveitarfélögin, líkt og ríkissjóður og allur almenningur, þurfa að endurskipuleggja rekstur sinn og lækka útgjöld vegna minni ráðstöfunartekna en áður.

Sveitarstjórnarfólk er áhugasamt um að starfrækja góða þjónustu. Það vill vel og það þarfnast stuðnings, samvinnu og skilnings, en ekki ósanngjarnra árása eins og fráfarandi formaður KÍ leyfir sér í fyrrgreindri blaðagrein.




vilborga@centrum.is
25% AFSLÁTTUR
Miele Tango Plus
Vinsælasta ryksugan frá Miele
Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar, með stillanlegu röri og úrvali fylgihluta. Þær hafa hlotið hæstu einkunn hjá neytendasamtökum í Þýskalandi.
Tilboð kr.: 24.900
Verðlistaverð kr.: 33.200
EIRVÍK -hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

# FEBRÚAR TILBOÐ

4BLS BÆKLINGUR

## ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í ALLT AÐ 6 MÁNUÐI

**0% VEXTIR**
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 6 MÁNUÐI

Í febrúar fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum til allt að 6 mánaða með 3% lántökugjald og 250kr greiðslugjald af hverjum gjalddaga.



SÁ MINNSTI AF SINNI TEGUND

### 320GB FLAKKARI
Örsmár LaCie Rikiki flakkari, aðeins 158gr og á ótrúlegu tilboði meðan birgðir endast

**9.990**

FRÁBÆR FLAKKKARI FRÁ LACIE



HVERGI BETRA VERÐ

### 2TB LACIE FLAKKARI
Stórglæsilegur hágæða USB2 flakkari frá LaCie, sparar orku og slekkur á sér sjálfur

**19.900**

1TB 12.900 • 1.5TB 16.900



MEÐ NÝJUSTU RAFHLÖÐUTÆKNI 9 TÍMAR RAFHLAÐA ENDIST Í 9 TÍMA

### HP MINI FARTÖLVA
Ótrúlegt verð á 10” fistölvu frá HP með Intel N455, 1GB minni, 250GB disk og Windows 7

**49.900**

HVERGI BETRA VERÐ!

**500GB**
Örsmár LaCie Rikiki GO flakkari, innb.USB snúra, silfur, blár eða rauður
**12.900**

**1TB**
Örsmár LaCie Rikiki GO Silfurlitur flakkari með innbyggða USB snúru
**19.900**

GLÆSILEGAR VERSLANIR Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI









3.FEBRÚAR 2011 - BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL.



1GB DX11 SKJÁKORT

# GIGABYTE

## EXTRA TILBOÐ 4

- GIGABYTE EXTRA hljóðlátur turn
- Athlon II X2 Dual Core 250 3.0GHz
- 4GB DUAL DDR3 1333MHz minni
- 1TB SATA2 7200RPM 32MB diskur
- 20x DVD SuperMulti skrifari
- 1GB ATI HD5450 DX11 skjákort
- 7.1 HD Home Theater hljóðstýring
- Windows 7 Home Premium 64 BIT

**99.900**

LEIKJATURN Á ÓTRÚLEGU VERÐI



EZ1601

acer

# eMACHINE

## 19" BORÐTÖLVA

- Intel Atom N270 1.6GHz örgjörvi
- 1GB DDR2 533MHz vinnsluminni
- 160GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 19" HD 16:9 1366x768 skjár
- 256MB Intel GMA 950 skjástýring
- 54Mbps þráðlaust net
- Windows XP Home og fjöldi forrita

**79.900**

GLÆSILEG OG FJÖLHÆF BORÐTÖLVA



FULL HD 1080P ÞESSI SPILAR ALLT

DOLBY DIGITAL · dts · Full HD 1080 · Blu-ray

ARGOSY



3D DX11 SKJÁKORT

# GIGABYTE

## 3D MONSTER TILBOÐ 1

Öflugur leikjaturn sem hlaðinn er allri nýjustu tækni og ofur öflugu 1GB 4.2GHz ATI HD6850OC HD3D DX11 leikjaskjákorti

- Antec Dark Fleet 10 leikjaturn
- Phenom II X2 555 BLACK 3.2GHz 7MB
- GIGABYTE 770T-UD3 móðurborð
- 4GB DUAL DDR3 1333MHz minni
- 1TB SATA2 7200RPM 32MB diskur
- 20x DVD SuperMulti skrifari
- 1GB ATI HD6850 DX11 HD3D skjákort
- 7.1 HD Home Theater hljóðstýring
- Windows 7 Home Premium 64 BIT

**149.900**

GLÆSILEGUR LEIKJATURN



ÞRÁÐLAUST NET

ENGAR SNÚRUR OG EKKERT VESEN SPILAR BEINT YFIR ÞRÁÐLAUST NET

FULL HD 1080P TENGIST VIÐ ALLT

DOLBY DIGITAL · dts · Full HD 1080 · Blu-ray

# 1.5TB WiFi

## FULL HD WiFi PLAYER

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- 1080P HD kvikmynda afspilun H.264
- Spilar alla tónlist í DTS og Dolby HD
- Spilar þráðlaust yfir net með WiFi neti
- Spilar af USB flökkurum og minnislyklum
- BitTorrent, Samba, Picasa, Flickr ofl.
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- HDMI, USB, LAN, RCA, RGB, ljósleiðari

**39.900**

2TB ÞRÁÐLAUS AÐEINS 44.900



# GIGABYTE

## UPPFÆRSLA 3

- Athlon II X2 Dual Core 250 3.0GHz
- GIGABYTE 880GM-D2H móðurborð
- 4GB DUAL DDR3 1333MHz minni
- 512MB ATI Radeon HD4250 skjást.
- 5.1 HD Home Theater hljóðstýring
- GB LAN, 10xUSB2, SATA2 Raid, ofl.

**36.900**

ÖFLUG UPPFÆRSLA



ÁBRENNT ÍSLENSKT LETUR

# K120 LYKLABORÐ

Vandað Logitech lyklaborð með ábrenndu íslensku letri á sérstöku kynningartilboði

**1.990**

LOGITECH KYNNINGARTILBOÐ



HVERGI BETRA VERÐ

# 4GB MUSHKIN MINNI

Hágæða Mushkin 1333MHz DUAL DDR3 Stiletto vinnsluminni með lífstíðarábyrgð

**8.990**

2GB 4.990 I 8GB 19.900



# HD202

## HEYRNARTÓL

Einstaklega létt og þægileg heyrnartól frá Sennheiser með einstök hljómgæði, djúpan bassa og 3m kapli með beltis smellu.

**4.990**

SENNHEISER HEYRNARTÓL



# LOGITECH 2.1 KERFI

Glæsilegt 17W RMS 2.1 hljóðkerfi, þægilegt stjórnborð með tengi fyrir MIC og heyrnartól

**6.990**

LOGITECH S220 2.1 HLJÓÐKERFI

TÖLV

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900



**Kryddpían Geri Halliwell** hefur hannað splunkunýja baðfatalínu fyrir Next, og nú þegar má kaupa bikiní, sólhatta, skart og skó í anda Rauða kryddsins á netinu og í verslunum ytra. Konur í öllum stærðum voru Geri að innblæstri og hægt er að blanda öllu saman fyrir hófstillt verð.




**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



**Glæsilegur push up**



teg. TABOO - glæsilegur push up í skálastærðum D,DD,E,F,FF,G á kr. 7.680,-

Misty -fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366

Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.

www.misty.is

Vertu vinur



Eirberg

**Fjölþrepa bakbrettið**



- Teygir á hrygg og bakvöðvum
- Minnkar vöðvaspennu
- Linar bakverki
- Bætir líkamsstöðu
- Auðvelt í notkun

Verð: 7.950 kr.



Opið virka daga kl. 9 -18 og á **laugardögum** kl. 11 -16

Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



**Stórútsala**

**50-70% afsláttur**

**Stærðir 36-52**

hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 • Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is


**Uppáhaldskjóll Söndru Hrafnhildar Harðardóttur er 20 ára gamall:**



# Kjóll margra kynslóða

Föðursystir mömmu minnar keypti kjólinn í London hjá Dorothy Perkins fyrir um 20 árum og gaf henni hann svo. Ég fékk hann svo frá mömmu fyrir nokkrum árum og þykir afar vænt um hann. Bæði vegna þess að mér finnst hann rosalega flottur og einnig vegna þess hvernig hann hefur gengið milli kynslóða innan fjölskyldunnar," segir Sandra Hrafnhildur Harðar-


;FRAMHALD | 2


FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


6 mánaða vaxtalausar greiðslur

**SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR**

**Gerið gæða- og verðsamanburð**

**20-70% AFSLÁTTUR**

Af völdum vörum



10.000 kr. vörukaup fylgja öllum heilsurúmum.

(Gildir ekki með öðrum tilboðum)



50% AFSLÁTTUR

**Svefnsófi**

með tungu hægri/vinstri og geymslu Svefnflötur 140x200

verð 199.000

Nú 99.500

Svefn & heilsa

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150

Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00



**Tískuhönnuðurinn Christopher** Kane hlaut 200 þúsund pund frá breska tískuráðinu og tískuhönnuðasjóði Vogue. Þessi ungi skoski hönnuður mun einnig fá aðstoð sér reyndari manna við að þróa tískufyrirtæki sitt. Kane hefur vakið verðskuldaða athygli undanfarið og síðustu línu hans, sem hann tileinkaði Margréti prinsessu, var vel tekið í tískuheiminum.

Eirberg




Ný sending af sundfatnaði komin

Opið frá kl. 9-18 og á laugardögum kl. 11-16

Stórhöfða 25
Sími 569 3100 • eirberg.is

**Hringtreflar**

Ný sending af vinsælu hringtreflunum - mjúkir, hlýir og flottir.
**Verð kr. 2990,-**
Einnig mikið úrval af húfum, treflum, vettlingum, grifflum, hnésokkum og legghlífum.



SKARTHÚSIÐ
LAUGAVEGI 44
SÍMI 562 24 66
Erum á Facebook



Christina Aguilera sýndi ekki en söng af mikilli upplifun þegar upptökur fóru fram á auglýsingu í tenglsum við tískuvikuna.
NORDICPHOTOS/GETTY



Varla mátti á milli sjá hvort gestir væru staddir á tískusýningu eða á tökustað kvikmyndar eftir Pedro Almodóvar þegar Neon kynnti haust- og vetrarlínu sína.
NORDICPHOTOS/AFP

# Stjörnufans í Sao Paulo

**Óhætt er að segja að öllu hafi verið tjaldað til á tískuvikunni í Sao Paulo sem lauk nú í vikunni.**

Helstu hönnuðir Brasilíu sýndu haust- og vetrarlínu 2011/2012 á tískuvikunni í Sao Paulo og fengu til liðs við sig Hollywood-stjörnur og heimsþekktar fyrirsætur. Paris Hilton, Gisele Bündchen og Alessandra Ambrosio voru þeirra á meðal og svo Ashton Kutcher sem rifjaði upp gamalkunna takta fyrir vin sinn, Jeziel Moraes. Senuþjófurinn kom hins vegar úr allt annarri átt, en það var brasilíska fyrirsætan Lea T. sem er meðal annars þekkt fyrir að hafa undirgengist kynleiðréttingaraðgerð og var ófeimin við að sýna glæsilega útkomuna.

*- rve*



Leikarinn Asthton Kutcher mætti í fylgd eiginkonunnar Demi Moore og vippaði sér skömmu síðar upp á pall.
NORDICPHOTOS/AFP



Paris Hilton sýndi föt úr smiðju Triton. Paris var greinilega ánægð með sýninguna því skömmu seinna skrifaði hún á Twitter að Brasilía „rokkaði feitt".
NORDICPHOTOS/AFP



Lea T., dóttir fótboltamannsins Toninho Cerezo, þótti stela senunni þegar hún sýndi föt eftir Alexandre Herchcovitch.
NORDICPHOTOS/AFP



Gisele Bündchen sýndi að hún hefur engu gleymt. Hér er hún í „fatnaði" frá Colcci.
NORDICPHOTOS/AFP

Framhald af forsíðu

dóttir, mannfræðinemi og barþjónn á Café Rosenberg um kjólinn sem hún er í á myndinni.

En hvernig skilgreinir Sandra eigin fatastíl? „Ég myndi lýsa stílnum mínum sem eins konar rokk-rómantískum stíl. Ég fíla fínlegar línur sem eru þó á sama tíma frekar rokkaðar og óhefðbundnar: öfgar á móti einfeldni í sömu flíkinni."

Eyðirðu miklum tíma í að pæla í fötum áður en þú ferð út? „Já, ég get ekki neitað því. Yfirleitt þegar mér er boðið á einhvern viðburð eða í veislu er það fyrsta sem ég geri að hugsa um og sjá fyrir mér í huganum í hverju ég ætla að fara. Bíð bara eftir þeim degi þegar ég sit heima í dressinu og missi af veislunni vegna þess að ég gleymdi að hugsa um hvernig ég ætti að komast þangað en pældi bara í fötunum."



„Ég hef verið að hanna sjálf og nýta það sem ég hef lært," segir Sandra.

Sandra lærði fatahönnun í tvö ár og segist ætla að klára námið þegar betur standi á. „Ég hef verið að hanna sjálf og nýta það sem ég hef lært nú þegar og stefni á að halda því áfram. Svo fer ég í frekara nám þegar ég verð í þeim aðstæðum að geta sinnt því af heilum hug."

Hvaða hönnuðir eru í uppáhaldi? „Get ekki nefnt einn sem er algjörlega uppáhalds, en þeir efstu hjá mér eru Stella McCartney, Alexander McQueen, sem var einn mesti hönnunarsnillingur mannkynssögunnar, og svo Mandoo Guera. En fyrirmyndin mín hvað varðar klæðaburð er klárlega Sarah Jessica Parker."

Sandra í þriggja ára dóttur og liggur beint við að spyrja hvort hún muni ekki erfa kjólinn góða þegar þar að kemur. „Ætli það ekki bara. Það kæmi mér allavega ekki á óvart. Þetta er svo frábær kjóll."

*fridrikab@frettabladid.is*




FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

MEIRI AFÞREYING

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísir.
vísir.is



Emma Watson með spennu í stuttu hári.



Kirsten Dunst er settleg með spennu.



Klútar voru áberandi á tískusýningu Missoni.

# Hárklútur, spöng og spenna

**Hárklútar og hárskraut voru áberandi á tískusýningum Missoni og Moschino fyrir vorið og sumarið. Stjörnurnar hafa tekið ábendingar tískuvitanna alvarlega og bera nú hárskraut, spennur og klúta um höfuð á rauða dreglinum.**



Rihanna hefur tekið hárbandinu fagnandi.



Scarlett Johansen með pent skraut í uppsettu hári.



Eva Mendes ber klútinn vel.



## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

**Bergþór Bjarnason skrifar frá París**

# Nýtt blóð á hátískusýningum í París

Hátískusýningarnar í janúar og júlí eru líklega með allra mikilvægustu augnablikum í tískuheiminum. Lúxusinn er við góða heilsu og því var mikið um dýrðir í París í síðustu viku. Hönnuðirnir eru þó misjafnlega áhugaverðir. Auðvitað var allt óaðfinnanlegt hjá John Galliano fyrir Dior eða á sýningu Karls Lagerfeld og Chanel en hvernig mætti líka annað vera þegar engin takmörk eru fyrir því sem lagt er í hverja flík eða við umgjörðina og sýninguna? Ég er hræddur um að margir vildu standa í þeirra sporum og hafa aðgang að því fjármagni og fjölmiðladekri sem er að baki þar. En það er einhvern veginn eins og þetta sé endurtekið efni þótt auðvitað séu guðdómlegir kjólar sem um pallana svífa og ekki hægt annað en að dást að Chanel-kjól sem hefur að baki sér fjögur hundruð vinnustundir í útsaumi.

Samt er meira spennandi að fylgjast með fyrstu sýningum tveggja tiltölulega ungra hönnuða, Alexandre Vauthier og Maxime Simoëns. Merkilegt er að varla nokkur kona leggur út á þá hálu braut sem hátískan er – spurning hvort þær eigi erfiðara með að skrapa saman fyrir sýningu en strákarnir – og ekki eru þær margar í tískunni almennt.

Alexandre Vauthier sleit barnsskónum hjá Mugler og Gaultier og hefur síðustu tvö ár vakið athygli í fjöldaframleiðslunni (prêt-à-porter). Hann á ekki ómerkari aðdáendur en söngkonuna Rihönnu sem kaupir grimmt hjá honum og tryggir honum athygli glansblaðanna. Ekki er skrítið að Rihanna sé hrifin af hönnun Vauthiers sem er últra sexí, með þröngum sniðum og klaufum upp að lærum, breiðar herðar og á mörkunum að brjóstin sjáist. Nánast ónothæfir skór frá Louboutin voru notaðir við, eins og konurnar væru aðeins til skrauts.

Seinni nýgræðingurinn sem vert er að veita athygli getur ekki státað af sömu skólum og Alexandre Vauthier en Maxime Simoëns er aðeins 26 ára og líkt við Yves Saint Laurent sem byrjaði mjög ungur. Það virðist ekki koma að sök því eftir aðeins nokkrar tískusýningar í fjöldaframleiðslunni leggur hann í hátískuna, sem eins og þið vitið kannski er sá fatnaður sem er aðeins gerður í einu eintaki og seldur og saumaður eftir máli. Sýningin var undir áhrifum Versala Sofiu Coppola frekar en Marie Antoinette 18. aldar þó að blóðrauður liturinn á silkinu minni á sorgleg endalok hennar, sem og silkifellingarnar og mynstrin sem eru konungleg. Simoëns hefur einnig verið boðið að hanna fyrir pöntunarlistann 3 Suisses fyrir komandi sumar.

*bergb75@free.fr*



Alexandre Vauthier

Maxime Simoëns


# Ferming í FLASH 2011



VERÐ 16.990 ST. S/M, L/XL



VERÐ 16.990 ST. S, M, L



VERÐ 16.990 ST. S/M, L/XL



VERÐ 14.990 ST. S/M, L/XL

FLASH

**Laugaveg 54, sími: 552 5201**

Við erum á facebook

***Fleiri myndir á Facebook, vertu vinur***



## Hresst upp á dressið með sjali

SVART ER ALGENGUR LITUR Á FATNAÐI. TIL AÐ HRESSA UPP Á ANNARS SVARTAN ALKLÆÐNAÐ ER GOTT AÐ GRÍPA TIL FYLGIHLUTA Í LIT.

Fallegir rauðir skór eða handtaska í gulu geta lífgað verulega upp á svartan kjól og eins er alltaf fallegt að sveipa um sig sjali.
Ekki treysta sér þó allir í áberandi liti þótt ætlunin sé að brjóta upp svarta litinn.
Hlutlausari litir eins og hvítt, grátt eða brúnt geta einnig gert sama gagn.

Svartur kjóll úr versluninni Rítu í Bæjarlind, skreyttur með silfurofnu sjali úr sömu búð.




Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á www.Trind.com
Útsölustaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir



LAGERSALA
Gönguskór

Opnunartími
virka daga 12-18
laugardag 12-16
St. 36-46
Verð áður 14.995
Verð nú 9.995
www.xena.is
xena
Grensásvegi 8 - 108 Reykjavík - 517-2040




Súsanna B. Vilhjálmsdóttir, formaður Félags hársnyrtisveina, vill að námsráðgjafar leiðbeini fólki betur um hvar atvinnutækifæri liggja þegar velja á iðnnám. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Færri komast á samning

**Nemendum í hársnyrtiiðn fjölgar meðan færri stofur sjá sér fært að taka inn nema á samning. Formaður Félags hársnyrtisveina segir menntamálaráðuneytið og skólana verða að axla ábyrgð á nemendum.**

„Fyrirtæki taka ekki inn jafnmarga nema og áður. Á sama tíma eru skólarnir að taka inn jafnmarga nema, ef ekki fleiri, en menntamálaráðuneytið krefst þess að skólarnir taki á móti öllum þeim sem sækja um skólavist,“ segir Súsanna B. Vilhjálmsdóttir, formaður Félags hársnyrtisveina.

„Það er ekki hugsað til enda hvort nemandinn komist yfirleitt á samning,“ bætir hún við og kallar eftir betri leiðsögn; kraðak sé á vinnumarkaðnum þar sem nemar og sveinar bítist um þau fáu störf sem í boði séu á hársnyrtistofunum. „Aldurshópurinn 18 til 24 ára á erfitt með að finna vinnu í dag og auðvitað finnur maður til með þeim sem eru að hefja nám og eiga ekki von um samning. Það ber enginn ábyrgð á þessum nemendum.“

Súsanna segir atvinnumöguleika hársnyrtinema hafa verið góða fyrir fjórum árum. Um 110 manns voru þá að hefja nám í skólum og í „góðærinu“ svokallaða voru gerðir 87 til 96 námssamningar. Árið 2009 voru þeir 76 og fer fækkandi.

„Ég er ekki með lokatölur fyrir árið 2010 en það eru í kringum 74 samningar. Þetta er ekki eins mikil fækkun og í mörgum öðrum iðngreinum en fólk velur sér gjarnan þá iðn sem er mest fyrir augunum hverju sinni. Námsráðgjafar í skólum þurfa því að skoða hvar atvinnutækifæri liggja og leiðbeina fólki betur.

Davíð Óskarsson, námsráðgjafi við Tækniskólann, segir almenna umræðu um atvinnumöguleika og horfur í starfsgreinum alltaf geta komið upp í námsráðgjöf. Ekki megi þó einblína á ástandið í augnablikinu.

„Við erum að mennta fólk til framtíðar og setjum ekki fótinn fyrir nemendur sem vilja fara inn á þessar erfiðari brautir, þó að ástandið í dag sé erfitt. Auðvitað þurfum við þó að vera meðvituð um stöðuna og þær leiðir sem eru til þess að takast á við ástandið, til dæmis þá leið að fara í starfsþjálfun erlendis í gegnum Evrópusambandssamvinnu.

Námsráðgjafar hjálpa fólki að finna sínar leiðir.“

*heida@frettabladid.is*


ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA
Aðeins fjögur verð í búðinni af útsöluvörum
50-70%
AFSLÁTTUR
1.990 • 3.990 • 4.990 • 5.990
MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073
FJÖRÐUR
www.fjordur.is




RÝMINGASALA
40-70%
AFSLÁTTUR
BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770


## Skór á litla og stóra



2.490 krónur

**Í vefversluninni superskor.is er að finna skó á alla fjölskylduna.**

Vefverslunin Súperskór fór í loftið í haust en þar er boðið upp á skó á hagstæðu verði. Sem stendur er þar aðallega að finna barnaskó, strigaskó og körfuboltaskó en það stendur til að bæta kvenskóm og hælaskóm við innan tíðar.

Helgu Dóru Gunnarsdóttur, eiganda verslunarinnar, og eiginmanni hennar blöskraði hátt verðlag á skóm og öðrum fatnaði sem varð til þess að þau ákváðu að hefja rekstur. „Með því að sneiða hjá yfirbyggingu á borð við verslunarhúsnæði getum við boðið vörur okkar til sölu á verði sem er samkeppnishæft og gott betur.“

Skórnir koma frá ólíkum framleiðendum en á meðal merkja má nefna körfuboltaskó frá Peak sem hafa hingað til ekki verið fáanlegir hér á landi en eru þekktir erlendis. Helga segir að upphaflega hafi þau hjónin ætlað að selja bæði fatnað og skó en hafi ákveðið að byrja á skónum. Hún segir vel hugsanlegt að þau muni bæta fatnaði við.



Peak körfuboltaskór.
**14.990 krónur.**

Víðar buxur sjást í auknum mæli á tískupöllunum og hafa fatahönnuðir á borð við Marc Jacobs og Jil Sander teiknað þær inn í vor- og sumarlínur sínar. Því er jafnvel spáð að þær muni hefja innreið sína í almennar tískuvöruverslanir innan skamms.

www.vogue.com

# hollur matur

FIMMTUDAGUR 3. FEBRÚAR 2011 | KYNNING

# Sömu gæðin í tuttugu ár

**Veitingastaðurinn Nings hefur í tvo áratugi kitlað bragðlauka Íslendinga. Alla tíð hefur verið staðið vörð um gæði, góða þjónustu og ferskt hráefni.**




**„Hér finna allir eitthvað við sitt hæfi," segja þeir Hilmar Sigurjónsson framkvæmdastjóri og Bjarni Óskarsson eigandi Nings.** FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Okkur var mjög vel tekið strax frá upphafi enda þótti maturinn spennandi auk þess sem Nings hefur alltaf höfðað til mjög breiðs hóps," segir Bjarni Óskarsson sem rekið hefur veitingastaðinn Nings í átján ár en fyrirtækið var stofnað fyrir tuttugu árum.

Í upphafi var Nings aðeins lítill staður á Suðurlandsbraut en hefur vaxið og dafnað í meðförum Bjarna og hans fólks. Staðirnir eru þrír í dag, á Suðurlandsbraut, í Hlíðarsmára og á Stórhöfða. „Auk þess erum við með eitt miðjueldhús og veisluþjónustu þar sem við framleiðum ferskt sushi og ýmsa sælkerarétti alla daga fyrir veislur af öllum stærðum og gerðum."

Á matseðli Nings er að finna yfir hundrað rétti, bæði sælkerarétti og heilsurétti, en síðustu ár hafa heilsuréttir orðið æ meira áberandi. „Okkar stærstu kúnnar í heilsuréttunum eru íþróttafólk og fólk sem er vel að sér um heilsu og næringu, enda fengum við slíkt kunnáttufólk til liðs við okkur þegar við vorum að móta réttina," segir Bjarni og bendir á að Nings hafi unnið með næringarráðgjöfum og sérfræðingum í heilsurækt. „Í heilsuréttina notum við aðeins valið hráefni, góð kolvetni, ferskt grænmeti, hæfilegt magn prótína, engan sykur, ekkert salt og kryddum eingöngu með ferskum engifer, hvítlauk, og chili."

Segja má að Nings hafi oft verið á undan sinni samtíð þegar kemur að hollustunni. „Strax í upphafi var ákveðið að sleppa öllu msg í matnum en fáir vissu hvað það var fyrir tuttugu árum. Þá hefur undanfarið verið mikil umræða um transfitusýrur en Nings hefur allt frá byrjun notað olíur án transfitusýra," segir Bjarni. Ýmislegt nýtt hefur verið prófað í matargerð Nings í gegnum tíðina, einn nýlegur heilsuréttur hefur þó algerlega slegið í gegn. „Það er réttur sem við nefnum Tröllatrefjar. Hann samanstendur af íslensku lífrænt ræktuðu byggi, heilum höfrum og heilum rauðum grjónum sem eru næringar- og trefjaríkustu hrísgrjón sem vaxa á jörðinni. Einnig er nýr sælkeraréttur sem við nefnum Kung pao sem hefur fengið frábærar móttökur."

Bjarni segir að leyndarmálið að baki árangri Nings sé það markmið að standa vörð um gæðin. „Við gætum eldað ódýrt úr frosnu grænmeti og frosnum fiski en við viljum að gæðin séu 100 prósent og því notum við aðeins ferskt grænmeti í réttina okkar og ferskan fisk," segir Bjarni, en ýsuna segir hann ákaflega vinsæla hjá eldra fólki sem kemur á staðinn sérstaklega til að fá sér nýjan og góðan fisk.

En hver hefur verið allra vinsælasti réttur Nings? „Núðlur og heilsuréttir í bland við sælkerarétti eins og Peking-öndina og fleira. Annars eru nánast allir réttir vinsælir á Nings," svarar Bjarni glaðlega og bætir við: „Svo má auðvitað ekki gleyma réttum dagsins, en þar fá kokkarnir okkar sem koma frá Malasíu, Kína, Filippseyjum og Taílandi, að spila af fingrum fram og töfra fram rétti frá sínum heimalöndum," segir Bjarni og býður alla velkomna. „Hér finna allir eitthvað við sitt hæfi."

## ● TRÖLLATREFJAR SLÁ Í GEGN



Nýjasti hollusturétturinn frá Nings heitir Tröllatrefjar. Í hann eru notuð rauð hrísgrjón sem eru trefjamikil og næringarrík og þykja blóðsykurlækkandi, lífrænt íslenskt bygg svo og heilir hafrar. Með þessari blöndu er borinn fram kjúklingur, ferskt grænmeti og egg en rétturinn er svo kryddaður með chili, hvítlauk og engifer. Þessi réttur hefur slegið í gegn og í honum er hvorki salt né sykur.

## ● KJÚKLINGUR Í KUNG PAO



Kjúklingur í Kung Pao er nýr réttur á matseðli Nings sem hefur strax náð miklum vinsældum. Rétturinn er frá Szechuan-héraði í Kína. Hann er vel sterkur og kitlar bragðlaukana. Í réttinum er kjúklingur, shitake-sveppir, jarðhnetur og chili.

## ● VINSÆL VEISLUÞJÓNUSTA

Nings rekur afkastamikla veisluþjónustu þar sem boðið er upp á veislumat fyrir hin ýmsu tækifæri. Veisluréttir Nings henta hvort heldur sem er í brúðkaupum, afmælum, fermingum eða vinnustaðateitum. Hægt er að velja úr smárétta- og pinnaveislu, austurlenskri Nings veislu, spjótum og sushi-veislum en Nings hefur verið leiðandi í sushi-gerð í gegnum tíðina.

Hægt er að hafa samband í síma 822 8833, senda póst á veislur@nings.is eða fá nánari upplýsingar á www.nings.is




# Þau vita hvað þau vilja

enda afreksfólk í fremstu röð og vel að sér um næringu og heilsu.



*Pavel Ermolinski*
*Einn af bestu körfuboltamönnum landsins úr KR*

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# ÚTSALA

## AÐEINS ÞESSA VIKU

## ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR




**LG W2240S-PN**
21.5" LCD skjár með 1920x1080p upplausn, 70.000:1 skerpu, 5ms svartíma, VGA tengi ofl.

**21.990**

Allt að 100.000 kr afsláttur af fartölvum!

Mikill afsláttur af fartölvu-töskum!

**TOSHIBA**
**SPJALDTÖLVA**

Fartölva Toshiba FOLIO 100

- 1.0GHz NVIDIA Tegra 250 örgjörvi
- 512MB DDR2 800MHz 200pin minni
- 16GB Flash minni (fer í 32GB með SD korti)
- 10,1" LED WSVGA með 1024x600 skjár
- Nvidia GeForce Tegra 250 skjákort
- Lyklaborð og mús í 4ra fingra snertiskjá
- Hljóðkerfi með 2 hátölurum
- Þráðlaust netkort og Bluetooth
- 1.3MP vefmyndavél
- Android 2.2 Froyo stýrikerfi
- Þyngd: 0,76 kg
- Stærð: 28.1 x 18,1 x 1.4 sm
- 7 tíma Li-ion rafhlöðuending



**59.990**
FULLT VERÐ KR. 79.990

SAMSUNG



**1 TB**
**HARÐUR DISKUR**
Samsung SA103SJ
1 Terabyte Samsung Spinpoint F1 harður diskur, með 7200rpm SATA2 tengi og 32MB Buffer.

**8.490**
FULLT VERÐ KR. 11.990

Blek og pappír á frábæru verði!

Íhlutir og turnkassar Allt fyrir uppfærsluna!

**1 TB**
SAMSUNG
2.5"



**1TB FLAKKARI**
Samsung G22 1TB
1TB USB 2.5 flakkari með flottri Piano Black áferð. Gengur með Windows og Mac.

**17.990**
FULLT VERÐ KR. 22.990

Sýningareintök á fáránlega góðu verði!

H.264



A.C.Ryan

**SJÓNVARPSFLAKKARI**
AC Ryan Playon!HD Mini
H.264 háskerpu 1080p sjónvarpsflakkari með HDMI, Component, Composite, optical tengi. Spilar efni af USB lyklum og kortum. Halar niður beint á diskinn af Bittorent ofl. NAS fyrir heimanet. Fullkomin fjarstýring.

**21.990**
FULLT VERÐ KR. 29.990

Mikil lækkun á sjónvarps-flökkurum!

Mýs, lyklaborð, heyrnartól, hátalarar, stýri-pinnar og ótal margt fleira!

*Aðeins nokkur dæmi - komið og skoðið úrvalið!*

# TÖLVULISTINN
TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>SÍMI 414 1700 | GLERÁRGÖTU 30<br>SÍMI 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>SÍMI 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>SÍMI 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>SÍMI 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>SÍMI 414 1750 |

**FJALLA-EYVINDUR Á STRÖNDUM** Kjartan Ólafsson, fyrrverandi alþingismaður og ritstjóri, flytur fyrirlestur sem nefnist „Nýjar fréttir af Fjalla-Eyvindi á Ströndum“ í Skelinni á Hólmavík klukkan 16 á laugardag. Nýlega komu í leitirnar áður ókunn skjöl um veru Eyvindar og Höllu í Drangavíkurfjalli, barnsfæðingu þar og handtöku vorið 1763, svo og réttarhöld yfir þeim í Árnesi og á Hrófbergi sama vor og dómur sem upp var kveðinn á Broddanesi 30. maí það ár.

# Hlut - skipti - verk - lykill

Sýning Jóhönnu Kristbjargar Sigurðardóttur myndlistarmanns, HLUT-SKIPTI-VERK-LYKILL, verður opnuð í Listasal Mosfellsbæjar á föstudag.

Á sýningunni eru málverk og innsetning í rými salarinns. Í tilkynningu frá Listasal Mosfellsbæjar segir að þar vinni Jóhanna út frá draumkenndri og óstaðfestri heild sem kemur fyrir sjónir líkt og leifar af frásögn, brotabrot af nánasta umhverfi.

Jóhanna Kristbjörg lauk BA-námi í myndlist frá Listaháskóla Íslands árið 2008. Hún hefur tekið þátt í nokkrum sýningum frá útskrift og var með einkasýningu í Crymo galleríi í september 2010.

Sýning hennar í Listasal Mosfellsbæjar stendur til 26. febrúar.


## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

**26.01.11 - 01.02.11**




**1** Candida sveppasýking
Guðrún G. Bergmann



**2** Utangarðsbörn - kilja
Kristina Ohlsson



**3** Ég man þig
Yrsa Sigurðardóttir



**4** Svar við bréfi Helgu
Bergsveinn Birgisson



**5** Landslag er aldrei asnalegt
kilja - Bergsveinn Birgisson



**6** Prjónaklúbburinn - kilja
Kate Jacobs




**7** Fátækt fólk - kilja
Tryggvi Emilsson




**8** Detox - 14 leiðir til að hreinsa... Helen Foster




**9** Máttur viljans
Guðni Gunnarsson




**10** Almanak Háskóla Íslands
Þorsteinn Sæmundsson

Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872




**Á BESSASTÖÐUM** Helgi Hallgrímsson og Gerður Kristný tóku við Íslensku bókmenntaverðlaununum á Bessastöðum í gær. Svo skemmtilega vill til að í kvöld verður leikritið Ballið á Bessastöðum eftir Gerði Kristnýju frumsýnt í Þjóðleikhúsinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Blóðhófnir Gerðar og Sveppabók Helga bestar

**Blóðhófnir eftir Gerði Kristnýju og Sveppabókin eftir Helga Hallgrímsson hlutu Íslensku bókmenntaverðlaunin sem afhent voru í gær. Gerður er glöð fyrir hönd ljóðsins en Helgi segir mikið verk enn óunnið í ritun náttúrufræðirita á Íslandi.**

Íslensku bókmenntaverðlaunin voru afhent í 22. sinn á Bessastöðum í gær.

Blóðhófnir eftir Gerði Kristnýju hreppti hnossið í flokki fagurbókmennta. Gerður Kristný segist ekki hafa búist við að hljóta verðlaunin. „Allar þessu góðu viðtökur sem bókin fékk komu mér á óvart. Í ljósi þeirra var ég svo sem ekki hissa yfir að bókin skyldi vera tilnefnd en ég átti ekki endilega von á að hljóta verðlaunin.“

Gerður segir það mikla upphefð að hljóta verðlaunin, ekki síst fyrir ljóðskáld.

„Þetta eru merkileg verðlaun. Mér telst að þetta sé fimmta ljóðabókin sem vinnur til þeirra, allar eftir mikil merkisskáld: Stefán Hörð Grímsson, Þorstein frá Hamri, Hannes Pétursson og Ingibjörgu Haraldsdóttur. Mér er það mikill heiður að fá að fylla þeirra hóp.“

Gerður Kristný er jafnframt sjötta konan sem hlýtur Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fagurbókmennta. Spurð hvort hún leggi einhverja merkingu í það gerir hún lítið úr því.

„Þetta er fyrst og fremst ánægjulegt fyrir ljóðið. Starfstitillinn skáld er jú hvorukynsorð.“

Næst á dagskrá hjá Gerði er frumsýning á Ballinu á Bessastöðum í Þjóðleikhúsinu í kvöld.

„Annars er ég langt komin með ljóðasafn og er að skrifa tvær skáldsögur, eina fyrir börn og eina fyrir fullorðna. Barnabókin kemur væntanlega út í haust en hinar þurfa lengri tíma.“

> Þetta er fyrst og fremst ánægjulegt fyrir ljóðið.
>
> GERÐUR KRISTNÝ

Helgi Hallgrímsson hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fræðirita fyrir Sveppabókina, ítarlegt rit um sveppafræði. Helgi segir verðlaunin ánægjulegan lokapunkt á verki sem var áratugi í smíðum.

Helgi byrjaði að rannsaka sveppi í kringum 1960 en byrjaði á Sveppabókinni fyrir um tuttugu árum.

„Þetta hefur verið ígripavinna meðfram öðru en engu að síður mikil vinna sem liggur þarna að baki.“

Sveppabókin er þriðja náttúrufræðiritið til að hljóta Íslensku bókmenntaverðlaunin í 22 ára sögu þeirra. Spurður um stöðu náttúrufræðirita segir Helgi að hún mætti vera betri.

„Það er svo margt sem vantar enn, til dæmis bækur um fléttur, mosa og þörunga. Vonandi vekja þessi verðlaun frekari áhuga á náttúrufræði meðal lesenda..“

bergsteinn@frettabladid.is

# Textasamkeppni á aldarafmæli

Áttu orð? er yfirskriftin á textasamkeppni sem Hugvísindasvið Háskóla Íslands efnir til í tilefni af aldarafmæli háskólans. Öllum nemendum, kennurum og öðru starfsfólki skólans er boðið að taka þátt.

Valdir verða 25 textar úr innsendu efni og þeir hafðir til sýnis í Kringlunni frá 11. til 19. mars. Veitt verða verðlaun fyrir þrjá bestu textana og þeir verða jafnframt birtir í Fréttablaðinu og væntanlegu vefriti Hugvísindasviðs.

Kallað er eftir stuttum frumsömdum og áður óbirtum textum, skálduðum jafnt sem óskálduðum, í bundnu eða óbundnu máli, úr heimi fræða og vísinda eða öðrum geirum mannlífsins. Textarnir mega vera allt að 2.000 slög með bilum og skulu vera á íslensku.

Dómnefnd skipuð lektor í ritlist og tveimur rithöfundum velur úr 25 bestu textana og veitir verðlaun fyrir þá þrjá sem þykja skara fram úr. Gestir Kringlunnar geta einnig látið skoðun sína í ljós og mun dómnefnd taka tillit til atkvæða þeirra.

Skilafrestur er til 15. febrúar. Textana skal senda sem viðhengi á netfangið sjon@hi.is, merkta dulnefni, en rétt nafn höfundar fylgi með í tölvuskeyti. Móttakandi gætir nafnleyndar gagnvart dómnefnd.

Niðurstaða verður tilkynnt laugardaginn 19. mars á sýningarstað á 1. hæð í Kringlunni.



**ÁTTU ORÐ?** Nemendum, kennurum og öðru starfsfólki HÍ býðst að senda inn texta. 25 textar verða til sýnis en þeir þrír bestu birtast í Fréttablaðinu.

# FRÆÐIBÓK ÁRSINS

**Sveppabókin hlýtur Íslensku bókmenntaverðlaunin 2010.**
**Hún er ennfremur tilnefnd til viðurkenningar Hagþenkis fyrir besta fræðirit ársins.**




... þetta er Sveppabókin, sem allir áhugamenn um þessar dularfullu lífverur þurfa að eiga og lesa.
*– Sölvi Sveinsson, Mbl., 2. des.*

Alveg stórmerkileg bók.
*– Egill Helgason, Kiljan, 1. des.*

Þessi bók á erindi við alla náttúruunnendur Íslands og er skyldueign, því hún opnar heilt ríki fyrir okkur.
*– Bjarni D. Sigurðsson, RÚV, 22. jan.*

Stórbrotið fræðirit og frumsmíð um smágerða veröld sveppa á Íslandi sem byggir á hálfrar aldar rannsóknum með grundvallandi nýyrðasmíð.
*– Viðurkenningaráð Hagþenkis*



Við óskum Helga Hallgrímssyni til hamingju með Íslensku bókmenntaverðlaunin 2010. Helgi hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir rannsóknir sínar á sviði náttúrufræði enda einn fremsti náttúruvísindamaður Íslendinga. Sveppabókin er afrakstur margra áratuga rannsókna og er nauðsynleg handbók fyrir alla þá sem unna íslenskri náttúru.

**SKRUDDA**



SONIC YOUTH



DEERHOOF

**> Í SPILARANUM**

Sonic Youth - Simon Werner a Disparu
The Go! Team - Rolling Blackouts
Anna Calvi - Anna Calvi
Phosphorescent - Here's to Taking It Easy
Deerhoof - Deerhoof Vs. Evil

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Bjóða vodka beint af sviðinu

Hin danskættaða hljómsveit Croisztans spilar á Bakkusi á föstudaginn. Þetta verða fyrstu tónleikar sveitarinnar hér á landi síðan í nóvember 2008 er hún steig á svið á gamla Grand Rokki við góðar undirtektir.

Croisztans spilar austur-evrópskt þjóðlagapönk, eða „vodkarokk“, og var stofnuð í Kaupmannahöfn árið 1997. Tveir Íslendingar eru í bandinu og fjórir Danir. „Við erum í rosafínu formi. Við erum sjóðheitir og tilbúnir og ætlum að bjóða landsmönnum upp á smá vodka beint af sviðinu,“ segir söngvarinn Sigurður Óli Pálmason, sem býr í Kaupmannahöfn. Hann segir yndislegt að koma til Íslands og spila. „Ég á hérna tvö börn sem ég sinni annað slagið, þannig að ég er með annan fótinn hérna. Það er ekki verra að geta hent í smá gigg í leiðinni.“

Sveitin er sæmilega þekkt í undirheimum Kaupmannahafnar, aðallega fyrir mjög líflega og orkumikla tónleika. Þeir halda því fram að þeir komi frá litlu austur-evrópsku ríki, Croisztan, sem berst fyrir sjálfstæði sínu. Sveitin er að undirbúa sína þriðju plötu og ætlar að spila lög af henni auk eldri laga á tónleikunum á Bakkusi. Þeir hefjast kl. 23 og er aðgangur ókeypis. **- fb**




**CROISZTANS** Hljómsveitin heldur sína fyrstu tónleika á Íslandi síðan 2008 á föstudaginn.



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**




**ÍSLENSK TÓNLIST ENDURÚTGEFIN ERLENDIS** Sjö laga tólftomman Ó Reykjavík með Vonbrigðum kom út í Þýskalandi seint á síðasta ári.

## *Íslensk-þýska vínyltengingin*

Vínylplatan er í sókn. Það þýðir þrennt: Menn eru í auknum mæli farnir að gefa nýtt efni út á vínyl, gömlu vínylplöturnar eru eftirsóttar hjá söfnurum og endurútgáfum á vínyl fer fjölgandi. Hér á Íslandi er að vísu sáralítið um vínylendurútgáfur, en íslensk tónlist er samt endurútgefin í þessu formi. Sú útgáfa á sér bara stað erlendis.

Berlínarbúinn Thomas Pargmann rekur plötuútgáfuna Mauerstadtmusik. Hann er mikill áhugamaður um íslenskt pönk og nýbylgju. Fyrsta platan frá honum með íslenskri tónlist er tólf tommu vínylplatan Ó Reykjavík með Vonbrigðum sem kom út í nóvember síðastliðnum. Á henni eru sjö lög. Ó Reykjavík úr Rokk í Reykjavík, Börnin þín og Skítseyði sem Grammið gaf út 1982 og svo fjórar áður óútgefnar hljóðritanir. Mannskepnur, Kjöt og Vonbrigði eru frá upptökum sem Kjartan Kjartansson gerði með hljómsveitinni 1982 og Ný friðþæging er demóupptaka frá 1981. Fín útgáfa þó að lögin hefðu alveg mátt vera fleiri. Plötunni var dreift í nokkrum eintökum í íslenskar plötubúðir og er jafnframt fáanleg hjá Jóa Vonbrigðasöngvara í plötubásnum hans í Kolaportinu.

Önnur þýsk útgáfa hefur verið dugleg við að endurútgefa íslenska tónlist. Það er Shadoks-Music sem sérhæfir sig í sýru- og hipparokki. Hún hefur þegar gefið út tvær Trúbrotsplötur (Trúbrot og Undir áhrifum), What's Hidden There með hljómsveitinni Svanfríði og Óðmannaalbúmið. Fram undan er svo þriðja Trúbrotsplatan, Lifun og eflaust fleiri íslenskar plötur. Allar þessar plötur eru gefnar út í 500 tölusettum eintökum á hágæða 180 gramma vínyl.

# Myrkari og rafrænni tónar

**Breska tríóið White Lies er komið aftur á stjá tveimur árum eftir að platan To Lose My Life kom út. Myrkur danstaktur í anda Depeche Mode er orðinn meira áberandi en áður.**



**WHITE LIES** Strákarnir í White Lies hafa gefið út sína aðra plötu, Ritual.
NORDICPHOTOS/GETTY

Tvö ár eru liðin síðan frumburður bresku hljómsveitarinnar White Lies, To Lose My Life, kom út. Eitíslegt popp-rokkið hitti í mark, sér í lagi titillagið þar sem forsprakkinn Harry McVeig söng „Let´s grow old together – and die at the same time“ á grípandi hátt. Platan fór beint í efsta sæti breska breiðskífulistans og sveitin var í framhaldinu valin besti nýi flytjandinn af tímaritunum Mojo og Q.

Hljómsveitin hefur verið á stöðugu tónleikaferðalagi um heiminn síðustu tvö ár. Til að koma sér á framfæri í Bandaríkjunum spilaði White Lies á bandarísku tónlistarhátíðunum Coachella og Lollapalooza og einnig í spjallþáttum Davids Letterman og Jimmy Kimmel. Auk þess að vera aðalnúmerið á tónleikum víða um heim hitaði sveitin upp fyrir risana í Coldplay, Kings of Leon og Muse og því greinilegt að tækifærin hafa ekki verið af skornum skammti.

Plata númer tvö, Ritual, er nýkomin út og þar er haldið áfram sem frá var horfið. Tónninn er orðinn örlítið myrkari og rafrænni í ætt við Depeche Mode en áhrif frá sveitum á borð við Joy Division, Interpol og The Killers eru þó enn fyrir hendi. Bassaleikarinn Charles Cave nefnir rafrokkarana í Nine Inch Nails sem sérstaka áhrifavalda á plötunni. Annar upptökustjóri hennar var einmitt Alan Moulder sem hefur unnið töluvert með Nails, þar á meðal stjórnaði hann upptökum á The Downward Spiral frá árinu 1994. „Ég hlustaði á þá vitandi að við ætluðum að vinna með Alan,“ sagði Cave. „Fram að því hafði ég lítið hlustað á þessa tónlist. En eftir að hafa hlustað á þá er ég yfir mig hrifinn af þeim. Þess vegna held ég að við höfum ákveðið að nota meiri raftónlist á plötunni.“

Fram undan hjá White Lies er tónleikaferð um Bretland í febrúar og í framhaldinu verður væntanlega farið í langt tónleikaferðalag um heiminn þar sem fagnaðarerindið verður boðað enn frekar.

**freyr@frettabladid.is**






## LAGALISTINN

Vikuna 27. janúar - 2. febrúar 2011

| Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|
| ▶ 1 | Dikta | Goodbye |
| ▲ 2 | Jón Jónsson | When You're Around |
| ▲ 3 | Hurts | Stay |
| ▲ 4 | Adele | Rolling In The Deep |
| ▶ 5 | Hjálmar | Gakktu alla leið |
| ▼ 6 | P!nk | Raise Your Glass |
| ▲ 7 | Ellen Kristjánsdóttir | The Beach |
| ▲ 8 | Taio Cruz & Kylie Minogue | Higher |
| ▲ 9 | Arcade Fire | Modern Man |
| ▼ 10 | Bruno Mars | Just The Way You Are |

## TÓNLISTINN

Vikuna 27. janúar - 2. febrúar 2011

| Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|
| ▲ 1 | Elly Vilhjálms | Heyr mína bæn |
| ▲ 2 | Björgvin Halldórsson | Duet II |
| ▼ 3 | Páll Rósinkranz | Ó hvílík elska |
| ▲ 4 | Friðrik Dór | Allt sem þú átt |
| ▶ 5 | Ýmsir | Pottþétt 54 |
| ▲ 6 | Justin Bieber | My Worlds |
| * 7 | Dikta | Get It Together |
| ▶ 8 | Hjálmar | Keflavík Kingston |
| ▼ 9 | Bubbi | Sögur af ást, landi og þjóð |
| ▼ 10 | Prófessorinn og Memfismafían | Diskóeyjan |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Visir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Smekkleysa plötubúð, Havarí, Elkó, tonlist.is

# Nýir heilsuréttir sem bragð er að




**KJÚKLINGASALAT COUS COUS**

Kjúklingur, cous cous, mixsalat, brokkolí, fetaostur, kasjúhnetur, dressing með ab-mjólk, engifer, lime og krydd.

**BRÚN HRÍSGRJÓN OG KJÚKLINGUR**

Brún hrísgrjón, kjúklingur, brokkolí, blaðlaukur, gulrætur, steikt egg, chilli og svo fylgir sojasósa með.

Prófaðu bragðgóðu heilsuréttina frá Júmbó úti í næstu búð!



JÚMBÓ

www.jumbo.is

## > KRISTEN Í OFURMENNIÐ



**Kristen Stewart**, stjarnan úr Twilight-myndunum, er nýjasta leikkonan sem orðuð er við hlutverk blaðakonunnar Lois Lane í næstu Ofurmennismynd Zacks Snyder. Anne Hathaway var fyrsti valmöguleiki en hún ákvað frekar að leika Kattarkonuna í næstu Batman-mynd.

# bíó

bio@frettabladid.is

# Breskur krimmi og múmínálfar

Tveir af aðstandendum hinnar frábæru The Departed koma að gerð kvikmyndarinnar London Boulevard. Þetta eru handritshöfundurinn William Monahan og framleiðandinn Graham King.

Monahan situr einnig í leikstjórastólnum í þessari mynd sem skartar Colin Farrell, Keiru Knightley og sjálfum Ray Winstone í helstu hlutverkum. Myndin er dæmigerður breskur krimmi, harðsoðinn og ofbeldisfullur. Hún segir frá glæpamanninum Mitchell sem ákveður að snúa baki við ránum og morðum eftir dvöl í fangelsi. Hann ræður sig sem lífvörð heillandi kvikmyndastjörnu og verður ástfanginn af henni. Fyrr en varir bankar fortíðin hins vegar upp á og vill fá sitt.

Múmínálfarnir er teiknimynd sem byggir á frægum sögum eftir Tove Jansson. Teiknimyndirnar og sögurnar um Múmínsnáðann, Míu, Snúð og Snorkstelpuna hafa notið mikilla vinsælda hjá íslensku smáfólki. Teiknimyndin um hinn sérkennilega Múmíndal er í þrívídd og semur Björk Guðmundsdóttir tónlistina. Myndin segir frá því að íbúarnir í Múmíndal vakna við að eitthvað undarlegt hefur gerst því grátt ryk liggur yfir öllu. Múmínsnáðinn ákveður að leggja upp í ferðalag til stjörnufræðinganna uppi í fjöllum en ferðin reynist ákaflega hættuleg og erfið. Myndin er sýnd með íslensku tali. - fgg



**HARÐHAUSAR** Colin Farrell og Ray Winstone leika aðalhlutverkin í glæpamyndinni London Boulevard.

# Firth með Diaz

Cameron Diaz og Colin Firth munu leika aðalhlutverkin í endurgerð á kvikmyndinni Gambit frá árinu 1966. Michael Hoffman mun leikstýra endurgerðinni en það voru þau Michael Caine og Shirley MacLaine sem léku aðalhlutverkin á sínum tíma. Myndin var tilnefnd til þrennra Óskarsverðlauna og jafnmargra Golden Globe-verðlauna árið 1967. Samkvæmt vefsíðunni Deadline.com er ráðgert að tökur hefjist í London í maí.

Firth mun leika listaverkasala sem ákveður að svíkja ríkan listaverkasafnara með því að selja honum falsað Monet-verk. Hann fær saklausa stúlku frá Texas til að taka þátt í plottinu með sér en hún á að ljúga því að afi hennar hafi bjargað verkinu úr klóm nasista í seinni heimsstyrjöldinni.

Bæði Diaz og Firth hafa átt góðu gengi að fagna að undanförnu. Kvikmynd Diaz, The Green Hornet, hefur slegið rækilega í gegn í Bandaríkjunum en leikkonan mun einnig leika aðalhlutverkið í kvikmyndinni Bad Teacher á móti fyrrverandi unnusta sínum, Justin Timberlake. Firth hefur hins vegar sópað til sín verðlaunum fyrir frammistöðu sína í The King's Speech en hann er meðal annars tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn í myndinni.



**SAMAN Á HVÍTA TJALDINU** Colin Firth og Cameron Diaz leika svikahrappa í endurgerð á kvikmyndinni Gambit frá árinu 1966.

# Ballerína í kröppum dansi

**Sálfræðitryllirinn Black Swan eftir Darren Aronofsky kemur í bíó á morgun. Myndin hefur verið tilnefnd til fimm Óskarsverðlauna enda þykir hún sérlega áhrifamikil.**



**THE BLACK SWAN** Natalie Portman í hlutverki sínu í sálfræðitryllinum Black Swan sem kemur í bíó á morgun.

Sálfræðitryllirinn Black Swan kemur í bíó á morgun. Þetta er nýjasta mynd leikstjórans Darrens Aronofsky sem er þekktastur fyrir The Wrestler og Requiem for a Dream. Í aðalhlutverkum eru Natalie Portman, Mila Kunis og Vincent Cassel.

Myndin segir frá ballettdansaranum Ninu (Portman), sem fær tækifæri til að verða aðaldansarinn í uppsetningu á Svanavatninu. Hún lendir í harðri samkeppni um hlutverkið við nýliðann Lily (Kunis), auk þess sem hún þarf að lifa við ofríki móður sinnar og harðræði listræns stjórnanda ballettsins (Cassel). Eftir því sem átökin og álagið aukast tengist Nina sínum eigin dökku hliðum sífellt betur með skelfilegum afleiðingum.

Aronofsky hafði lengi langað að gera ballettmynd undir áhrifum frá bókinni Tvífaranum eftir rússneska rithöfundinn Fjodor Dostojevsky þar sem hugmyndin um hinn illa tvífara, eða „doppelgänger“, kemur við sögu. „Ég sá Svanavatnið, sem var í fyrsta sinn sem ég fór á ballettsýningu, og þar sá ég sama dansarann leika bæði svartan og hvítan svan og ég hugsaði með mér: „Vá“. Þetta var mikil uppgötvun fyrir mig vegna þess að þarna var Tvífarinn í ballettheiminum. Ég hugsaði með mér að þarna væri ég með eitthvað í höndunum,“ sagði Aronofsky.

Á svipuðum tíma fékk leikstjórinn í hendurnar handritið The Understudy, sem fjallaði um leikara á Broadway og hinn illa tvífara, og þá fór boltinn að rúlla fyrir alvöru. Hann átti reyndar í erfiðleikum með að fjármagna myndina því peningamennirnir í Hollywood töldu ólíklegt að hægt væri að græða á einhverri ballettmynd. Skiptu þar litlu máli hinir þekktu leikarar sem Aronofsky hafði fengið til liðs við sig, þar á meðal Portman, sem hafði mörgum árum áður rætt við leikstjórann um að leika aðalhlutverkið.

**8** Óskarstilnefningarnar sem myndir Aronofskys hafa fengið.

Á endanum var myndin þó gerð og kostaði einungis um fimmtán milljónir dala í framleiðslu. Sá peningur átti eftir að skila sér margfalt til baka því myndin hefur slegið í gegn og aflað um 120 milljónum dala í Bandaríkjunum. Auk þess hlaut hún fyrir skömmu fimm tilnefningar til Óskarsverðlauna.

Aronofsky hefur sagt Black Swan tengjast síðustu mynd hans, The Wrestler, á náinn hátt. Upphaflega langaði hann að gera mynd um ástarsamband á milli fjölbragðaglímukappa og ballerínu en ákvað á endanum að aðskilja þessa tvo heima og gera mynd um hvort efnið fyrir sig. „Sumir telja fjölbragðaglímu lítilfjörlegasta listformið, ef þeir kalla það yfirhöfuð listform, og ballett er af mörgum talinn æðsta listgreinin. En það sem mér finnst magnað er hve svipaðir þessir tveir skemmtikraftar eru, glímumaðurinn og ballerínan. Þeir nota báðir líkama sína á ótrúlegan hátt til að túlka sína list,“ sagði leikstjórinn.

freyr@frettabladid.is





OPNIR TÍMAR

Þol og styrkur
Spinning
Kviður og bak
Yoga

World Class ICELAND

SKRÁÐU ÞIG NÚNA
á worldclass.is og í síma 55 30000

# Nýju **skattalögin**, Skýrr og Ópusallt

**Opinn morgunverðarfundur Skýrr, föstudaginn 4. febrúar kl. 8–10**

**Stjarna fundarins er lögfræðingurinn Sigurjón P. Högnason hjá skattasviði KPMG, sem vann áður hjá skattayfirvöldum í aldarfjórðung.**

Sigurjón mun leiða gesti í allan sannleika um nýlegar breytingar á skattalögunum og hvað þær þýða fyrir atvinnulífið. Annað tilefni fundarins er að viðskiptalausnin Ópusallt er nú flutt frá HugAx og hefur fengið nýtt heimili hjá Skýrr.

Ópusallt er hagkvæmt og nútímalegt fjárhagskerfi, sem er sérhæft fyrir þarfir meðalstórra og lítilla fyrirtækja. Á fundinum verður skoðað hvernig fjárhagskerfi getur veitt forskot í samkeppni með framsækinni notkun þess.

Fundurinn verður haldinn núna á föstudaginn kemur, 4. febrúar, frá kl. 8.00 til 10.00. Ljúffengur morgunverður að hætti hússins verður framreiddur frá kl. 8.00, en formleg dagskrá hefst stundvíslega kl. 8.30.

Fundurinn verður í ráðstefnusal Skýrr að Ármúla 2 í Reykjavík (gengið inn frá Háaleitisbraut). Fundurinn er gestum að kostnaðarlausu og öllum opinn, meðan húsrými leyfir.

**Skráning fer fram á vefsvæði Skýrr (skyrr.is) eða með því að senda póst til skyrr@skyrr.is.**









8.00 *Húsið opnar – Morgunverður*
Gómsætur morgunverður að hætti Kalla kokks

8.30 *Nýtt Skýrr býður góðan dag!*
Gestur G. Gestsson, forstjóri Skýrr

8.40 *Að leysa flókna hluti á einfaldan hátt*
Birgir Kaldal Kristmannsson og Guðlaug Baldvinsdóttir, hugbúnaðarsérfræðingar og ráðgjafar hjá Skýrr

8.50 *Væntanlegar nýjungar í Ópusallt*
Eiríkur Sæmundsson, framkvæmdastjóri viðskiptalausna Skýrr

9.10 *Forskot í samkeppni með viðskiptahugbúnaði*
Auðjón Guðmundsson, markaðsstjóri Kjarnafæðis

9.30 *Nýlegar breytingar á skattalögum: Ertu klár á sköttunum?*
Sigurjón P. Högnason, lögfræðingur hjá skattasviði KPMG

*Fundarstjóri*
Þórhildur Hansdóttir Jetzek, forstöðumaður viðskiptaþróunar hjá viðskiptalausnum Skýrr

569 5100
skyrr@skyrr.is

SKÝRR
*Velkomin*

# Fólk

folk@frettabladid.is



**287.000** króna virði er hálsmen sem leikkonan Lindsay Lohan er grunuð um að hafa stolið. Lögreglan í Los Angeles fékk leitarheimild heima hjá Lohan, sem á að hafa stolið skartgripnum úr verslun í janúar.

## Lopez pirruð á vinsældum Tylers

American Idol hófst nýlega og voru nýir dómarar kynntir til leiks. Söng- og leikkonan Jennifer Lopez og Steven Tyler, söngvari Aerosmith, hafa komið í stað Simons Cowell og Köru Dioguardi.

Steven Tyler hefur slegið í gegn og Jennifer Lopez er alls ekki sátt. „Þetta átti að vera stóra endurkoman hennar,“ segir heimildarmaður tímaritsins People. „Endurnýjun þáttanna var byggð í kringum hana, en nú snýst allt um Tyler. Hún skilur ekki hvernig þetta gat gerst og er búin að gera framleiðendum þáttanna ljóst að myndavélarnar þurfa að beinast í meiri mæli að uppáhaldinu hennar, sem er hún sjálf.“

Jennifer Lopez hefur áður furðað sig á vinsældum annarra. Þegar sundkappinn Michael Phelps vann til átta gullverðlauna á Ólympíuleikunum í Peking 2008 áttaði hún sig ekki á athyglinni sem fjölmiðlar veittu honum, þar sem hún var í strangri þjálfun fyrir mót í þríþraut. Hún leit svo á að það væri *stóra frétt* augnabliksins.



**SLÆR Í GEGN Á KOSTNAÐ LOPEZ** Jennifer Lopez er ekki ánægð með vinsældir Stevens Tyler í American Idol.



**ENGAR STJÖRNUR** Kate Middleton og Vilhjálmur prins ætla ekki að bjóða öllum stórstjörnum Bretlands í veisluna heldur vilja þau hafa vini sína nærri. Talið er að fimm þúsund gestir muni sækja veislur brúðhjónunum til heiðurs. NORDIC PHOTOS/GETTY

## Engar stjörnur í brúðkaupi Vilhjálms prins og Kate

**Bretar eru að fara á límingunum yfir brúðkaupi Vilhjálms prins og unnustu hans, Kate Middleton. Talið er að fimm þúsund gestir muni sækja tvær veislur eftir athöfnina sem haldin verður 29. apríl.**

Það var í lok nóvember sem Vilhjálmur og Catherine Elisabeth Middleton tilkynntu að þau hygðust ganga í það heilaga 29. apríl. Skötuhjúin hafa verið sundur og saman undanfarin ár en virðast loks hafa fundið hvort annað og tekið þessa stóru ákvörðun. Enda ljóst að brúðkaup hins verðandi konungs yfir Bretlandi verður eitt það stærsta í manna minnum.

Kate hefur nú þegar sagt upp vinnunni til að geta sinnt sínum opinberu skyldum en þær verða þónokkrar. Jafnframt hefur nafn hennar verið dregið mikið inn í opinbera umræðu, Saturday Night Live gerði til að mynda grín að henni nýverið og samkvæmt karlasíðunni askmen.com er Kate í 61. sæti yfir mest heillandi konur heims.

Hjónakornin verðandi hafa í næg horn að líta enda er gert ráð fyrir að hátt í fimm þúsund gestir muni óska þeim til hamingju eftir athöfnina í Westminster Abbey. Þau sjálf fá að velja tvö þúsund gesti en starfsmenn á skrifstofu Chamberlains lávarðar sjá um að bjóða hinum þrjú þúsund. Í þeim hópi eru stjórnmálamenn, diplómatar og erlend fyrirmenni. Ólíkt því sem margir kynnu að halda þá verður lítið um hefðbundnar stórstjörnur í brúðkaupinu, samkvæmt heimildum The Sun. Talið er líklegt að dáðar stjörnur á borð við Paul McCartney og Helen Mirren fái hreinlega ekki boðskort eins og þau eru vön þegar slíkir stórviðburðir eru annars vegar.

Samkvæmt The Sun hafa hin verðandi konungshjón meiri áhuga á því að bjóða vinum og vandamönnum og fólki sem stendur þeim nærri í hinu opinbera lífi. Talið er þó fullvíst að David Beckham og hans spúsa verði meðal gesta enda varð honum og Vilhjálmi vel til vina þegar þeir börðust við vindmyllur FIFA og reyndu að fá HM í knattspyrnu til London. Þá eru einnig taldar miklar líkur á því að Sir Elton John verði meðal gesta en hann er mikill vinur prinsanna tveggja. En þá sé listinn yfir stórstjörnur líka upptalinn.

freyrgigja@frettabladid.is

## Byssur og risastórir vísundar

„Þarna verður mikið af rifflum, skammbyssum og haglabyssum,“ segir veiðimaðurinn Páll Reynisson hjá Veiðisafninu á Stokkseyri. Hin árlega byssusýning hans verður haldin á laugardag og sunnudag í samvinnu við verslunina Vesturröst. Meðal annars verða byssur refaskyttunnar sálugu Sigurðar Ásgeirssonar sýndar en gefin var út bók um kappann fyrir síðustu jól. Ein af haglabyssum Jóns Þorsteinssonar frá Ólafsfirði og Drífur Jóns Björnssonar frá Dalvík verða einnig sýndar ásamt herrifflum og ýmsu fleiru.

Tveir risastórir uppstoppaðir vísundar sem Páll veiddi í Minnesota í Bandaríkjunum árið 2008 hafa vakið mikla eftirtekt í Veiðisafninu. Hvor þeirra vegur um það bil eitt tonn, eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá. „Fólk trúir ekki stærðinni á þessu, þetta er svo hrikalega stórt. Það minnkaði allt um eitt og hálft númer í sal eitt og gíraffinn fékk bara sjokk,“ segir Páll og er ánægður með fjöldann sem hefur heimsótt Veiðisafnið. „Það er búin að vera fín aðsókn hjá mér og það var langt yfir meðaltali í fyrra, þannig að ég get ekki kvartað.“ Þá komu um 7.300 manns í heimsókn, sem er reyndar minna en árið áður þegar yfir 9.000 manns litu við, sem er það mesta til þessa. - fb



**BYSSUR** Byssur refaskyttunnar Sigurðar Ásgeirssonar verða til sýnis.



**PÁLL REYNISSON** Páll lofar skemmtilegri sýningu í Veiðisafninu um helgina.




ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN 2010

# *Til hamingju, Gerður!*

LJÓÐABÓK GERÐAR KRISTNÝJAR,

## BLÓÐHÓFNIR,

HLÝTUR ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN 2010






★★★★★
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / FRÉTTATÍMINN

★★★★★
INGVELDUR GEIRSDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

★★★★★
FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

★★★★★
ÞORGEIR TRYGGVASON / RÁS 2

**„... mögnuð ljóðabók sem snerti mig inn að kviku ...“**
VILBORG DAGBJARTSDÓTTIR / VIÐSKIPTABLAÐIÐ

**„Þungavigtarbók.“**
ÞORSTEINN FRÁ HAMRI

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

# Kiriyama Family sigurvegari

Kiriyama Family bar sigur úr býtum í hljómsveitakeppni sem fyrirsætuskrifstofan Eskimo og upptökuteymið Benzin Music/Sýrland stóðu fyrir í tilefni af Ford-keppninni sem verður haldin í Listasafni Reykjavíkur á föstudaginn.

Um þrjátíu hljómsveitir tóku þátt og stóð Kiriyama Family uppi sem sigurvegari með lagið Sneaky Boots. „Ég er mjög sáttur. Það er gaman að senda út fyrsta lagið sitt og vinna keppni í kjölfarið,“ segir Víðir Björnsson, liðsmaður Kiriyama Family. „Við vissum ekkert hvernig móttökur við myndum fá. Við gáfum lagið út á netinu á miðnætti á gamlárskvöld og ég er nokkuð viss um að þetta sé fyrsta íslenska lagið sem var gefið út á þessu ári.“ Víðir og félagar fá í verðlaun einn dag í hljóðveri og verður sigurlagið tekið upp af Benzin-bræðrunum Daða og Berki Hrafni Birgissonum. Einnig verður gert myndband við lagið sem verður leikstýrt af Ásgrími Má, fatahönnuði og leikstjóra. Jafnframt mun Kiriyama Family spila fyrir framan fjögur hundruð boðsgesti á Ford-keppninni ásamt hljómsveitunum Feldberg og Sykri.

Andrea Brabin hjá Eskimo er ánægð með þessa nýju hljómsveitakeppni. „Það var rosalega góð þátttaka og ótrúlega mikið af efnilegum böndum, sem kom okkur svolítið á óvart,“ segir hún og vonast til að keppnin verði árlegur viðburður í framtíðinni. - fb



**BENZIN OG KIRIYAMA FAMILY** Benzin-bræðurnir Börkur Hrafn og Daði (til vinstri) ásamt meðlimum Kiriyama Family.



**JR** Larry Hagman snýr aftur sem óþokkinn JR Ewing í endurgerð Dallas.

# JR í Dallas snýr aftur

**Bandaríski leikarinn Larry Hagman snýr aftur sem olíubaróninn JR Ewing í endurgerð hinnar vinsælu sápuóperu Dallas. Hagman, sem er 79 ára, mun leika í prufusjónvarpsþætti á vegum bandarísku stöðvarinnar TNT. Patrick Duffy og Linda Gray munu einnig snúa aftur sem Bobby og Sue Ellen Ewing. Í endurgerðinni verða Ewing-börnin John Ross og Christopher Ewing í aðalhlutverkum og mun Josh Henderson úr þáttunum Desperate Housewives leika John Ross. Dallas-þættirnir voru sýndir víða um heim í þrettán ár við miklar vinsældir, ekki síst hér á landi.**



**BILLY JOEL** Elton John hefur hvatt Billy Joel til að fara í áfengismeðferð.

# Billy Joel fari í meðferð

**Tónlistarmaðurinn Sir Elton John hefur hvatt kollega sinn Billy Joel til að fara í áfengismeðferð. Í nýjasta hefti tímaritsins Rolling Stone hvetur hann Joel til að „gera eitthvað betra“ við líf sitt og vill að hann fari sömu leið og hann gerði í meðferð sinni. Þá voru að hans sögn sjúklingar látnir þrífa gólfin í staðinn fyrir að horfa á sjónvarpið. Joel fór í meðferð í Kaliforníu árið 2005 en það virðist ekki hafa dugað til. John býst við því að vinur sinn muni hugsa sér þegjandi þörfina fyrir ummælin en því miður dugi engin vettlingatök lengur.**



**SIR ELTON JOHN**



**OF MONSTERS AND MEN** Hljómsveitin efnilega hefur gert útgáfusamning við fyrirtækið Record Records. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sigursveit Músíktilrauna semur við Record Records

**Hljómsveitin Of Monsters and Men hefur gert útgáfusamning við Records Records. Upptökur á fyrstu plötunni hefjast í lok mars.**

„Ég er mjög ánægður. Ég hef fulla trú á þessu bandi,“ segir Haraldur Leví Gunnarsson hjá Record Records sem hefur gert útgáfusamning við hljómsveitina Of Monsters and Men.

Sveitin, sem spilar huggulegt þjóðlagapopp, vann Músíktilraunir í fyrra og hefur síðan verið að semja lög á sína fyrstu plötu. Upptökur hefjast í lok mars undir stjórn Arons Þórs Arnarssonar í Stúdíó Sýrlandi í Vatnagörðum og verður platan mestmegnis tekin upp lifandi. Aron Þór hefur unnið með flytjendum á borð við Gus Gus, Leaves og Trabant og er því reynslumikill í þessum upptökubransa.

„Þetta er að mínu mati ein áhugaverðasta hljómsveitin á Íslandi í dag. Ég hef fulla trú á að þau muni „meika“ það annars staðar en hér,“ segir Haraldur Leví um nýjustu skjólstæðinga sína. Spurður hvort hann hafi gengið lengi á eftir sveitinni segir hann: „Við erum búin að vera í samræðum í smá tíma en vorum að ganga frá þessu núna. Það var ekki ástæða til að ganga frá þessu fyrr því þau voru ekki tilbúin með plötu.“

Söngkonan Nanna Bryndís Hilmarsdóttir er að sjálfsögðu ánægð með stöðu mála. „Það er gaman að þetta skuli vera að gerast,“ segir hún og viðurkennir að draumur frá því í barnæsku hafi ræst með útgáfusamningnum.

Of Monsters and Men fékk hljóðverstíma í verðlaun fyrir sigurinn í Músíktilraunum en þeir hafa þegar verið notaðir. „Við tókum upp lítinn kynningardisk sem við dreifðum á Airwaves-hátíðinni,“ segir Nannna og er mjög spennt fyrir væntanlegum upptökum. Platan er væntanleg í júní og þangað til verður hljómsveitin í pásu frá tónleikahaldi til að geta einbeitt sér enn frekar að lagasmíðum. freyr@frettabladid.is



**COME FLY WITH ME** Önnur þáttaröð verður gerð af Come Fly with Me í Bretlandi.

# Fleiri þættir framleiddir

**Breska ríkissjónvarpið, BBC, hefur ákveðið að framleiða aðra þáttaröð af gamanþáttunum Come Fly with Me. Höfundar þeirra eru Matt Lucas og David Walliams, mennirnir á bak við Little Britain. Þættirnir eru í grín-heimildarmyndaformi og hafa notið mikilla vinsælda í Bretlandi. Um jólin voru Come Fly with Me næstvinsælustu þættir landsins með yfir tólf milljónir áhorfenda. Margir gestaleikarar hafa komið við sögu í þáttunum, þar á meðal David Schwimmer úr Friends og Rupert Grint úr Harry Potter myndunum.**

IMAGE FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE IMAGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

LYFJA
– Lifið heil


Voltaren Gel
15% verðlækkun.
100 g. Áður: 3.390 kr. Nú: 2.879 kr.
Gildir út febrúar.
Lægra verð í Lyfju
ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 53385 01/11

# Paltrow syngur

Gwyneth Paltrow ætlar að troða upp á Grammy-verðlaunahátíðinni og syngja lagið F**k You eftir Cee-Lo Green. Sem er kannski ekki í frásögur færandi nema fyrir þá staðreynd að með henni á sviðinu verða brúðurnar úr Prúðuleikurunum. Nægir þar að nefna græna froskinn Kermit og bleiku þokkagyðjuna Svínku.

Paltrow er nýbyrjuð að syngja opinberlega en henni þótti takast vel upp sem áfengissjúk kántrísöngkona í kvikmyndinni Country Song. Hún söng í fyrsta skipti á sviði á Country Music Awards og birtist síðan í Glee þar sem hún söng einmitt F**k You.



**SYNGUR** Gwyneth Paltrow ætlar að syngja með Prúðuleikurunum á Grammy-verðlaunahátíðinni.

## ALLT Í SKÍÐABREKKUNA



## SKÍÐADEILDIN
er í Glæsibæ

# 20% afsláttur
af skíðapökkum og snjóbrettapökkum
ef keypt eru skíði, bindingar og skór
eða bretti og bindingar.

## BRETTADEILDIN
er í Kringlunni

ROSSIGNOL
PURE MOUNTAIN COMPANY®

BLIZZARD SKI

# HERRASKÍÐI



***Rossignol***
*PMC 3000*
*með bindingum.*
***Verð: 59.990 kr.***

***Blizzard***
*G-Force Three*
*með bindingum.*
***Verð: 94.990 kr.***

***Rossignol***
*Herraskór*
*Exalt 70.*
***Verð: 31.990 kr.***

# DÖMUSKÍÐI



***Rossignol***
*Attraxion I*
*með bindingum.*
***Verð: 69.990 kr.***

***Rossignol***
*Attraxion VIII*
*með bindingum.*
***Verð: 99.990 kr.***

***Rossignol***
*Dömuskór*
*Xena 60.*
***Verð: 34.990 kr.***

# BARNASKÍÐI

***Rossignol** Radical J*
*Stærðir 67, 80, 93 sm*
*með bindingum.*
***Verð: 26.980 kr.***

***Rossignol** Radical J*
*Stærðir 100, 110, 120,*
*130 sm, með bindingum.*
***Verð: 34.990 kr.***

***Rossignol** Radical J*
*Stærðir 140 sm*
*með bindingum.*
***Verð: 41.990 kr.***



***Rossignol***
*Barnaskór.*
***Verð: 11.990 kr.***

ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 53149 01/11

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS

ÚTILÍF

# 250. tónleikarnir í Chicago

**Ólafur Arnalds spilaði á sínum 250. tónleikum á ferlinum í Chicago fyrir skömmu. Fyrstu tónleikarnir voru í Mosfellsbæ í ágúst 2006.**



ÓLAFUR ARNALDS Spilaði á sínum 250. tónleikum á ferlinum í bandarísku borginni Chicago. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tónleikar Ólafs Arnalds í Chicago um síðustu helgi voru hans 250. á ferlinum. Af þessum 250 tónleikum hafa um 200 verið haldnir síðustu tvö ár, sem kemur ekki á óvart því Ólafur verið óþreytandi við að kynna tónlist sína víða um heim undanfarin misseri.

Aðspurður segist Ólafur hafa haft lítinn tíma til að fagna áfanganum. „Við fórum aðeins út og fögnuðum en það var ekkert sérstakt gert á tónleikunum. Við vorum með tvenna tónleika þennan dag þannig að það var lítill tími til að spá í þetta," segir Ólafur, sem hefur verið á ferðalagi um Bandaríkin að undanförnu. Þar hefur hann spilað fyrir framan þrjú til fjögur hundruð manns á hverju kvöldi.

Fyrstu tónleikar á ferli Ólafs voru í Listasal Mosfellsbæjar 27. ágúst 2006. Síðan þá hefur hann verið duglegur að skrásetja tónleika sína. „Ég skrifa niður alla tónleika sem ég spila. Einhvern tímann um daginn ákvað ég að byrja að telja þá og fattaði að ég hafði misst af 100. og 200. tónleikunum. Þannig að ég ákvað að byrja að fylgjast með hvenær þeir 250. yrðu."

Ólafi eru minnisstæðir tónleikar sem hann hélt í Suður-Kóreu. „Þar var rosagaman að spila," segir hann og ber áhorfendunum vel söguna. „Þeir komu alveg undirbúnir. Þeir voru búnir að prenta húshæðar plaköt með lagatitlum og textum sem þeir hengdu utan á húsið. Þarna stóð „takk fyrir að koma til Kóreu" með smá málfræðivillum. Þeir hafa örugglega notað google-translate og þetta var mjög fyndið."

Ólafur hefur gefið út fimm plötur á ferli sínum, nú síðast ...and They Have Escaped the Weight of Darkness sem kom út í fyrra. Fram undan hjá honum eru tónleikar í London á mánudaginn og tvennir tónleikar í Istanbúl skömmu síðar. Eftir það kemur hann heim í langþráð tíu daga frí og ætlar að nota tækifærið til að skoða tilboð sem hann hefur fengið um að semja kvikmyndatónlist.

Eins og Fréttablaðið greindi frá samdi hann tónlistina við myndina Another Happy Day með Ellen Barkin, Kate Bosworth og Demi Moore í helstu hlutverkum. Hún var frumsýnd á Sundance-hátíðinni á dögunum og hefur fengið mjög góða dóma, meðal annars í hinu virta kvikmyndariti Hollywood Reporter. freyr@frettabladid.is


# Lítur lífið öðrum augum



**Svala Björgvins er full þakklætis eftir að hafa lifað af alvarlegt bílslys. Hún talar um framtíðina í tónlistinni og fortíðina þegar hún varð fyrir einelti fyrir að vera dóttir Björgvins Halldórssonar.**

föstudagur

fylgir Fréttablaðinu á morgun



NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁSBÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus

THE FIGHTER — 7 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA — BESTA MYND

Ævintýralegur Flótti í 3D — Tangled

SAW 3D

Little Fockers

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE FIGHTER | 5.40, 8 og 10.20 | 14 |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI 3D | 6 | L |
| SAW 3D | 10.20 | 16 |
| ALFA OG ÓMEGA 2D | 6 | L |
| LITTLE FOCKERS | 8 og 10 | L |

DONMAR KING LEAR BY WILLIAM SHAKESPEARE

National Theatre Live — Best of British theatre broadcast live to cinemas around the world

Í BEINNI ÚTSENDINGU Í KVÖLD FRÁ NATIONAL THEATER! AÐEINS EIN SÝNING



THE KING'S SPEECH — 12 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA — BESTA MYND



STUNDUM ER SANNLEIKURINN SÁR — DILEMMA

Ævintýralegur Flótti

GREEN HORNET

Í BEINNI ÚTSENDINGU Í KVÖLD FRÁ NATIONAL THEATER! AÐEINS EIN SÝNING

40 ÞÚSUND SKELLIHLÆGJANDI ÁHORFENDUR! — KLOVN

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE KING´S SPEECH | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| THE KING´S SPEECH | kl. 8 - 10:30 | VIP |
| KLOVN - THE MOVIE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 14 |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI-3D M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| ROKLAND | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| HEREAFTER | kl. 8 - 10:40 | 12 |
| HEREAFTER | kl. 5:30 | VIP |
| HARRY POTTER | kl. 8 Síðustu sýningar | 10 |
| LIFE AS WE KNOW IT | kl. 10:40 Síðustu sýningar | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE KING'S SPEECH | kl. 8 - 10:20 | L |
| KLOVN - THE MOVIE | kl. 8 | 14 |
| ROKLAND | kl. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| DILEMMA | kl. 5.30 - 8 og 10.30 | L |
| KING'S SPEECH | kl. 5.15 - 8 | L |
| GREEN HORNET-3D | kl. 10.30 | 12 |
| KLOVN: THE MOVIE | kl. 8 og 10.40 | 14 |
| ROKLAND | kl. 10.15 | 12 |
| TANGLED-3D ísl. Tali | kl. 5.30 | L |
| TRON: LEGACY-3D | kl. 5.15 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| KING LEAR Leikrit í Beini útsendingu | kl. 7 | L |
| THE KING´S SPEECH | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| KLOVN - THE MOVIE | kl. 10:30 | 14 |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI-3D ísl. Tali | Sýnd á morgun | L |
| YOU AGAIN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |

TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á WWW.SAMBIO.IS



SMÁRABÍÓ — HÁSKÓLABÍÓ — FULLKOMIN GÆÐI!

THE FIGHTER — 7 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA — BESTA MYND — SIGURVEGARI! GOLDEN GLOBE VERÐLAUN — 2 — midi.is

STUNDUM ER SANNLEIKURINN SÁR — DILEMMA — LÚXUS

VINSÆLASTA MYND VERALDAR ÞRJÁR VIKUR Í RÖÐ! — GREEN HORNET

BURLESQUE — ★★★★ -M.Ó., MBL

THE TOURIST

Frönsk kvikmyndahátíð — NÁNARI UPPL. Á AF.IS OG MIDI.IS

SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| THE DILEMMA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| THE DILEMMA LÚXUS | kl. 10.30 | L |
| THE GREEN HORNET 3D | kl. 5.25 - 8 - 10.35 | 12 |
| BURLESQUE | kl. 10.35 | L |
| ALFA OG ÓMEGA 3D | kl. 3.30 | L |
| THE TOURIST | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| GULLIVER´S TRAVELS 3D | kl. 3.30 - 5.50 | L |
| MEGAMIND 3D ÍSL. TAL | KL. 3.40 | L |
| NARNIA 3 3D | KL. 3.30 | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ — Nánar á Miði.is — 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE FIGHTER | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| BURLESQUE | KL. 10.10 | L |
| GAURAGANGUR | KL. 5.50 - 8 | 7 |
| LÍFSLÖNGUN | kl. 6 Enskur texti | L |
| BARA HÚSMÓÐIR | kl. 8 Enskur texti | L |
| HVÍTAR LYGAR | kl. 10 Íslenskur texti | L |
| EINS OG HINIR | KL. 6 Enskur texti | L |
| ÆVINTÝRI ADÉLE | KL. 8 Íslenskur texti | L |
| SKRIFSTOFA GUÐS | KL. 10 Enskur texti | L |

BORGARBÍÓ — Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| THE DILEMMA | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| THE GREEN HORNET 3D | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| ALFA OG ÓMEGA 3D | kl. 5.50 Síðasta sýning í 3D | L |

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is — 5%

facebook / smarabio • facebook / haskolabio



CAFÉ BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| HERBERGI Í RÓM (HABITACION EN ROMA) (14) | 18:00, 22:00 |
| SÚÐBYRÐINGUR (L) | 20:00 |
| UPPÁTÆKI (MICMACS) (L) | 18:00, 20:00, 22:00 |
| EINHVERSSTAÐAR (SOMEWHERE) (L) | 18:00, 20:00, 22:00 |
| THE SOCIAL NETWORK (L) | 18:00 |
| RÓÐLAUST OG BEINLAUST (L) | 20:20 |

MUNIÐ AÐGANGSKORTIN! Allt að 37% afsláttur

SÚÐBYRÐINGUR saga báts — MICMACS

ÁSTARFUNI (de sono l'amore) FRUMSÝND 4. FEBRÚAR

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR / BIOPARADIS.IS / MIDI.IS

# ÚTSALA



Soft Hoodie
Verð nú 6.995 kr.

50% AFSLÁTTUR

Arizona Hood Jacket
Verð nú 7.495 kr.

50% AFSLÁTTUR



Pursuit futsal
Verð frá 4.995 kr.

50% AFSLÁTTUR



Denstone jr.
Verð frá 2.995 kr.

50% AFSLÁTTUR



Speciali Cup
Verð nú 7.495 kr.

50% AFSLÁTTUR

## 20-60% AFSLÁTTUR

## ATH! -50% AF ÖLLUM FÓTBOLTASKÓM

BREATH THERMO hlaupafatnaður

Skór Sokkar Íþróttagallar

Regnfatnaður Úlpur

Hettupeysur Joggingbuxur Bolir

Allt í ræktina- Toppar Hlýrabolir T-bolir Buxur Peysur

Íþróttateip Kælisprey Hitakrem

Hlaupaskór Hlaupafatnaður

Nuddolíur Nuddkrem

Töskur Bakpokar

Legghlífar Boltar Markmannshanskar

MIZUNO

**Hágæða hlaupaskór, gaddaskór, handboltaskór og hlaupafatnaður**



Wave Rider m
Verð nú 22.492 kr.

Wave Rider w
Verð nú 22.492 kr.

25% AFSLÁTTUR

**Mizuno Wave Rider**

Léttur og þægilegur hlutlaus skór með frábæra dempun. Ótrúlega þægilegur hlaupaskór sem hefur verið einn vinsælasti hlaupaskórinn víða um heim undanfarin ár



Wave Nirvana m
Verð nú 25.493 kr.

Wave Nirvana w
Verð nú 25.493 kr.

25% AFSLÁTTUR

**Mizuno Wave Nirvana**

Innanfótarstyrktur skór (stability) með frábæra dempun undir hæl og tábergi. Veitir góðan stuðning og hentar þeim sem hafa flatan fót eða ilsig.



Wave Ascend m
Verð nú 17.993 kr.

Wave Ascend w
Verð nú 17.993 kr.

25% AFSLÁTTUR

**Mizuno Wave Ascend**

Léttur og þægilegur utanvega skór með grófum skóla. Frábær dempun og loftar vel. Stöðugur skór og með botn sem grípur vel í bleytu.



Wave lightning 6
Verð nú 20.993 kr.

30% AFSLÁTTUR

**Mizuno handboltaskór**

**Afgreiðslutímar**
virka daga 10-18 og
laugardaga 11-16

SPORTLAND

Grensásvegur 11 | 108 Reykjavík | Sími: 571-1000 | www.sportland.is

# sport

sport@frettabladid.is



**ÍSLENSKA FÓTBOLTALANDSLIÐIÐ** missti Simbabve upp fyrir sig á styrkleikalista FIFA og féll niður í sæti númer 114. Þetta var þriðji listinn í röð þar sem Ísland lækkar um eitt sæti en íslenska landsliðið hefur lækkað eða staðið í stað á undanförnum sex listum eða allt frá því að Ísland sat í 79. sæti í ágúst síðastliðnum.

## ÚRSLIT Í GÆR

*Enska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| Birmingham-Manchester City | 2-2 |
| 0-1 Carlos Tévez (4.), 1-1 Nikola Zigic (23.), 1-2 Aleksandar Kolarov (41.), 2-2 Craig Gardner (77.) | |
| Blackburn-Tottenham | 0-1 |
| 0-1 Peter Crouch (4.) | |
| Blackpool-West Ham | 1-3 |
| 0-1 Victor Obinna (24.), 0-2 Robbie Keane (36.), 1-2 Charlie Adam (42.), 1-3 Victor Obinna (43.) | |
| Bolton-Wolves | 1-0 |
| 1-0 Daniel Sturridge (90.+2) | |
| Fulham-Newcastle | 1-0 |
| 1-0 Damien Duff (67.) | |
| Liverpool-Stoke | 2-0 |
| 1-0 Raúl Meireles (47.), 2-0 Luis Suárez (79.) | |

**STAÐAN Í DEILDINNI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Man. United** | **24** | **15** | **9** | **0** | **54-22** | **54** |
| Arsenal | 24 | 15 | 4 | 5 | 50-23 | 49 |
| **Man.City** | **25** | **13** | **7** | **5** | **39-22** | **46** |
| Chelsea | 24 | 13 | 5 | 6 | 46-21 | 44 |
| **Tottenham** | **23** | **10** | **8** | **5** | **32-26** | **38** |
| Sunderland | 25 | 9 | 10 | 6 | 30-28 | 37 |
| **Liverpool** | **24** | **9** | **5** | **10** | **31-31** | **32** |
| Blackburn | 24 | 9 | 4 | 11 | 31-37 | 31 |
| **Newcastle** | **23** | **8** | **6** | **9** | **36-33** | **30** |
| Stoke City | 23 | 9 | 3 | 11 | 28-28 | 30 |
| **Bolton** | **24** | **7** | **9** | **8** | **34-35** | **30** |
| Blackpool | 23 | 8 | 4 | 11 | 34-41 | 28 |
| **Aston Villa** | **25** | **7** | **7** | **11** | **28-43** | **28** |
| Everton | 24 | 5 | 12 | 7 | 28-31 | 27 |
| **Fulham** | **24** | **5** | **11** | **8** | **25-26** | **26** |
| West Brom | 24 | 7 | 5 | 12 | 31-45 | 26 |
| **Birmingham** | **23** | **4** | **12** | **7** | **23-33** | **24** |
| Wigan Athletic | 25 | 4 | 11 | 10 | 22-41 | 23 |
| **Wolves** | **23** | **6** | **3** | **14** | **24-41** | **21** |
| West Ham | 24 | 4 | 9 | 11 | 24-43 | 21 |

**MARKAHÆSTIR:**

| | |
|---|---|
| **Dimitar Berbatov, Manchester United** | **19** |
| Carlos Tévez, Manchester City | 15 |
| **Andrew Carroll, Newcastle** | **11** |
| Kevin Nolan, Newcastle | 10 |
| **Peter Odemwingie, West Bromwich** | **10** |
| Didier Drogba, Chelsea | 10 |
| **Darren Bent, Aston Villa, Sunderland** | **10** |

# Liverpool með þrjá sigra í röð

**Luis Suarez (Liverpool), Robbie Keane (West Ham) og Daniel Sturridge (Bolton) skoruðu allir í sínum fyrsta leik með nýjum félögum og þeir Peter Crouch (Tottenham) og Damien Duff (Fulham) tryggðu sínum liðum mikilvæga sigra í ensku úrvalsdeildinni í gær. Eiður Smári Guðjohnsen var ekki í hópnum hjá Fulham.**



**FRÁBÆR BYRJUN** Úrúgvæinn Luis Suarez skoraði í sínum fyrsta leik með Liverpool aðeins sextán mínútum eftir að hann kom inn á sem varamaður. Hér fagnar hann marki sínu með Dirk Kuyt sem átti stoðsendinguna á hann. NORDICPHOTOS/GETTY

**FÓTBOLTI** Liverpool er að komast á gott skrið undir stjórn Kenny Dalglish en liðið vann þriðja deildarsigurinn í röð í gærkvöldi. Manchester City tapaði aftur á móti stigum annan leikinn í röð þegar liðið gerði 2-2 jafntefli við Birmingham. Peter Crouch tryggði Tottenham 1-0 útisigur á Blackburn og Damien Duff skoraði sigurmark Fulham í 1-0 sigri á móti Newcastle.

Liverpool fylgdi á eftir sigrum á Wolves og Fulham með 2-0 sigri á Stoke á Anfield í fyrsta leik félagsins án Fernando Torres en Liverpool-liðið hefur nú unnið síðustu þrjá leiki sína með markatölunni 6-0. Stóra prófið verður þó á móti Chelsea á brúnni á sunnudaginn.

Liverpool hafði góð tök á leiknum en tókst ekki að skora úr fjölmörgum færum í fyrri hálfleiknum. Það tók liðið hinsvegar aðeins 90 sekúndur að skora í seinni hálfleik þegar Raúl Meireles skoraði sitt þriðja mark í síðustu fjórum leikjum.

Luis Suarez kom inn á sem varamaður á 63. mínútu og stimplaði sig inn með því að koma Liverpool í 2-0 á 79. mínútu eftir að hafa sloppið í gegn eftir frábæra stungusendingu frá Dirk Kuyt.

Craig Gardner tryggði Birmingham 2-2 jafntefli á móti Manchester City með marki úr víti þrettán mínútum fyrir leikslok en Carlos Tevez og Aleksandar Kolarov höfðu komið City tvisvar yfir í fyrri hálfleiknum. Nikola Zigic jafnaði leikinn í 1-1.

Manchester City hefur því aðeins náð í eitt stig út úr síðustu tveimur leikjum eftir 0-1 tap fyrir Aston Villa í leiknum á undan. Liðið er því átta stigum á eftir toppliði Manchester United og jafnframt búið að spila leik meira.

Tottenham komst aftur á sigurbraut eftir að hafa fengið aðeins tvö stig í þremur leikjum á undan. Tottenham vann 1-0 útisigur á Blackburn og er áfram þremur stigum á eftir Chelsea. Peter Crouch skoraði sigurmark Tottenham strax á 4. mínútu með skalla á fjærstönginni eftir fyrirgjöf frá Rafael van der Vaart.

Victor Obinna skoraði þrennu í bikarsigri á Nottingham Forest um helgina og hann skoraði tvö mörk í 3-1 sigri West Ham á Blacpool á Bloomfield Road en öll mörkin komu í fyrri hálfleik. Robbie Keane kom West Ham í 2-0 í sínum fyrsta leik með félaginu en Charlie Adam minnkaði muninn fyrir Blackpool með því að skora hjá Robert Green beint úr hornspyrnu.

Eiður Smári Guðjohnsen var ekki í hópnum hjá Fulham sem vann 1-0 sigur á Newcastle. Damien Duff skoraði sigurmarkið gegn sínum gömlu félögum.

Grétar Rafn Steinsson var ekki í hópnum hjá Bolton sem vann 1-0 heimasigur á Wolves en það var Daniel Sturridge sem skoraði sigurmarkið í uppbótartíma í sínum fyrsta leik með Bolton eftir að hann kom frá Chelsea.

ooj@frettabladid.is


N1 DEILDIN

HANDBOLTINN ER KOMINN AFTUR HEIM!

N1 DEILD KARLA

| | | |
|---|---|---|
| Akureyri – Valur | Höllin Akureyri | kl. 19:00 |
| Fram – FH | Framhús | kl. 19:30 |
| HK – Afturelding | Digranes | kl. 19:30 |
| Selfoss – Haukar | Selfoss | kl. 19:30 |

Keppni í N1 deild karla hefst aftur með látum í kvöld. Við á N1 hvetjum alla unnendur handbolta til að mæta nú á völlinn og styðja sitt lið til sigurs. Góða skemmtun!

WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000

Meira í leiðinni

Stórleikur KR og Keflavíkur í Iceland Express-deild karla í körfubolta í kvöld:

# Tvö sjóðheit mætast í Vesturbæ

**KÖRFUBOLTI** Keflavík og KR hafa bæði byrjað nýja árið frábærlega í körfunni. Keflavík hefur unnið alla fjóra leiki sína með 18,5 stigum að meðaltali og KR hefur unnið alla fjóra deildarleiki sína auk þess að tryggja sér sæti í undanúrslitum bikarsins.

Í kvöld mætast þessi tvö heitustu lið landsins í DHL-höll þeirra KR-inga en fyrir leikinn eru þau bæði tveimur stigum á eftir toppliðum Snæfells og Grindavíkur.

Keflavík vann fyrri leik liðanna 95-91 og á bæði möguleika á því að vinna sinn þriðja leik í röð á móti KR sem og að ná tvennunni gegn Vesturbæingum í fyrsta sinn síðan tímabilið 2005-06. KR náði tvennunni gegn Keflavík bæði 2006-07 og 2008-09

Toppliðin Snæfell og Grindavík töpuðu bæði í síðustu umferð og Snæfell hefur tapað tveimur af síðustu þremur leikjum sínum. Snæfell fær Tindastól í heimsókn í Hólminn í kvöld en Grindvíkingar sækja ÍR-inga heim í Seljaskólann.

Aðrir leikir kvöldsins eru: Hamar-Njarðvík, Stjarnan-KFÍ og Haukar-Fjölnir og hefjast allir leikirnir klukkan 19.15. **- óój**



**GUNNAR EINARSON HJÁ KEFLAVÍK**


**FYLKIR**

## Aðalfundur 2010

Aðalfundur Íþróttafélagsins Fylkis og allra deilda þess verður haldinn í Fylkishöll fimmtudaginn 17. febrúar 2011 kl. 20.30.

**Dagskrá;**
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Stjórn Íþróttafélagsins Fylkis.




**ODDUR GRETARSSON** Var með íslenska landsliðinu á HM. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

N1-deild karla í kvöld:

## Fyrstu leikirnir í 49 daga

**HANDBOLTI** N1 deild karla í handbolta fer aftur af stað í kvöld eftir 49 daga jóla- og HM-frí en heil umferð fer þá fram.

Flestra augu verða á tveimur leikjum, liðin í 2. sæti (Fram) og 3. sæti (FH) mætast í Safamýri og fyrir norðan tekur topplið Akureyrar á móti Val. Akureyri tapaði sínum fyrstu þremur stigum á tímabilinu í síðustu tveimur leikjunum fyrir frí en Valsmenn unnu hins vegar þrjá fyrstu leiki sína undir stjórn þeirra Óskars Bjarna Óskarssonar og Heimis Ríkarðssonar.

Það verður gaman að sjá hvað hefur mikið breyst á þessum sjö vikum en auk fyrrnefndra leikja mætast einnig HK-Afturelding og Selfoss-Haukar í kvöld. **- óój**



**JÓN GUÐNI** Er fjölhæfur leikmaður og mikilvægur fyrir Fram. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jón Guðni Fjóluson:

## Samdi við Fram til 2013

**FÓTBOLTI** Framarar glöddust yfir því á heimasíðu sinni í gær að Jón Guðni Fjóluson hafði skrifað undir nýjan samning við félagið sem nær nú til ársins 2013.

Jón Guðni hefur verið lykilmaður í liði Fram síðustu tímabil og hefur einnig staðið sig vel með 21 árs landsliðinu sem tryggði sér sæti á EM í sumar.

Jón Guðni hafnaði því á dögunum að fara til AEK Aþenu í Grikklandi en hann hefur einnig verið til reynslu hjá PSV Eindhoven, Bayern München og Fortuna Düsseldorf.

Jón Guðni var með 5 mörk í 17 leikjum með Fram í Pepsi-deildinni síðasta sumar og var þriðji í einkunnagjöf Fréttablaðsins með 6,53 í meðaleinkunn. **- óój**




> **Salma Hayek**

„Ég á bóndabýli og ég elska það. Þar er í raun-inni ekkert að gera, en að horfa á kjúklingana er samt mjög skemmtilegt.“

***Salma Hayek leikur mexíkóska þjónustu-stúlku með drauma um að giftast til fjár í rómant-ísku spennumyndinni Ask the Dust, sem er á Stöð 2 Bíó í kvöld kl. 20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ JÓN AÐALSTEINN BERGSVEINSSON PIRRAR SIG Á ÍSLENSKUM LÖGUM Á ENSKU

# *When I come home to Búðardalur*

Í mörg ár hefur það farið í taugarnar á mér þegar íslenskar hljómsveitir syngja eigin texta á ensku eða erlend lög með íslenskum texta. Þetta er ekkert nýtilkomið og í takt við aldurinn þegar maður lætur eitt og annað trufla sig. Fjarri því, ég man vel eftir vonbrigðunum þegar ég heyrði líklega tíu ára gamall í fyrsta sinn Mamas & the Papas flytja California Dreaming og uppgötvaði mér til sárrar raunar að Hljómar höfðu fengið lagið lánað og skellt því á plast með nýjum en fínum íslenskum texta Þorsteins Eggertssonar. Sömu-leiðis varð ég dapur þegar ég uppgötvaði að lagið Sagan af Nínu og Geira með Brimkló hafði upphaflega verið bandarískt kántrílag. Listinn er of langur til að birta hann allan.

Ástæða pirringsins er sú að mér finnst íslenskir tónlist-armenn geta gert svo miklu betur. Þeir þurfi ekki að nota erlend lög til að byggja á, hvað þá að syngja á erlendu máli. Sérstaklega fór það í taugarnar á mér í vikunni þegar tónlistarmenn, sem ég veit ekki hverjir voru, kynntu lag sitt í Ríkisútvarpinu í vikunni. Á einhvern hátt átti lagið að fjalla um te. Síðan var lagið spilað og sungið á ensku. Ég hlustaði á það með öðru eyranu, bæði af því mér fannst enskan gengisfella tónlistina og te almennt vont.



Þeir sem kunna að leika með tungumálið gera það listavel. Þar á meðal eru Erpur Eyvindarson, KK, Hörður Torfa og Megas, sem draga upp misálitlegar myndir af íslenskum veruleika í textum sínum. Tilfinn-ing mín er einfaldlega sú að íslenskir tónlistarmenn sem kjósa að tjá sig á ensku ráði ekki við litróf íslensks tungumáls og verði því að láta sér lynda að syngja á tiltölulega einföldu máli sem ekki er þeim tamt um afstæða hluti. Þar kemst íslenskur veruleiki ekki fyrir enda erfitt að syngja um skuggastræti borgarinnar, náttúruna, hringveginn, fjöllin og þorpin við sjóinn á öðru tungumáli en íslensku (einhverra hluta vegna finnst mér samt að sænskir vísnasöngvarar gætu komist upp með þetta). Gæti annars einhvern langað til að heyra lagið: When I come home to Búðardalur?

## SJÓNVARPIÐ

**16.25 Kiljan** (e)
**16.35 Sjónleikur í átta þáttum** (4:8) (e)
**17.20 Magnus og Petski** (4:12)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar** (e)
**18.25 Bombubyrgið** (17:26)
**19.00 Fréttir, veður og Kastljós**
**20.05 Strákarnir okkar** (6:6) Í tilefni af 80 ára afmæli Ríkisútvarpsins verður í þessari þáttaröð leitað að besta handboltaliði Íslands frá upphafi. Með hjálp gamalla og núverandi handboltastjarna og annarra sérfræðinga rifj-um við upp sögur af okkar bestu handbolta-mönnum.
**21.05 Árekstur** (4:5) Breskur myndaflokk-ur. Harður margra bíla árekstur verður á hrað-braut og breytir lífi allra sem í honum lenda.
**21.50 Fum og fát** (4:20) Í þessum belg-ísku hreyfimyndaþáttum ferðast Kúrekinn, Indíáninn og Hesturinn að miðju jarðar og lenda í ótrúlegustu ævintýrum.
**22.00 Tíufréttir og Veðurfréttir**
**22.15 Sporlaust** (22:24) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögregl-unnar sem leitar að týndu fólki. Atriði í þátt-unum eru ekki við hæfi barna.
**23.00 Dorrit litla** (7:8) (e)
**23.55 Lögin í söngvakeppninni** (e)
**00.05 Kastljós**
**00.35 Fréttir**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 The Groomsmen**
**10.00 The Cable Guy**
**12.00 Doctor Dolittle**
**14.00 The Groomsmen**
**16.00 The Cable Guy**
**18.00 Doctor Dolittle**
**20.00 Ask the Dust**
**22.00 Amazing Journey: The Story of The Who**
**00.05 Skeleton Man**
**02.00 Sweeney Todd. The Demon Barber of Fleet Street**
**04.00 Amazing Journey: The Story of The Who**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**11.00 The Mentalist** (5:23)
**11.45 Gilmore Girls** (2:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Matarást með Rikku** (8:10)
**13.30 My Girl**
**15.10 The O.C. 2** (19:24)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (18:21)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Tvímælalaust** Fréttaskýringa- og umræðuþáttur með Sigurjóni Kjartanssyni og Jóni Gnarr.
**20.05 Masterchef** (5:13) Stórskemmti-legur matreiðsluþáttur sem sló fyrst í gegn í Bretlandi.
**20.50 Mannasiðir Gillz** Í þáttunum leiðir hinn fjölhæfi Gillz okkur í sannleika um hvað það er að vera karlmaður, hvernig best er að nálgast hitt kynið og hvernig má bregðast við hinum ýmsu aðstæðum.
**21.20 NCIS: Los Angeles** (24:24) Spennuþættir sem gerast í Los Angeles og fjalla um starfsmenn systurdeildarinnar í höf-uðborginni Washington.
**22.05 Five Days II** Seinni hluti spenn-andi og vandaðrar framhaldsmyndar frá HBO og BBC.
**23.45 Spaugstofan**
**00.10 Chase** (5:18)
**00.55 Numbers** (14:16)
**01.40 Mad Men** (9:13)
**02.30 The Tudors** (1:8)
**03.20 Brick**
**05.05 Mannasiðir Gillz**
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**18.00 Spænsku mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
**18.50 Kobe - Doin , Work** Í þessari mögnuðu mynd fylgjumst við með einum degi í lífi Kobe Bryant. Þrjátíu myndavélar fylgdu Kobe eftir í þennan eina dag en myndin er eftir sjálfan Spike Lee.
**20.20 Brasilía - Ísland** Útsending frá leik Íslands og Brasilíu í B-riðli.
**21.45 Samantekt** Þorsteinn J. og gestir hans fara yfir gang mála á HM í handbolta í Svíþjóð.
**22.40 European Poker Tour 6 - Pokers** Sýnt frá European Poker Tour þar sem margir frábærir spilarar mættu til leiks.
**23.30 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Liverpool - Stoke** Útsending frá leik Liverpool og Stoke City í ensku úrvals-deildinni.
**16.00 Birmingham - Man. City** Útsend-ing frá leik Fulham og Newcastle United í ensku úrvalsdeildinni.
**17.45 Premier League Review 2010/11**
**18.45 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvals-deildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**19.15 Bolton - Wolves** Útsending frá leik Bolton Wanderers og Wolverhampton Wand-erers í ensku úrvalsdeildinni.
**21.00 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**22.00 Ariel Ortega** Magnaðir þættir um marga af bestu knattspyrnumönnum heims. Að þessu sinni verður fjallað um Ariel Ortega, fyrrverandi landsliðsmann Argentínu.
**22.25 Blackburn - Tottenham** Útsend-ing frá leik Blackburn Rovers og Tottenham Hotspur í ensku úrvalsdeildinni.
**00.10 Blackpool - West Ham**

## SKJÁR EINN

**08.00 Dr. Phil** (e)
**16.30 7th Heaven** (8:22) (e)
**17.15 Dr. Phil**
**18.00 HA?** (2:12) (e)
**18.50 Real Hustle** (18:20)
**19.15 Game Tíví** (2:14)
**19.45 FORD-stúlkurnar 2011: Undirbúningur og æfingar** (1:2) Í þessum þætti fáum við að kynnast stúlkun-um sem taka þátt í Ford-keppninni árið 2011. Þær gista saman í yfirgefnum heimavistar-skóla og læra brellur og brögð tískubransans.
**20.10 The Office** (23:26) Bandarísk gamansería um skrautlegt skrifstofulið. Jim og Pam vinna að sinni fyrstu sölu saman en Michael hefur einstakan hæfileika í að mis-túlka líkamstjáningar og allt gæti klúðrast.
**20.35 30 Rock** (9:22) Bandarísk gam-anþáttaröð. Eftir að hafa slett úr klaufun-um á gamlárskvöld reynir Jack að bjarga sér því hann skildi eftir óviðeigandi skilaboð á símsvara gömlu kærustunnar. Jenna byrjar í gervisamandi með leikaranum James Franco.
**21.00 Royal Pains - NÝTT** (1:18) Læknirinn Hank slær í gegn sem einkalækn-ir ríka fólksins í Hamptons í þessari þáttaröð. Marcia Gay Harden er gestaleikari í þættinum sem fjallar um son vísindamanns sem notar vafasamar aðferðir í rannsóknum sínum.
**21.50 CSI: Miami** (18:24)
**22.40 Jay Leno**
**23.25 Good Wife** (2:23) (e)
**00.15 The L Word** (7:8) (e)
**01.05 Harper's Island** (6:13) (e)
**01.45 Royal Pains** (1:18) (e)

## SKJÁRGOLF

**09.00 Farmers Insurance Open** (3:4)
**12.00 Golfing World**
**13.40 Farmers Insurance Open** (3:4)
**16.40 Inside the PGA Tour** (5:42)
**17.05 PGA Tour - Highlights** (4:45)
**18.00 Golfing World**
**18.50 Champions Tour - Highlights** (1:25)
**19.40 Open Champ. Official Film 2009**
**20.35 Inside the PGA Tour** (5:42)
**21.00 Waste Management Phoenix Open** (1:4)
**00.00 Golfing World**

## STÖÐ 2 EXTRA

**19.55 The Doctors** Frábærir spjallþætt-ir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufars-mál sem hvað helst brenna á okkur.
**20.35 Unhitched** (5:6) Þessir frábæru grínþættir segja frá vinum á fertugsaldri sem allir eru núna einhleypir og að reyna að fóta sig í nýjum aðstæðum.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Five Days II** Fyrri hluti spennandi og vandaðrar framhaldsmyndar frá HBO og BBC. Rannsókn lögreglunnar á sjálfsmorði tekur óvænta stefnu og grunur vaknar um að morð hafi verið framið. Myndin skart-ar mörgum af færustu leikurum Breta í aðal-hlutverkum.
**23.30 Pretty Little Liars** (12:22)
**00.15 Grey's Anatomy** (11:22)
**01.00 Tvímælalaust**
**01.40 Unhitched** (5:6)
**02.05 The Doctors**
**02.45 Fréttir Stöðvar 2**
**03.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jónu Gísla-dóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**Dagskrá N4 – Sjónvarp Norðurlands er endurtekið allan sólarhringinn og um helgar.**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Kristján Þór Júlíusson um starf framtíðarnefndarinnar.
**21.00 Undir feldi** Örlagaár í sjálfstæðis-sögu eyjunnar bláu í umsjón Loga og Heimis.
**21.30 Rokk og tjatjatja** Tónlistarflóran á eyjunni bláu er engu lík.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helg-ar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |

ÚTSALA
Útsölunni lýkur um helgina- enn meiri verðlækkun.
habitat

ALLT AÐ 70 % afsláttur
Útsölunni lýkur á sunnudag - enn meiri verðlækkun!
TEKK VÖRUHÚS
KAUPTÚNI (GEGNT IKEA) SÍMI 564 4499
TEKK COMPANY
Holtagörðum
www.tekk.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.50

### Mannasiðir Gillz



Bráðfyndin íslensk þáttaröð þar sem Egill Gillz Einarsson kennir Íslendingum mannasiði. Í þessum þætti verður Steindi jr. í hlutverki hallærislegs djammara sem á mikið af Blend-fötum. Hann lærir hvernig á að haga sér úti á lífinu.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.13** Litla flugan **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Landið sem rís **14.03** Á tónsviðinu **15.03** Útvarpssagan: Úr Bernskunni **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.27** Sinfóníutónleikar **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Leikritakvöld Útvarpsins: Apakötturinn **23.45** Heimsókn til listamanna **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**10.00** Waterloo Road **10.50** EastEnders **11.20** Doctor Who **12.10** Deal or No Deal **12.45** Deal or No Deal **13.20** Whose Line Is It Anyway? **13.45** Whose Line Is It Anyway? **14.10** Only Fools and Horses **15.05** Doctor Who **15.50** Doctor Who **16.35** New Tricks **17.30** Deal or No Deal **18.05** Deal or No Deal **18.40** Only Fools and Horses **19.30** Little Britain **20.00** Lead Balloon **20.30** Little Dorrit **21.20** Little Britain **21.50** Whose Line Is It Anyway? **22.15** Whose Line Is It Anyway? **22.40** New Tricks **23.35** EastEnders **00.05** Little Britain

## DR 1

**12.00** Rig ved et tilfælde **12.30** Grauballemanden **13.00** Vores Liv **13.30** Undercover chef **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Aftenshowet **15.00** Noddy **15.10** Rasmus Klump **15.15** Kasper & Lise **15.30** Cirkeline i Fandango **16.00** Landsbyhospitalet **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Vores Liv **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Bag Facaden **19.30** Blod, sved og T-shirts **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** Verdens skrappeste forældre **22.00** SOS **22.50** DR1 Dokumentaren

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Aktuelt **12.35** Urix **13.00** NRK nyheter **13.05** FBI **13.35** Ut i naturen **14.00** NRK nyheter **14.10** Dallas **15.00** NRK nyheter **15.10** Det må jeg gjøre før jeg dør **15.50** Filmavisen **16.00** NRK nyheter **16.10** Ja, vi elsker **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Schrödingers katt **19.15** Anne & Ronny møter 8 med vilje **19.55** Distriktsnyheter **20.30** Debatten **21.30** Sognepresten **22.00** Kveldsnytt **22.15** Spekter **23.00** Jordmødrene

## SVT 1

**09.30** Gomorron Sverige **10.15** Go'kväll **11.00** Rapport **11.05** Uppdrag Granskning **12.05** 10.000 kronorsfrågan **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Vild, vacker och farlig **15.30** Skavlan **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Antikrundan **20.00** Årets kock 2010 **21.00** Debatt **21.45** En idiot på resa **22.30** Uppdrag Granskning **23.30** Simma lugnt, Larry! **00.00** Kören





VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

FORSÍÐA | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

# FÁÐU FÍNA OG FRÆGA FÓLKIÐ Í HEIMSÓKN

## Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í margfalt betri upplausn en áður og með góðu aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á nýjum Vísi.




Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

vísir.is



*„Hvar er, hvar er, hvar er, hvar er búrkan mín? Búrkan mín, búrkan mín?“*

Þórarinn Þórarinsson, blaðamaður og rithöfundur, blandar sér í umræðuna.

# Einari Ágústi eignaður FM-hnakkinn

Á föstudagskvöldið mætti Ásgeir Kolbeinsson í viðtal í spjallþátt Loga Bergmanns á Stöð 2. Hann var þar beðinn um að útskýra uppruna orðsins FM-hnakki en Ásgeir hefur lengi verið spyrtur við hnakka-menninguna. Að sögn Ásgeirs má rekja orðið til tónleika Skítamórals á Akureyri fyrir þrettán árum. Þá hafi Samúel Bjarki Pétursson kvikmyndagerðarmaður verið að túbera á sér hárið með hárblásara. Og þá á Einar Ágúst Víðisson, þáverandi meðlimur Skítamórals, að hafa sagt: „Hann er að blása á sér hnakkann, FM-hnakkann.“

Einar Ágúst viðurkennir að hafa látið þessi orð falla, þeir hafi verið að missa af flugvél suður og lá mikið á. „Hann og Gunni Óla voru jafnlengi að hafa sig til.“

Í júníbyrjun 2008 lýsti tónlistamaðurinn Barði Jóhannsson því yfir í viðtali við Fréttablaðið að hann væri höfundur orðsins „hnakki“. Það hefði fyrst heyrst í útvarpsþættinum Ólafi. „Já við Henrik [Björnsson tónlistarmaður] fundum orðið upp á sínum tíma,“ sagði Barði þá. Þeir vildu hins vegar ekkert láta hafa eftir sér þegar Fréttablaðið hafði uppi á þeim í gær.

Ekki er hins vegar ólíklegt að orðið hafi flætt ómeðvitað milli þessara aðila því stjúpfaðir Einars Ágústar er bróðir pabba Barða. Og Einar Ágúst ætlar ekki að gera neitt sérstakt tilkall til þess. „Frændi minn Barði er reyndar vel að þessu orði kominn.“

- fgg



**HVER Á ORÐIÐ?** Einari Ágústi er eignaður FM-hnakkinn en Henrik og Barði hafa áður gert tilkall til þess heiðurs.




## GUNNAR HANSSON: TÖKUM UPP PRUFUÞÁTT Í DANMÖRKU Í NÆSTU VIKU

# Casper Christensen vill Frímann í danskt sjónvarp

„Frímanni finnst fínt að fara til Danmerkur, en auðvitað er þetta bara lítið skref í áttina að England,“ segir leikarinn Gunnar Hansson.

Gunnar hefur túlkað persónuna Frímann Gunnarsson í sjónvarpsþáttum og auglýsingum hér á landi síðustu ár og nú gæti hann verið á leiðinni í danskt sjónvarp. Klovnbróðirinn Casper Christensen og framleiðslufyrirtæki hans, Douglas Entertainment, ætla að framleiða prufu af spjallþætti með Frímanni í Danmörku í næstu viku og í kjölfarið kynna fyrir dönskum sjónvarpsstöðvum. Þátturinn yrði á enskri tungu og Frímann myndi fá fræga Dani í viðtöl og spjalla við þá af einstakri vanþekkingu sinni.

Grunnurinn að samstarfinu var lagður í september í fyrra þegar Casper og Frank Hvam, félagi hans, komu fram á kvöldstund með Frímanni Gunnarssyni í Háskólabíói. „Þá hittum við Casper í fyrsta skipti,“ segir Gunnar. „Hann var líka að sjá Frímann í fyrsta skipti og varð rosalega hrifinn. Strax í hléi var hann byrjaður að segja að ég þyrfti að koma með persónuna til Danmerkur.“

Casper hélt svo áfram eftir sýninguna og sagði Gunnari og Ragnari, bróður hans og leikstjóra, að hann væri með eigið framleiðslufyrirtæki sem gæti framleitt þættina. „Við sögðum bara endilega, en það er svo mikið talað í þessum bransa og maður er vanur því að það rætist ekki úr öllu,“ segir Gunnar. Aðstoðarkona Caspers var svo í sambandi við bræðurna og í síðustu viku fengu þeir póst um að stúdíó hefði verið bókað og að prufuþátturinn verði tekinn upp í næstu viku.

Casper stýrir spjallþættinum Alhoa! á sjónvarpsstöðinni TV2. Hann er sýndur í beinni útsendingu og tekinn upp fyrir framan 500 manns. Áhorfendurnir munu sitja áfram á meðan prufuþáttur Frímanns verður tekinn upp og Frank, Casper og Iben, kona hans, verða að öllum líkindum á meðal gesta Frímanns. „Við erum í rauninni að gera þátt sem verður notaður til að selja dönsku sjónvarpi. Vonandi verður hann líka sýndur hér á landi,“ segir Gunnar. „Það er ótrúlega spennandi að prófa þetta.“

Gunnar hefur fengið þau skilaboð frá Douglas Entertainment að þeir þurfi engar áhyggjur að hafa af gestum þáttarins, verði hann framleiddur, þar sem þau geti fengið hvern sem er í Danmörku. „Hugsandi sem Frímann nefndi ég dönsku konungsfjölskylduna og þau sögðust ætla að reyna að redda því,“ segir Gunnar léttur. „En ef Frímann fær viðtöl við dönsku konungsfjölskylduna lítur hann á það sem æfingu fyrir þá bresku.“

atlifannar@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**ÍSLENSKT GRÍN Í ÚTRÁS**

**Casper Christensen** féll fyrir Frímanni Gunnarssyni, sem leikarinn **Gunnar Hansson** hefur leikið í sjónvarpsþáttum og auglýsingum síðustu ár. Casper var svo hrifinn að hann vill að Frímann stjórni spjallþætti í Danmörku. **Iben, Frank** og Casper verða gestir Frímanns í prufuþættinum sem verður tekinn upp í næstu viku.




# Stuðmaður afi í fyrsta sinn

„Þetta er fjallmyndarlegur drengur sem tekur afanum langt fram enda kynbættur með dönsku blóði sem þyrfti að gera meira af á Íslandi,“ segir Jakob Frímann Magnússon Stuðmaður með meiru.

Jakob er orðinn afi í fyrsta sinn því dóttir hans og Ragnhildar Gísladóttur, Stuðmannabarnið Bryndís Jakobsdóttir, ól sveinbarn á mánudaginn. Bryndís og barninu heilsast vel en unnusti hennar er danski tónlistarmaðurinn Mads Mouritz.

Jakob viðurkennir að afahlutverkið festist við hann svolítið seint, svona miðað við starfsfélagana. „Eyþór Gunnarsson er til að mynda tíu árum yngri en ég og hann varð afi fyrir tíu árum,“ útskýrir Jakob en bætir því við að tilfinningin sé harla góð. „Þetta er bara frábært og það sem skiptir mestu máli er að allt gekk vel, allir eru kampakátir við hestaheilsu og það gildir öllu.“

Jakob, sem er nú staddur í Brussel á ráðstefnu, stóðst síðan ekki mátið og flaug til dóttur sinnar á þriðjudeginum. „Ég varð auðvitað að fá að sjá hann og ekkert síður dóttur mína sem er í mikilli hamingjuvímu.“ Og afabarnið á eitt sameiginlegt með afanum Jakobi. „Við erum báðir fæddir í Danmörku, ég er fæddur í köngsins Kaupmannahöfn og mér hefur því alltaf liðið eins og á heimavelli þar.“

- fgg



**HAMINGJUSAMUR AFI** Jakob Frímann kann vel við afahlutverkið og er þegar búinn að sjá fyrsta barnabarnið sitt sem Bryndís Jakobsdóttir ól á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Lér konungur** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 11.2. Kl. 20:00 Ö | Fim 17.2. Kl. 20:00 | |
| Lau 12.2. Kl. 20:00 Ö | Fös 25.2. Kl. 20:00 | |

**Gerpla** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 10.2. Kl. 20:00 Aukasýning Ö | | |

**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 4.2. Kl. 19:00 Ö | Fös 18.2. Kl. 19:00 U | Mið 9.3. Kl. 19:00 |
| Lau 5.2. Kl. 19:00 Ö | Lau 19.2. Kl. 19:00 Ö | Lau 12.3. Kl. 19:00 |
| Mið 9.2. Kl. 19:00 U | Mið 2.3. Kl. 19:00 Ö | Fim 17.3. Kl. 19:00 |

**Ballið á Bessastöðum** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 3.2. Kl. 18:00 U | Sun 20.2. Kl. 14:00 Ö | Sun 6.3. Kl. 17:00 |
| Sun 6.2. Kl. 14:00 Ö | Sun 20.2. Kl. 17:00 | Sun 13.3. Kl. 14:00 Ö |
| Sun 6.2. Kl. 17:00 Ö | Sun 27.2. Kl. 14:00 Ö | Sun 13.3. Kl. 17:00 |
| Sun 13.2. Kl. 14:00 Ö | Sun 27.2. Kl. 17:00 | Sun 20.3. Kl. 14:00 Ö |
| Sun 13.2. Kl. 17:00 | Sun 6.3. Kl. 14:00 Ö | |

**Brák** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 6.2. Kl. 20:00 U | Sun 13.2. Kl. 20:00 Ö | Lau 26.2. Kl. 20:00 |
| Fös 11.2. Kl. 20:00 Ö | Fim 17.2. Kl. 20:00 | Sun 27.2. Kl. 20:00 |
| Lau 12.2. Kl. 20:00 Ö | Sun 20.2. Kl. 20:00 | |

**Sindri silfurfiskur** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 6.3. Kl. 13:30 Ö | Sun 13.3. Kl. 15:00 U | Sun 27.3. Kl. 13:30 |
| Sun 6.3. Kl. 15:00 Ö | Sun 20.3. Kl. 13:30 | Sun 27.3. Kl. 15:00 |
| Sun 13.3. Kl. 13:30 | Sun 20.3. Kl. 15:00 | |

# LAGERSALA

**RÝMUM TIL Á LAGERNUM - KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!**

# 40-80%

## afsláttur

**aðeins í nokkra daga!**

Mikið úrval af vetrarfatnaði, golffatnaði, útivistarfatnaði, softshell og super stretch peysum, barnafatnaði o.fl.

| Verðdæmi | verð áður | verð nú |
|---|---|---|
| 3 laga jakkar | 37.990- | **18.900-** |
| 3 laga buxur | 37.990- | **18.900-** |
| Golfjakkar | 19.990- | **9.900-** |
| Golfregnbuxur | 22.990- | **12.900-** |
| Útivistarjakkar | 24.990- | **9.900-** |
| Barnaúlpur | 17.990- | **7.900-** |
| Skíðabuxur barna | 13.990- | **6.900-** |
| Skíðaúlpur 2 laga | 29.990- | **14.900-** |
| Skíðabuxur | 22.990- | **9.900-** |
| Soft-shell barnapeysur | 14.990- | **2.900-** |
| Barnagallar | 11.990- | **5.900-** |
| Barnaregnjakkar | 10.990- | **4.900-** |
| Regnbuxur | 12.990- | **4.900-** |
| Soft-shell jakki | 15.990 | **3.900-** |

**OPNUNARTÍMAR**

| | | |
|---|---|---|
| **Fimmtudaginn** | **3. feb.** | **kl. 12-20** |
| **Föstudaginn** | **4. feb.** | **kl. 12-20** |
| **Laugardaginn** | **5. feb.** | **kl. 10-18** |
| **Sunnudaginn** | **6. feb** | **kl. 11-18** |
| **Mánudaginn** | **7. feb.** | **kl. 12-20** |
| **Þriðjudaginn** | **8. feb.** | **kl. 12-20** |



**Lagersala ZO-ON - Nýbýlavegi 18 (Dalbrekku megin) - Kópavogi - www.zo-on.is**

ZO•ON
ICELAND
www.zo-on.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið
DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



NÝTT ÍSLENSKT




GOSVERKSMIÐJAN ★ KLETTUR
www.gosogvatn.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Leikstjórinn hleypur í skarðið

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær er hópur leikara frá Þjóðleikhúsinu nú staddur í París að sýna leikritið Sædýrasafnið. Í þessum hópi er meðal annars **Björn Hlynur Haraldsson**. Hans fjarvera skapar ákveðið vandamál fyrir sýninguna Faust sem nú er sýnd í Borgarleikhúsinu því leikarinn hefur þar stóru hlutverki að gegna. En menn deyja ekki ráðalausir því leikstjóri Faust, Gísli Örn Garðarsson, mun hlaupa í skarðið næstu sex eða sjö sýningar á meðan Björn spókar sig í borg ástarinnar.



### Fjölmiðlakona á forsíðu

Hinni fjölhæfu **Margréti Erlu Maack**, dagskrárgerðarkonu í Kastljósinu, er margt til lista lagt. Meðal annars er hún maga- og Bollywooddansari, uppistandari og plötusnúður. Nú hefur ný rós bæst í hnappagatið en skáldsaga sem kemur út í Ástralíu í apríl mun skarta Margréti sem fyrirsætu á kápu bókarinnar. Heiðurinn að hönnun forsíðunnar á Ólöf Erla Einarsdóttir sem er grafískur hönnuður og samstarfskona Margrétar á RÚV. Bókin nefnist „The Shattered City“ og er í flokki fantasíubókmennta sem njóta mikilla vinsælda um þessar mundir. Þar koma að sjálfsögðu vampýrur og aðrar ævintýraverur við sögu.



- fgg, ab

## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Krefur Agnesi um hærri miskabætur
2. Fékk áfallastreitu eftir að hafa lógað 100 Ólympíuhundum
3. Sektuð fyrir vatnsskemmdir
4. Baulað á borgarstjórann
5. Sigraðist á svínaflensu - dreymdi geimverur í dáinu


Sýnilegt myrkur




★★★★★

„...skyldulesning hverjum þeim sem vill vita hvað fer í gang þegar svartagallið rís yfir mörk í líkama og sál“
Páll Baldvin Baldvinsson, Fréttatíminn.

„Ógurlega fín bók“
Kolbrún Bergþórsdóttir, Kiljan.

Hið íslenska bókmenntafélag

Lokadagar útsölu!

50 - 60%
afsláttur af útsöluvörum

B&S KONUR

B&S Kringlunni 553 4141

nýjar vörur!

40-50%
afsláttur af útsöluvörum

herra GARÐURINN
-klæðir þig vel

KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410

nýjar vörur!

SAND strellson eterna CANALI POLO RALPH LAUREN
FINUCCI POL JEANS CO. bugatti gardeur TINO COSMA BOSS LLOYD

50 - 60%
afsláttur af útsöluvörum

ENGLABÖRNIN
Falleg föt á stelpur og stráka...
Kringlunni sími 552 2201

HUGO BOSS

HUGO BOSS | KRINGLUNNI 533 4242

full búð af nýjum vörum!

BOSS HUGO